allt

Ingólfur Steinsson:

Heldur upp á Höfða

• fasteignir • hús

Í miðju blaðsins ▶

Nýtt félag:

Fórnarlömb fordóma

• hið íslenska tröllavinafélag

SÍÐA 30 ▶

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

24. janúar 2005 – 22. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 visir

MÁNUDAGUR

BRUNAGILDRAN REIST ÁN LEYFIS Brunamálastjóri segir að ef tilskilin leyfi fyrir byggingu atvinnuhúsnæðis á svæði Hringrásar hefðu verið fyrir hendi hefði ekki þurft að fara sem fór. Ef atvinnuhúsnæðið hefði verið byggt eftir venjulegum leiðum hefðu verið gerðar kröfur um að brunavarnir væru í lagi. Lyftarahleðsla hefði verið í sérstöku brunahólfi. **Sjá síðu 2**

SÉRKENNILEG KVEÐJA Dagur B. Eggertsson segir lögnámsbeiðni sem Kópavogsbær hefur sent iðnaðarráðuneytinu um að geta farið með vatnslögn yfir land Reykjavíkur vera ótímabæra. Hann segir ummæli Gunnars I. Birgissonar um borgarfulltrúa R-listans vera sérkennilega kveðju. **Sjá síðu 4**

SÉRSMÍÐUÐU SKIP HJÁ SAMSKIPUM Nýtt Arnarfell var tekið í notkun um helgina og innan tíðar verður systurskipið Helgafell komið í þjónustu félagsins. Samskip leigir skipin en þau eru byggð samkvæmt forskrift félagsins. Skipið getur flutt 908 gáma og mun ellefu manna áhöfn starfa á skipinu, allt Íslendingar. **Sjá síðu 6**

VEÐRIÐ Í DAG

RIGNING EÐA SKÚRIR UM SUNNAN OG VESTANVERT LANDIÐ
Bjart með köflum norðaustan og austan til. Hlýtt í veðri. **Sjá síðu 4**

DAGURINN Í DAG

DAGURINN Í DAG Fundur um málefni Palestínu á vegum Menningar- og friðarsamtaka íslenskra kvenna verður haldinn í Snarrót, Garðastræti 2, klukkan átta í kvöld. Fida Abu Libdeh segir frá veru sinni í Palestínu á síðastliðnu ári. Rætt verður um breytingar á síðustu árum og spáð í hugsanlegar breytingar að nýgengnum kosningum. Aðrir gestir verða mæðgurnar Amal Tamimi og Vala Tamimi.

Kvikmyndir	26	Myndlist	26
Tónlist	26	Íþróttir	20
Leikhús	26	Sjónvarp	28



Kárahnjúkar og Írak á Alþingi

Formenn þingflokkanna segjast eiga von á því að Íraksmálið og Kárahnjúkar verði meðal þeirra mála sem rædd verði í óundirbúnum fyrirspurnum á Alþingi sem kemur saman að nýju í dag eftir jólaleyfi.

STJÓRNMÁL Alþingi kemur saman að nýju í dag eftir jólaleyfi og hefst þingfundur klukkan þrjú með óundirbúnum fyrirspurnum til ráðherra og eru formenn þingflokkanna sammála um að Íraksmálið muni að öllum líkindum koma upp í umræðunni.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, segir að sviptingar í utanríkismálum og vinnumarkaðsmál við Kárahnjúka verði líklega meðal þeirra mála sem upp komi á Alþingi í dag. Hjálmar Árnason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, og Einar K. Guðfinnsson, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, segjast aðspurðir allir eiga von á því að fjallað verði um Íraksmálið í ljósi þess sem fram hefur komið í fjölmiðlum að undanförnu.

Steingrímur J. Sigfússon segist eiga von á líflegum tímum framundan á Alþingi. „Þetta verður að öllum líkindum líflegra þing en maður gæti átt von á í ljósi þess að það er á miðju kjörtímabili. Það ræðst auðvitað af því hvaða mál koma frá ríkisstjórninni en vissulega eru mörg stór mál í umræðunni. Það er ákveðinn óróleiki til staðar og hnökrar í stjórnarsamstarfinu, enda finna allir að það stendur ekki á mjög traustum fótum. Líkurnar á óvæntum tíðindum eru til staðar og skapa vissa spennu," segir Steingrímur.

Þá er búist við því að þingflokkarnir ræði sérstaklega á fundum sínum í dag hvort brotið hafi verið gegn lögum um meðferð trúnaðarupplýsinga í utanríkismálanefnd í kjölfar umfjöllunar Fréttablaðsins um efni funda nefndarinnar í febrúar og mars 2003. Einar K. Guðfinnsson segir augljóst mál að það verði rætt enda hafi utanríkismálanefnd verið kölluð saman til fundar síðar í vikunni til að fjalla um meðferð trúnaðarupplýsinga.

- sda

AP MYND

FYRSTU ÍÞRÓTTALEIKAR ÍSLAMSKRA OG ASÍSKRA KVENNA HEFJAST Íranskar konur gengu í gær í kringum eftirlíkingu af Kaaba, heilögum stað Múslima í Sádi-Arabíu. Þetta var hluti af opnunarhátíð fyrstu íþróttaleika kvenna frá höfuðborgum íslamskra og asískra landa sem haldin er í Teheran í Íran.

Kosningarnar í Danmörku:

Frjálslyndir missa örlítið fylgi

DANMÖRK Stjórnarflokkarnir í Danmörku, Frjálslyndi flokkurinn og Íhaldsflokkurinn, hafa misst örlítið fylgi samkvæmt skoðanakönnun sem gerð var fyrir Jótlandspóstinn og myndu missa eitt þingsæti ef úrslit kosninganna 8. febúrar yrðu þessi. Fylgi þeirra er samt nægjanlegt, með stuðningi Danska þjóðarflokksins og Kristilegra demókrata til að viðhalda stjórnarsamstarfinu.

Frjálslyndi flokkurinn myndi missa tvö þingsæti og fá 55 þingmenn kjörna, en hafa nú 57. Íhaldsflokkurinn stendur í stað með 17 þingsæti. Danski þjóðarflokkurinn myndi bæta við sig einum manni og fá 21 þingmann kjörinn.

Stjórnarandstaðan hefur nú 81 þingsæti og myndi bæta við sig einu til viðbótar samkvæmt þessari könnun. Stjórnarflokkarnir myndu fá 93 þingmenn kjörna. Bæði jafnaðarmenn og Radikal Venstre bæta við sig þingmanni samkvæmt könnuninni.

Jafnaðarmenn vilja nú fá umboðsmann danska þingsins til að athuga hvort embættismaður fjármálaráðuneytisins hafi verið notaður í kosningabaráttunni fyrir Frjálslynda flokkinn og vísa þar til 55 síðna skýrslu sem Anders Fogh Rasmussen vitnaði til í sjónvarpskappræðum við Mogens Lykketoft þann 18. janúar. ■

ÆTTINGJA LEITAÐ Fjöldi manns var viðstaddur vígslu Nafnaveggsins í gær, og leituðu að nafni ættingja sinna sem hurfu í Helförinni.

Helförin:

Minnismerki vígt

PARÍS, AP Franskir eftirlifendur helfararinnar vígðu í gær „Nafnavegg", minnismerki sem nafngreinir 76.000 gyðinga sem fluttir voru frá Frakklandi í síðari heimsstyrjöldinni.

Serge Klarsfeld, einn af tíu sérfræðingum sem tóku listann saman, segir að veggurinn sýni að helförin sé orðin mikilvægur hluti af vitund þjóðarinnar, eins og hún ætti að vera. Veggurinn er staðsettur við inngangin að miðstöð til minningar fórnarlamba helfararinnar, miðsvæðis í Marais hverfinu. Jacques Chirac, forseti Frakklands, mun formlega opna miðstöðina á þriðjudag. Þá mun hann einnig fara til Auschwitz, til að vera viðstaddur minningarathöfn þar sem þess er minnst að sextíu ár eru liðin frá því vinnubúðunum var lokað. ■

HM í Túnis:

Jafnt gegn Tékkum

HANDBOLTI Íslenska landsliðið lék sinn fyrsta leik á heimsmeistaramótinu í handknattleik í Túnis í gær þegar liðið mætti Tékkum. Íslenska liðið byrjaði leikinn skelfilega og var sex mörkum, 20-14, undir í hálfleik. Tékkar juku muninn í byrjun síðari hálfleiks og höfðu níu marka forystu, 29-20, þegar átján mínútur voru til leiksloka. Þá setti íslenska liðið í fluggír og náði að tryggja sér jafntefli, 34-34, með frábærum endaspretti. Ísland leikur gegn Slóvenum á morgun. **Sjá bls. 20-21.**

SPURNING DAGSINS

Guðlaugur, ertu ekki orðinn súr?

„Við getum sagt sem svo að ég er ekki að fara að kaupa mér þorramat á morgun. Mér finnst þorramatur frekar góður en ég hef fengið nóg fyrir þennan þorra. Ég er búinn með kvótann."

Guðlaugur Þór Þórðarson er borgarfulltrúi í Sjálfstæðisflokknum og formaður Fjölnis. Um helgina sótti hann bæði þorrablót hjá flokknum og íþróttafélaginu þar sem mikið af súrum þorramat var á boðstólum.

Verkalýðsmálaráð Samfylkingar:

Deilt um stuðningsyfirlýsingu

FORMANNSKJÖR „Mönnum finnst að Gylfi sé að taka að sér umboð sem hann ekki hefur og það sé ómaklegt," segir Árni Guðmundsson formaður Starfsmannafélags Hafnarfjarðar og félagi í verkalýðsmálaráði Samfylkingarinnar.

Árni ásamt fleirum úr ráðinu sendu frá sér yfirlýsingu þar sem það er áréttað að Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ og félagi í verkalýðsmálaráði, tali ekki fyrir hönd ráðsins en Gylfi hefur lýst því yfir í fjölmiðlum að hann og fleiri forystumenn verkalýðshreyfingarinnar munu líklega styðja Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur í formannskjöri Samfylkingarinnar.

ÁRNI GUÐMUNDSSON
Segir að verkalýðsmálaráð sé ekki réttur vettvangur til að ræða formannskjör.

„Gylfi hefur ekkert umboð nema sem einstaklingur og þó hann sé í verkalýðsmálaráði flokksins er það enginn vettvangur til að ræða formannskjör."

Gylfi Arnbjörnsson furðar sig á yfirlýsingunni og segist ekki hafa verið að tala í nafni verkalýðsmálaráðs."Það er augljóst að það eru rúmlega 30 manns í ráðinu og það hvarflar ekki að mér að það geti einhver einn maður talað í nafni þess," segir Gylfi. „Ég var að tala í eigin nafni og nokkurra sem ég þekki til." **- bs**

Þjófnaður í Keflavík:

Ekki alvarlegt athæfi

ÞJÓFNAÐUR Tilkynnt var um þjófnað á næturklúbbnum Casino í Keflavík klukkan 04.38 aðfaranótt gærdagsins. Klúbburinn var enn þá opinn, en hann er með frjálsan opnunartíma, þegar starfsfólk kom að manni fyrir innan barborðið. Maðurinn var þá búinn að opna peningakassa staðarins og taka úr honum 4.500 krónur. Lögreglan í Keflavík var skjót á staðinn, handtók manninn á staðnum og ræddi aðeins við hann. Maðurinn var síðan sendur til síns heima þar sem athæfi var ekki talið alvarlegt. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

SNJÓFLÓÐ Í ST. ANTON
Leitarmenn notuðust við þjálfaða leitarhunda í von um að finna bandaríska manninn sem talinn er af eftir snjóflóð.

Snjóflóð í Austurríki:

Eins saknað

VÍN, AP Hjálparstarfsmenn í austurrísku Ölpunum héldu áfram leit sinni í gær að bandarískum snjóbrettamanni sem hefur verið saknað síðan snjóflóð féll á St. Antonsvæðið á laugardaginn. Að minnsta kosti þrír létust í snjóflóðinu en allir voru þeir að renna sér utan leiðar í nýföllnum snjó en yfirvöld í Austurríki vilja vara við því athæfi.

Ekki er talið að Bandaríkjamaðurinn sé á lífi en snjóflóðið var á stærð við þrjá fótboltavelli. Annað, jafnvel stærra snjóflóð féll seinna á laugardaginn og varð einum Þjóðverja að bana og slasaði tvo alvarlega. ■

Samfylking:

Vilja friðarákvæði

ALÞINGI Samfylkingin leggur fram lagafrumvarp á Alþingi í dag þar sem lagt er til að í 21. grein stjórnarskrárinnar verði heimild til að lýsa yfir stuðningi eða eiga aðild að stríði bundin við meirihlutasamþykki Alþingis.

„Kveikjan er þær deilur sem hafa staðið um innrásina í Írak," segir Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar. „Þessar deilur sýna að það er ekki nógu sterkt ákvæði í íslenskri löggjöf um stríð og aðild okkar að því," segir hann. **- sda**

Brunagildran reist án leyfis

Ef húsið þar sem eldur varð laus á athafnasvæði Hringrásar hefði verið byggt eftir venjulegum leiðum hefði ekki þurft að fara eins og fór, segir brunamálastjóri. Lyftarahleðsla hefði verið í sérstöku brunahólfi.

HRINGRÁSARBRUNINN Björn Karlsson brunamálastjóri segir að það hefði getað breytt öllu ef tilskilin leyfi hefðu verið fengin til að byggja húsið sem eldurinn kom upp í á svæði Hringrásar í nóvember. Nú fyrir helgi var gefin út skýrsla Brunamálastofnunar vegna brunans á athafnasvæðinu og þar kemur fram að húsið er hvergi skráð.

Lögreglurannsókn leiddi í ljós að eldurinn kviknaði út frá hleðslutæki fyrir lyftara í atvinnuhúsnæði á Hringrásarsvæðinu, rétt við dekkjahaugana. Húsið brann til kaldra kola og langan tíma tók að ráða niðurlögum eldsins í dekkjahaugunum. Björn segir að ef atvinnuhúsnæðið hefði verið byggt eftir venjulegum leiðum hefðu verið gerðar kröfur um að brunavarnir væru í lagi. Þá hefðu teikningar af húsinu verið bornar undir byggingafulltrúa sem aftur hefði lagt þær fyrir eldvarnaeftirlitið. „Það eru ýmsar kröfur settar um hús af þessu tagi. Meðal annars að lyftarahleðsla sé í sérstöku brunahólfi," segir Björn. Slíkt brunahólf er brunahelt herbergi sem getur haldið eldi í sextíu mínútur. Hann segir vel þekkt að eldur kvikni út frá hleðslutæki fyrir lyftara þegar þeir eru hlaðnir yfir nótt.

> **„Húsið er bæði farið og var aldrei til.**

Björn segir lítið hægt að segja til um hvernig brunavarnir í húsinu voru þar sem engin gögn virðast vera til um húsið. „Húsið er bæði farið og var í raun aldrei til. Við vitum ekkert um húsið og getum ekki tjáð okkur um hvort brunavarnirnar hafi verið slæmar eða sæmilegar," segir Björn.

hrs@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BARIST VIÐ ELDINN
Engin gögn fundust um húsið sem eldurinn kom upp í og því erfitt að segja til um hverjar brunavarnirnar voru.

ELFRIEDE JELINEK
Hún vildi frekar taka við Nóbelsverðlaununum við litla athöfn í sænska sendiráðinu í Vín í Austurríki.

Elfriede Jelinek:

Vill ekki á frímerki

VÍN, AP Hinn einræni Nóbelsverðlaunahafi í bókmenntum árið 2004, Elfriede Jelinek, hefur hafnað tilboði austurrísku póstþjónustunnar um að eftirmynd sín verði sett á frímerki. Jelinek finnst óþægileg tilhugsun að hafa sjálfa sig á frímerki en hún mætti ekki á Nóbelsverðlaunaafhendinguna í Stokkhólmi í Svíþjóð 10. desember til að taka við verðlaununum. Jelinek, sem er 57 ára, segist vera haldin félagsfælni en hún var fyrsti Nóbelsverðlaunahafinn til að mæta ekki á afhendinguna síðan Patrick White gerði slíkt hið sama árið 1973. ■

Deilur í Aceh:

Leitað sátta í Finnlandi

JAKARTA, AP Stjórnvöld í Indónesíu og aðskilnaðarsinnar munu hittast í Helsinki, Finnlandi nú í vikunni til að ræða formlegt vopnahlé í Aceh-héraði. Viðræðurnar verða undir forsæti Martti Ahtisaari, fyrrum forseta Finnlands. Hugsanlega verður einnig lagður fram grunnur að því að endurvekja friðarumræður sem fóru út um þúfur fyrir 20 mánuðum síðan.

Aceh-hérað í Indónesíu er eitt af þeim svæðum sem fór hvað verst út úr flóðbylgjunni á annan í jólum. ■

HAGNÝTT TÖLVUNÁM

Stafrænar myndavélar

Vinsælt námskeið um öll helstu grundvallaratriði stafrænna myndavéla og meðferð stafrænna mynda í heimilistölvunni.

Lengd námskeiðsins er 12 kennslustundir.

Innritun og upplýsingar í síma 544 2210

Verð kr. 15.000,-
(Innifalin er ný kennslubók á íslensku).

TÖLVUSKÓLINN
ÞEKKING
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is

Úkraína:

Júsjenkó sver embættiseið

KÆNUGARÐUR, AP Viktor Júsjenkó sór embættiseið sem forseti Úkraínu í gær, eftir tveggja mánaða kosningadeilu. Í ræðu sinni sagði hann að innsetning sín í embætti forseta væri sigur frelsis yfir einræði og nú væri þetta fyrrum sovéska ríki í miðju Evrópu.

Júsjenkó fór með eiðstafinn í þinginu, Verkhovna Rada, með hönd á stjórnarskrá ríkisins og fornri biblíu.

Sumir þingmenn fögnuðu ákaft þegar hann hafði svarið embættiseiðinn, en aðrir stóðu grafkyrrir, án þess að sýna nokkur viðbrögð. Þetta er talið lýsandi fyrir þær deilur sem bíða Júsjenkós sem leiðtoga ríkisins.

Eftir innsetninguna hélt Júsjenkó ræðu á Torgi sjálfstæðisins, þar sem stuðningsmenn höfðu mótmælt vikum síðar. Þar var honum ákaft fagnað af stuðningsmönnum sem höfðu beðið komu hans í miklum kulda í marga klukkutíma. Þar sagði hann að Úkraína ætti að ganga í Evrópusambandið. Hann lofaði að endurreisa landið eftir áralanga spillingu, fátækt og ok, meðal annars með því að verja tjáningarfrelsi í landinu. ■

FARIÐ MEÐ EIÐSTAFINN
Viktor Júsjenkó sagði í ræðu sinni í gær að kosningasigur sinn væri sigur frelsis yfir einræði.

Varst þú að bíða eftir svona korti?

– afslættir fyrir þig sem tryggja lægri kortareikning um hver mánaðamót

EGO kortið *er nýtt, magnað kreditkort. Með EGO kortinu færðu afslætti í* ***fataverslunum, skemmtistöðum, veitingastöðum, EGO bensínstöðvum*** *og ýmsum öðrum þjónustufyrirtækjum.*

Sæktu um EGO kortið fyrir 1. mars á ***www.spron.is*** *eða á* ***www.ego.is*** *og þú gætir unnið* ***lúxusferð til London fyrir 4*** *á* ***Chelsea – Arsenal****, bíómiða, geisladiska eða gjafabréf á veitingahús.*

Fíton/SÍA

Allt um sértilboð og afslætti á www.ego.is

Erluís, Fákafeni

Efnalaugin Hreint og klárt

ego

Nánari upplýsingar í síma ***550-1400***

spron

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 21.01.2005

		KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	USD	62,61	62,91
Sterlingspund	GBP	116,63	117,19
Evra	EUR	81,31	81,77
Dönsk króna	DKK	10,92	10,98
Norsk króna	NOK	9,92	9,98
Sænsk króna	SEK	8,98	9,04
Japanskt jen	JPY	0,6036	0,6072
SDR	XDR	94,89	95,45

Gengisvísitala krónunnar
111,92 +0,09%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Þekkingarsetur Þingeyinga:

Próftaka í héraði

FJARPRÓF Lífleg starfsemi hefur verið í Þekkingarsetrinu á Húsavík að undanförnu að sögn Óla Halldórssonar, forstöðumanns setursins. Tugir nemenda frá Húsavík, sem stunda nám við Háskólann á Akureyri, nota setrið reglulega til náms og margir hafa tekið þar fjarpróf. ÑFjöldi nemenda sem stundar nám á háskólastigi við íslenska skóla þreytti hér fjarpróf í desember og janúar auk eins nemanda sem stundar nám í arkitektúr við spænskan háskóla,ì sagði Óli.

Arkitektaneminn heitir Agnes Ýr Guðmundsdóttir og stundar nám við Universitat Politécnica de Catalunya í Barcelóna. „Kennarar hennar töluðu litla ensku og því fóru tölvusamskipti okkar við þá að miklu leyti fram á spænsku og katalónsku og því er ekki að neita að á köflum voru samskiptin brosleg. Allt gekk þó vel að lokum," sagði Óli.

Þekkingarsetrið er í 300 fermetra húsnæði og að sögn Óla er þar góð aðstaða til náms og próftöku, auk þess sem þar er lítil rannsóknastofa fyrir líffræðirannsóknir. **- kk**



FRÉTTABLAÐIÐ/AB

ÓLI HALLDÓRSSON, FORSTÖÐUMAÐUR ÞEKKINGARSETURSINS
Setrið hóf starfsemi í bráðabirgðahúsnæði haustið 2003 en flutti s.l. sumar í núverandi húsnæði.

Þyrluslys í Bretlandi:

Fjórir létust

LONDON, AP Flugmaður og þrír áhafnarmeðlimir létust þegar einkaþyrla hrapaði í vesturhluta Englands á laugardaginn.

Tilkynnt var um hvarf þyrlunnar á laugardagseftirmiðdegi þegar hún lenti ekki í Exeter í Suðvestur Englandi eins og búist var við. Eftir nokkra leit fundu lögreglumenn þyrluna og þá látnu nálægt Wellington snemma í gærmorgun.

Sá yngsti þeirra sem voru um borð í þyrlunni var fimmtán ára strákur. Aðrir þeir sem létust í slysinu voru þrír karlmenn. Þeir sem létust voru allir frá Gloucestersskíri. Enn er verið að rannsaka tildrög slyssins. ■

Írak:

Sjúkrahús brann

NASIRIYAH, AP Eldur kviknaði í sjúkrahúsi í Nasiriyah, suðurhluta Íraks í gær með þeim afleiðingum að 14 manns eru taldir af og 75 slösuðust. Talið er að kviknað hafi í vegna rafmagnsbilunar, en enn er verið að rannsaka eldsupptök.

Ítalskir hermenn voru kallaðir á staðinn til að slökkva eldinn, og tók slökkvistarf um fjóra tíma. Stærstur hluti byggingarinnar er ónýtur.

Um 3000 ítalskir hermenn eru staddir í Nasiriyah. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

ÖLVUNARAKSTUR Einn ökumaður var tekinn grunaður um ölvunarakstur í umdæmi lögreglunnar á Akranesi aðfaranótt gærdagsins.

KEYRT Á HREINDÝR Ökumaður keyrði á hreindýr í gærmorgun rétt fyrir utan Höfn. Ökumaður tilkynnti ekki um óhappið og lét sig hverfa að sögn lögreglunnar á Höfn en hreindýrið drapst og var urðað.

ÖLVUN OG HÁVAÐI Nokkur ölvun var í miðbæ Keflavíkur aðfaranótt gærdagsins. Einn gisti fangageymslu lögreglunnar í Keflavík en hann var tekinn sofandi á Kirkjuvegi. Einnig bárust lögreglu þrjú hávaðaútköll í heimahúsum.

UMFERÐARBROT Einn ökumaður var tekinn fyrir ölvunarakstur aðfaranótt gærdagsins í umdæmi lögreglunnar í Keflavík. Einnig voru tveir kærðir fyrir hraðakstur; annar á Reykjanesbraut og hinn á Njarðarbraut. Enn fremur var einn kærður fyrir að brjóta bann við framúrakstri og einn fyrir vanbúnað á bifreið.

RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR
Vafi leikur á eignarhaldi við Vatnsendakrika en Reykjavíkurborg kveðst hafa tekið landið eignarnámi árið 1949 og greitt bætur fyrir og eigi því tilkall til landsins. Því vill Kópavogsbær ekki una.

Sérkennilegar kveðjur

Formaður skipulagsráðs Reykjavíkur segir lögnámsbeiðni Kópavogs vera ótímabæra og ummæli Gunnars I. Birgissonar sérkennilega kveðju. Bæjarráðsmaður í Kópavogi segir ummæli Gunnars fordómafull og afturhaldssöm.

DEILA „Ég veit ekki betur en það standi fyrir dyrum fundur borgarstjóra með bæjarstjóra í Kópavogi þar sem þetta mál verður rætt og mér finnst þetta sérkennilegar kveðjur fyrir þann fund," segir segir Dagur B. Eggertsson, formaður Skipulagsráðs Reykjavíkur, um þann gjörning Kópavogsbæjar að senda iðnaðarráðuneytinu lögnámsbeiðni til að geta farið með vatnslögn frá borholum í Vatnsendakrikum yfir land Reykjavíkurborgar.

Dagur segir að málið sé í faglegu ferli innan óbyggðanefndar þar sem allir málsaðilar gátu lagt fram gögn sín og kröfur. „Þangað til nefndin fellir úrskurð sinn eru svona kröfur ótímabærar."

Gunnar I. Birgisson, formaður bæjarráðs Kópavogs, hefur ekki vandað borgarfulltrúum Reykjavíkurlistans kveðjurnar vegna málsins og sagði meðal annars í viðtali við blaðið í gær að þeir þurfi að

DAGUR B. EGGERTSSON

FLOSI EIRÍKSSON

leita sér sálfræðiaðstoðar vegna minnimáttarkenndar gagnvart Kópavogi. Dagur segir að það sé þekkt að innbæld reiði geti brotist út á ýmsan hátt, þar á meðal gífuryrðum en í þessu máli hafi stóru orðin ekki fallið af hálfu Reykjavíkurborgar.

Þá telur Dagur að Gunnar sé að beina sjónum frá forsögu málsins sem sé sú að Kópavogsbúum hafi á sínum tíma verið boðið ódýrt og gott vatn frá Orkuveitu Reykjavíkur. Gunnar hafi ekki viljað una því og áfrýjað málinu í tvígang til sérstakrar matsnefndar sem leiddi til verðhækkunar í bæði skiptin. „Það er því rétt hjá honum að Kópavogsbúar eru að greiða meira fyrir vatnið en ástæða er til en það er út af hans eigin þrákelkni og óþarfa tortryggni gagnvart Orkuveitunni," segir Dagur.

Flosi Eiríksson, bæjarráðsmaður í Kópavogi, segir að innan bæjarráðs Kópavogs séu allir sammála um að Vatnsendakriki sé í eigu bæjarins og málið heyri ekki undir kröfulýsingu óbyggðanefndar sem eigi því ekki að fjalla um málið. Hann segir hins vegar að málflutningur Gunnars I. Birgissonar séu Kópavogsbúum ekki til framdráttar og málið eigi að leysa í samvinnu við Reykjavíkurborg. „Þessi fordómafullu og afturhaldssömu ummæli Gunnars eru honum ekki til sóma," segir Flosi.

bergsteinn@frettabladid.is

LYKLAR AFHENTIR
Hans Sigfússon hefur ekið vagninum frá því hann kom til Norðfjarðar og hefur verið opinber strætóbílstjóri hjá Síldarvinnslunni í rétta þrjá áratugi.

Strætóminjasafn:

Strætisvagn á krónu

STRÆTÓ Hópur áhugamanna um stofnun strætóminjasafns hefur gengið frá kaupum á strætó sem lengi hefur verið í eigu Síldarvinnslunnar í Neskaupstað. Kaupverð vagnsins var ein króna en hann var fyrsti sjálfskipti billinn sem Strætisvagnar Reykjavíkur eignuðust á sínum tíma. Vagninn var tekinn í notkun árið 1973 og hóf feril sinn á leið 2 í Reykjavík.

Strætisvagninn kom til Norðfjarðar í nóvember 1993 og hefur verið í notkun hjá Síldarvinnslunni síðan og verið notaður til að ferja starfsfólkið utan úr bæ í Neskaupstað og inn í bræðslu og fiskiðjuver SVN. **- kk**

Norðfjörður:

Mikil skipaumferð

NESKAUPSTAÐUR Frá áramótum hefur verið mikil umferð um Norðfjörð. Á firðinum hafa legið bæði íslensk og erlend síldar- og loðnuskip og unnið aflann um borð. Mörg skip hafa komið og landað loðnu og hafa þurft að bíða eftir löndun.

Fyrstu tíu vinnudagana í janúar komu fimmtán fraktskip til hafnar á Norðfirði, ekkert þeirra var íslenskt. Þessi skip voru fyrst og fremst að lesta frosnar afurðir, síld og loðnu. Meðal þessara skipa voru tvö olíuskip og eitt lýsisskip. ■

Veðrið

LEIÐINDA VINDUR Á LEIÐ YFIR LANDIÐ

Þá hlýnaði loksins og sér ekki fyrir endann á. Sumir gleðjast aðrir ergjast enda mannfólkið jafn misjafnt og það er margt. Suðlægar áttir einkenna veðurlagið næstu daga með vætu vestan til en þurru veðri fyrir austan. Dagurinn í dag sem og kvöldið og nóttin, verða einna vindasömust í þessari hlýindalotu en næstu dagar verða skaplegri. Í svona hlákutíð þarf að huga að niðurföllum svo ekki sé talað um sjálfa hálkuna!!

Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

Í dag



Á morgun



Víðast nokkur vindur.

Miðvikudagur



Víðast nokkur vindur.

Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	2°C	skýjað	Frankfurt	1°C	alskýjað	Torrevieja	16°C	léttskýjað
Osló	-2°C	léttskýjað	Prag	0°C	alskýjað	Róm	11°C	léttskýjað
London	4°C	skýjað	Amsterdam	5°C	skýjað	New York	-4°C	snjókoma
París	4°C	skýjað	Varsjá	0°C	skýjað	Miami	18°C	heiðskírt

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Við sameinumst
um enn betri þjónustu

Útibú Landsbankans í Lágmúla 9 og að Laugavegi 77 hafa sameinast í stærra, öflugra og glæsilegra útibú á Laugavegi 77

Húsnæði útibúsins á Laugavegi hefur verið endurnýjað frá grunni. Við hönnun og skiplagningu hins nýja, sameinaða útibús var lögð meginánhersla á að húsnæðið hentaði vel til persónulegrar fjármálaþjónustu og endurbætur fela í sér ýmsar nýjungar sem þjóna þessu markmiði. Við erum því enn betur í stakk búin til að bjóða viðskiptavinum bankans, einstaklingum og fyrirtækjum, faglega ráðgjöf og persónulega þjónustu á öllum sviðum fjármála.

Verið velkomin í útibúið á Laugavegi 77. Njótið nútíma bankaþjónustu eins og hún gerist best.

Alltaf heitt á könnunni.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 27077 01/2005

410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

KJÖRKASSINN

Tókstu þátt í að velja kynþokkafyllsta mann ársins á Rás 2?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	2.53%
Nei	97.47%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefurðu farið á skíði á árinu?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Þvottahúsið:

Útrás fyrir ævintýraþörfina

KÁRAHNJÚKAR Íslendingar eru hæstánægðir og láta vel af sér í starfi hjá Impregilo á Kárahnjúkum. Jóna Lilja Pétursdóttir er ein þeirra en hún er fyrrverandi sundlaugarstarfsmaður í Kópavogi.

Jóna Lilja starfar í þvottahúsi Impregilo og hefur unnið þar nú í nokkra mánuði. Í þvottahúsinu starfa nokkrar konur af ýmsu þjóðerni. Þegar Fréttablaðið var í heimsókn voru þær bara þrjár, enda starfsemin bara að komast í gang eftir jólin, en oftast eru þær fleiri.

Í þvottahúsinu er allur persónulegur þvottur starfsmanna þveginn einu sinni í viku og gengið frá honum, straujuðum og samanbrotnum. Jóna Lilja lætur vel af starfinu. Hún hafi komið þarna til starfa af tilviljun í gegnum vinkonu sem hafi haft milligöngu um starfið, hún hafi slegið til í gríni og sé alls ekki eftir því.

Einn af stóru kostunum við Kárahnjúka segir Jóna Lilja sé til dæmis að ekki er hægt að eyða peningum eins og í bænum. Samfélagið þarna og vinnan sé líka ágætis útrás fyrir ævintýraþörfina.

- ghs

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

JÓNA LILJA PÉTURSDÓTTIR
Jóna Lilja vinnur í þvottahúsi Impregilo á Kárahnjúkum og sér ásamt öðrum konum um að þvo einn umgang af öllum starfsmönnunum einu sinni í viku.

Kína:

Tíbetar eiga að hlýða

SINGAPÚR, AP Kínverskir embættismenn krefjast þess að tíbetskir trúarleiðtogar sýni kínverskum yfirvöldum meiri hlýðni. Trúarleiðtogunum hefur verið hótað refsingum ef þeir sýna ekki meiri stuðning en verið hefur við stefnu Kínverja gagnvart Dalaí Lama, hinum útlæga trúarleiðtoga Tíbeta. Hann hefur verið í útlegð frá Tíbet um áratugabil

Um tuttugu tíbetskum trúarleiðtogum var tilkynnt þetta á fundi með kínverskum embættismönnum, sem haldinn var í Xining í Tíbet í nóvember síðastliðnum. ■

Veður á þorranum:

Vorið lofar ekki góðu

VEÐUR „Það er engin sérstök hjátrú um veðrið á bóndadeginum sjálfum en það er sagt að ef þorrinn er þurr og góa vindasöm þá mun vorið verða gott," segir Aðalheiður Hallgrímsdóttir hjá veðurklúbbnum í Dalbæ á Dalvík.

„Það er meira að segja til vísa um hjátrúna sem hljómar eitthvað á þessa leið: Þurr skyldi þorri, þeysin góa og votur einmánuður. Þá mun vel vora. En við spáum ekki þurrum þorra og við höldum að það verði áfram umhleypingar. Það er víst spáð vetri fram í apríl," segir Aðalheiður. ■

Flóðbylgjan:

Bjargað eftir 25 daga

ANDAMAN, AP Michael Mangal var bjargað af örlítilli eyju í Indlandshafi á föstudaginn. Hann hafði verið þar einn í 25 daga, eða allt frá því flóðbylgjan mikla reið yfir á annan dag jóla.

Maðurinn stóð á nærfötunum einum saman en veifaði fána sem hann hafði búið til úr fötum sínum.

Honum hafði skolað út af eyjunni í fyrstu flóðbylgjunni, en í næstu flóðbylgju, sem var enn stærri, skolaði honum aftur á land. Allir aðrir íbúar eyjunnar fórust. ■

Fyrstu sérsmíðuðu skipin hjá Samskipum

Nýtt Arnarfell var tekið í notkun um helgina og innan tíðar verður systurskipið Helgafell komið í þjónustu félagsins. Samskip leigir skipin en þau eru byggð samkvæmt forskrift félagsins.

ARNARFELL Nýtt ellefu þúsund tonna flutningaskip Samskipa, Arnarfell, var vígt í Hamborg. Skipið getur flutt 908 gáma og mun ellefu manna áhöfn starfa á skipinu, allt Íslendingar.

Skipið er skráð í Færeyjum og verður notað í áætlunarsiglingum milli Íslands og Evrópu. Að sögn forsvarsmanna Samskipa er rekstur skipsins miklum mun ódýrari ef það er skráð þar heldur en hér á landi.

Arnarfellið, sem var tekið í notkun í gær, er systurskip Helgafells, sem verið er að leggja lokahönd á í skipasmíðastöðinni J. J. Sietas í Hamborg. Áætlað er að Helgafellið verði afhent Samskipum í lok febrúar. Byggingarkostnaður skipanna er alls um 3,4 milljarðar króna. Skipin eru þau fyrstu sem Samskip lætur smíða sérstaklega. Smíði skipanna hefur tekið minna en eitt ár en þau eru í eigu skipasmíðastöðvarinnar. Samskip leigir skipin til sjö ára en hefur að þeim tíma loknum rétt til þess að kaupa þau.

Ólafur segir það vera stefnu hjá Samskipum að félagið sjálft eigi ekki tækjakostinn. „Við erum ekki að fjárfesta í stáli og steypu heldur snýst okkar starfsemi um að skipuleggja nýtingu tækjanna," segir hann Hann segir að Samskip hafi þann háttinn á að útbúa þarfalýsingu og senda skipasmíðastöðvum með ósk um verðhugmyndir. „Meðal þeirra krafna sem við gerum snúa að stærðinni svo skipin geti athafnað sig í höfninni í Vestmannaeyjum. Við erum einnig með kröfur sem varða varnir fyrir farminn gagnvart því sjólagi sem skipin starfa í.," segir hann.

Arnarfell og Helgafell taka við af skipum með sama nafni sem að sögn Ólafs voru orðin of lítil. Nýju skipin flytja tvö hundruð fleiri gáma en þau gömlu.

thkjart@frettabladid.is

MYND/HREINN M

INGIBJÖRG MUNDAR FLÖSKUNA
Það er sagt boða ógæfu ef ekki tekst að brjóta kampavínsflöskuna við vígslu nýs skips. Á því var engin hætta við vígslu Arnarfellsins í Hamborg. Ingibjörg Kristjánsdóttir bar sig að eins og stórskytta úr handbolta við hlið forstjóra skipasmíðastöðvarinnar, Hrinrich J. Sietas.

Landsbanki:

Múlaútibú flytur

BANKAR Múlaútibú Landsbankans hefur nú verið sameinað Austurbæjarútibúi á Laugavegi 77. Þetta eru nokkrar breytingar fyrir Múlaútibú, en starfsemi þess hefur verið með svipuðu sniði í rúm 36 ár.

Sameinað útibú er næststærsta útibú bankans í útlánum talið og er stór hluti útibúsins ætlaður þjónustufulltrúum. Einnig verður sú breyting gerð að tekin verða í notkun gjaldfrjáls bílastæði fyrir viðskiptavini bankans á bak við húsið að Laugavegi 77. Breytingin er liður í endurskipulagningu útibúakerfis Landsbankans sem hefur staðið yfir í á annað ár. ■

TEKIÐ UPP ÚR KÖSSUM.

Konungsfjölskyldan í Svíþjóð:

Nýtur meiri stuðnings

SVÍÞJÓÐ Stuðningur Svía við konungsfjölskylduna hefur aukist úr 70 prósentum í 80 prósent eftir að Karl Gústaf konungur hafði sig mjög í frammi við að hughreysta þjóðina í kjölfar hamfaranna í Asíu nýverið.

Samkvæmt skoðanakönnun, sem birtist í sænska dagblaðinu Dagens Nyheter, vilja 80 prósent Svía að landið verði áfram konungsríki, en sextán prósent vilja að Svíþjóð verði lýðveldi.

Undanfarna þrjá áratugi hefur stuðningur við konungsfjölskylduna jafnan mælst um það bil 70 prósent í skoðanakönnunum. ■

Kosningarnar í Írak:

Reynt að efla öryggi

BAGDAD, AP Falah al-Naqib, innanríkisráðherra Íraks, segir öryggismál landsins vera í nógu góðu horfi til þess að hægt verði að halda kosningar í landinu í lok mánaðarins.

Hann kynnti nýjar öryggisráðstafanir, sem fela í sér að alþjóðaflugvöllurinn í Bagdad verður lokaður dagana 29. og 30. janúar. Einnig verður í gildi útgöngubann víða um landið að næturlagi í þrjá daga í kringum kosningarnar, sem fram eiga að fara 30. janúar.

Í gær skýrðu uppreisnarmenn í Írak jafnframt frá því að þeir hafi tekið af lífi fimmtán íraska þjóðvarðliða fyrir að hafa starfað með bandaríska herliðinu.

Á hinn bóginn sögðust uppreisnarmenn ætla að sleppa úr haldi átta Kínverjum, sem hafa verið í gíslingu síðan á þriðjudag.

Utan Íraks eru búsettar um það bil 1,2 milljónir Íraka, en einungis tíundi hluti þeirra hefur haft fyrir því að láta skrá sig til utankjörstaðaatkvæðagreiðslu. Þeirri skráningu átti að ljúka í dag, en hefur verið framlengd fram á þriðjudag vegna þessarar dræmu þátttöku. ■

BANDARÍSKUR HERMAÐUR
Írösk kona og tvær stúlkur fylgdust með bandarískum hermanni í Mosul í gær.

Syrgjendur votta Zhao Ziang virðingu sína:

Nöfn allra skráð niður

BEIJING, AP Kínversk stjórnvöld skrá hjá sér nöfn allra þeirra, sem leggja leið sína að minningarstað um Zhao Ziyang, sem komið hefur verið upp á heimili hans í Peking.

Zhao, sem var fyrrverandi leiðtogi Kínverska Kommúnistaflokksins, var 85 ára þegar hann lést nú í vikunni, fimmtán árum eftir að hafa verið rekinn úr flokknum fyrir stuðning sinn við mótmæli lýðræðissinna á Tiananmen-torgi árið 1989.

Nokkur straumur syrgjenda hefur verið til heimilis hans undanfarna daga.

„Fólki er fylgt inn á lítið kaffihús til að skrá niður nöfn þeirra áður en þeim er hleypt inn," sagði ættingi Zhaos í símaskilaboðum til AP-fréttastofunnar. ■

Það fá allir námsmannavexti af tölvulánum hjá S24

Aðeins 9,0% vextir

EINN TVEIR OG FRÍR 312.05e

Hagstætt tölvulán fyrir ~~námsmenn~~ alla

- Betri vextir, aðeins 9,0%*
- Ekkert lántökugjald
- Lán til allt að 48 mánaða (4 ár)
- Léttari greiðslubyrði
- Þú þarft ekki að byrja að borga af tölvunni fyrr en eftir 3 mánuði, þú ræður
- Engin lágmarksupphæð
- Tilboðið gildir til 15. febrúar 2005
- Hagstæð tölvutilboð!

hp invent

Vertu viss um að þú sért að hagnast á þínum bankaviðskiptum...

S24 ...og þú hagnast

Sæktu um kort... **WWW.s24.is** Sími 533 2424 – Kringlan

*M.v. vaxtatöflu og gjaldskrá S24 11.12. 2004.
M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.

S24 er sjálfstæð rekstrareining innan Sparisjóðs Hafnarfjarðar

10 miðaeigendur
fá milljón á þriðjudag

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

Hlýindaskeið um allt land:

Ekki hætta á flóðum í Reykjavík

VEÐUR Talsvert frost hefur verið á landinu það sem af er vetri en á næstunni er spáð hlýindum um allt land. Í Reykjavík mun hitinn vera frá fimm og upp í átta til níu stig þegar best lætur. Á föstudag er búist við kuldakafla í smá tíma en síðan heldur hlýindaskeiðið áfram samkvæmt spám Veðurstofu Íslands. Einnig verður hlýtt á landsbyggðinni en mest þó á Norðausturlandi en þar fer hitinn upp fyrir tíu stig.

„Ég held að það sé ekki mikil hætta á flóðum hér í Reykjavík. Það er aðallega ef hlýnar mikið og rignir í þokkabót en við því er ekki búist. En við erum við því búnir að opna niðurföll og vitum að hættan er til staðar," segir Guðbjartur Sigfússon, verkfræðingur og staðgengill Sigurðar Skarphéðinssonar, gatnamálastjóra í Reykjavík.

Guðbjartur vill brýna fyrir fólki að passa sín eigin niðurföll og kjallaratröppur því oft vill flæða inn. Annars er Guðbjartur ekki mjög áhyggjufullur. „Ástandið gæti verið mun verra en þetta og við ættum að njóta þessa góða veðurs sem leikur við okkur þessa dagana." **- lkg**

VETUR
Mikið frost hefur verið um allt land það sem af er vetri en nú er hlýindaskeið framundan.

Súr hvalur
Harðfiskur að vestan
og hákarl frá Bjarnarhöfn
Stór humar
og risarækjur
opið laugardaga frá 10-14.30
Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

Lagasetning vofir yfir matvælafyrirtækjum

Evrópusambandið vill að matvælafyrirtæki hætti að beina auglýsingum um óhollan mat til barna. Sambandið ætlar að setja lög verði fyrirtækin ekki við kröfum þess. Um 25 prósent barna innan Evrópusambandsins eru of feit.

BRETLAND Evrópusambandið þrýstir nú á matvælafyrirtæki að hætta að beina auglýsingum um skyndibita og aðra óhollustu til barna. Einnig vill sambandið að merkingar á matvælum verði skýrari þannig að það þurfi ekki doktorspróf í efnafræði til að skilja þær, eins og Markos Kyprianou, yfirmaður heilbrigðis- og neytendamála hjá Evrópusambandinu, komst að orði. Fréttastofa BBC greinir frá þessu.

Kyprianou segir að ef matvælafyrirtæki verði ekki við þessum kröfum muni Evrópusambandið setja lög sem tryggi að kröfurnar verði uppfylltar. Sérfræðingar telja nú að um 25 prósent barna innan Evrópusambandsins eigi við offituvandamál að stríða. Kyprianou segir að þar til nýlega hafi Evrópubúar litið á offitu sem vandamál Bandaríkjamanna.

„Við gerðum alltaf hálfgert grín að Bandaríkjamönnum," segir hann. „Núna er offita hins vegar orðin evrópskt vandamál og við því þurfum við að bregðast."

Forsvarsmenn Evrópusambandsins og matvælafyrirtækja hafa fundað óformlega um málið í nokkra mánuði. Kyprianou segir að í mars muni hann leggja fram áætlun fyrir áframhaldandi viðræður. Viðbrögð matvælafyrirtækjanna hafi verið mjög góð fram að þessu.

Matvælafyrirtæki í Bandaríkjunum hafa þegar látið undan þrýstingi þarlendra yfirvalda. Fyrirtæki hafa tekið ákveðnar auglýsingar úr umferð eða breytt þeim þannig að þær veki síður áhuga barna. Sem dæmi hefur Kraftfyrirtækið dregið úr auglýsingum fyrir Oreo-kex og gert merkingar hollari matvæla skýrari.

Stjórnvöld víða um Evrópu hafa lýst miklum áhyggjum vegna offituvandamálsins. Áhyggjurnar hafa einnig gert vart við sig hérlendis.

Skammt er síðan nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar lögðu fram þingsályktunartillögu um takmörkun auglýsinga á óhollri matvöru þar sem fela á heilbrigðisráðherra að ná samstöðu með framleiðendum og innflytjendum um að slíkar vörur séu ekki auglýstar í sjónvarpi fyrr en eftir klukkan níu á kvöldin.

trausti@frettabladid.is

HAMBORGARI Evrópusambandið telur skyndibita eins og hamborgara eina helstu ástæðuna fyrir því að feitum börnum í Evrópu fjölgar.

Prófaðu
Nicorette
Freshmint

nicorette®

Fimm ára verkefni félagsmálaráðherra :

Staða eldra fólks á vinnumarkaði styrkt

ATVINNUMÁL Árni Magnússon félagsmálaráðherra vill að hafið verði sérstakt fimm ára verkefni til að styrkja stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði. Hefur nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins lagt það til við stjórnvöld að slíku verkefni verði hrundið úr vör.

Nefndin hefur fjallað um stöðu ofangreindra aldurshópa á vinnumarkaði og sett fram tillögur um hvernig styrkja megi stöðu þeirra og hvernig opinberir aðilar geti brugðist við.

Nefndin er sammála um að aðgerða sé þörf í þessum efnum. Tryggja þurfi að málefnum þessa hóps verði sinnt sérstaklega á komandi árum, auk þess sem athygli verði vakin á verkefninu. Því verði sérstaklega ætlað að skapa jákvæða umræðu um þessa aldurshópa á vinnumarkaði, bæta ímynd þeirra og skapa farveg fyrir nauðsynlega viðhorfsbreytingu meðal aðila vinnumarkaðarins og þjóðfélagsins í heild.

FIMM ÁRA VERKEFNI
Árni Magnússon félagsmálaráðherra kynnti tillögur nefndar á vegum ráðuneytisins um styrkari stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði. Með ráðherra á myndinni eru Elín R. Líndal formaður nefndarinnar og Sigurjón Örn Þórsson aðstoðarmaður ráðherra.

Nefndin leggur til að fimm ára verkefnið hefjist með skipun sjö manna verkefnisstjórnar, sem komi nauðsynlegum ábendingum á framfæri við félagsmálaráðherra og vinni sérstaklega að fræðslustarfi, rannsóknum og áhrifum á viðhorf til miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði.

- jss

HUNDRUÐ VÖRUTEGUNDA MEÐ ROSALEGUM AFSLÆTTI

BÍLGRÆJUR OG HÁTALARAR
ALLT AÐ 50% AFSL.

DVD SPILARAR MIKIÐ ÚRVAL
VERÐ FRÁ KR. 5.990

JVC STAFRÆNAR TÖKUVÉLAR
FLOTTUR AFSLÁTTUR

MIKIÐ ÚRVAL SJÓNVARPA Á FRÁBÆRU VERÐI
BETRI VERÐ

ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR
ALLT AÐ 40% AFSL.

ÚTSALA

40%
CD FERÐASPILARI
VERÐ ÁÐUR kr. 4.990
TILBOÐ kr. 2.990
AFSLÁTTUR kr. 2.000
UNITED MEÐ HRISTIVÖRN

25%
FERÐATÆKI MEÐ CD
VERÐ ÁÐUR kr. 3.990
TILBOÐ kr. 2.990
AFSLÁTTUR kr. 1.000
UNITED

20%
SAMSTÆÐA
VERÐ ÁÐUR kr. 9.990
TILBOÐ kr. 7.990
AFSLÁTTUR kr. 2.000
UNITED Með geislaspilara, útvarpi með stöðvaminnum og segulbandi.

32%
21“ SJÓNVARP
VERÐ ÁÐUR kr. 24.990
TILBOÐ kr. 16.990
AFSLÁTTUR kr. 8.000
GRUNDIG

25%
HEIMABÍÓ
VERÐ ÁÐUR kr. 19.990
TILBOÐ kr. 14.990
AFSLÁTTUR kr. 5.000
UNITED

33%
26“ LCD SJÓNVARP
VERÐ ÁÐUR kr. 299.990
TILBOÐ kr. 199.990
AFSLÁTTUR kr. 100.000
JVC

Stafrænar myndavélar með allt að 50% afslætti
KONICA MINOLTA
OLYMPUS

RAFTÆKI Á ÓTRÚLEGU VERÐI!

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

Skjávarpar með allt að 85.000 kr. afslætti!

Örþunn LCD sjónvörp með miklum afslætti!

TAKMARKAÐ MAGN ▶ FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2004

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SJÁIÐ TILBOÐIN Á HEIMASÍÐUNNI WWW.SM.IS

Drögum

Já

Nei

„Áttu miða?"

Þú átt möguleika á að komast í sístækkandi hóp milljónamæringa hjá Happdrætti Háskólans. Á síðasta ári voru 224 miðar dregnir út með vinning sem var milljón eða meira og ríflega 780 milljónir voru greiddar út til miðaeiganda. Hringdu núna í síma 800 6611 og þú gætir átt von á símtali frá okkur því við fylgjumst með miðanum fyrir þig og látum þig vita þegar þú vinnur.

Tryggðu þér miða á www.hhi.is eða í síma 800 6611.

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

GOTT FÓLK McCANN

HÆSTIRÉTTUR SENDIR DÓTTURINA TIL MÓÐUR SEM ER SÖGÐ LEMJA HANA

Félagsmálaráðuneytið íhugar breytingar:

Einnota atvinnuleyfi til skoðunar

ATVINNUMÁL Ný tegund atvinnuleyfa er nú til athugunar í félagsmálaráðuneytinu, að sögn Árna Magnússonar ráðherra þar á bæ.

„Þessi tegund atvinnuleyfa hefur í för með sér minni réttindaáherslu heldur en hefur verið," sagði félagsmálaráðherra. „Það gæti komið til greina að þau yrðu einskorðuð við ákveðin verkefni."

Árni sagði að í nágrannalöndunum væru gefnar út miklu fleiri tegundir atvinnuleyfa heldur en hér. Í Noregi hefðu verið gefin út um það bil 27.000 atvinnuleyfi á síðasta ári. Aðeins 580 af þeim hefðu falið í sér réttindaáherslu og gefið réttindi til þess að setjast að sem fullgildur þegn í landinu eftir ákveðinn tíma.

„Hjá okkur háttar því þannig til, að á fimm árum hafa handhafar atvinnuleyfis hér öðlast allan rétt til sömu hluta og aðrir þjóðfélagsþegnar, svo sem til heilbrigðis- og félagsmálaþjónustu. Í ljósi þess að það er óvenju mikil þörf fyrir erlent vinnuafl er verið að athuga hvort ekki sé ástæða til að gefa út atvinnuleyfi sem eru takmarkaðri. Mér finnst það koma vel til greina." - jss

ÁRNI MAGNÚSSON
Félagsmálaráðherra telur það vel koma til greina að gefa út takmarkaðri atvinnuleyfi heldur en áður.

BANDARÍKIN

20 ÁRA MORÐGÁTA 76 ára bandarískur karlmaður á yfir höfði sér ákæru fyrir morð sem var framið árið 1984. Það ár fannst lík konu sem hafði verið kyrkt en ekki tókst að bera kennsl á líkið fyrr en nítján árum síðar, eða árið 2003. Þegar það hafði loks verið gert tókst lögreglu að hafa uppi á manninum sem síðast sást með henni og var hann tekinn til yfirheyrslu. DNA-próf leiddi í ljós að hár sem fannst hjá líkama hennar var af honum.

Cheeriosið lækkar líka

Neytendur verða lítið varir við lægra gengi dollarans í matarinnkaupum enda skipta bandarískar matvörur litlu máli í innkaupum.

NEYTENDAMÁL Lítið er flutt inn af matvöru frá Bandaríkjunum jafn hagstætt og það er nú þegar gengi dollarans er lágt en forsvarsmenn matvöruverslana segja að verðið á þessari matvöru lækki og hækki í samræmi við gengi dollarans. Það virðist nokkurn veginn rétt miðað við meðfylgjandi graf. Þannig hefur verð á Cheeriosi lækkað verulega miðað við í júlí 2001 þegar dollarinn var yfir 100 krónur.

CHEERIOS
Hefur lækkað í verði síðustu ár. Verðið var hæst þegar gengi dollarans var hæst.

Jón Björnsson, forstjóri Haga, segir að verðið á bandarískri matvöru endurspegli gengi dollarans. Hjá Högum eru Cheerios og Cocoa Puffs frá General Mills, vörur frá Hunt's og Orville-poppkorn helstu vörurnar frá Bandaríkjunum. Aðrar bandarískar vörur eru fluttar inn frá öðrum Evrópuríkjum, aðallega Bretlandi og Danmörku en bandarískar matvörur eru innan við tvö prósent af heildarmatvöruneyslu Íslendinga miðað við sölutölur Haga.

Það er neytendum í hag að kaupa sem mest inn frá Bandaríkjunum þegar gengi dollarans er lágt og segir Jón að innkaupin séu stöðugt í endurskoðun. „Menn munu að sjálfsögðu skoða hvort þeir geti keypt eitthvað inn frá Bandaríkjunum en það eru hærri tollar á þessum vörum og það hefur líka áhrif. Við erum alltaf að endurskoða þessi mál og erum t.d. að skoða núna hvort við getum keypt inn leikföng frá Bandaríkjunum," segir Jón.

Eysteinn Helgason, framkvæmdastjóri hjá Kaupási, segir að útsöluverð á bandarískri matvöru hafi lækkað um 8-12 prósent á einu ári og verðið hjá birgjum hafi lækkað svipað eða jafnvel minna. Verð á Cheeriosi segir hann að hafi verið 399 krónur fyrir ári og kosti 349 krónur núna.

Þeir eru sammála um að ástæðan fyrir því hve lítið sé flutt inn af matvöru frá Bandaríkjunum sé aðallega tvenns konar, endurmerkja þurfi bandaríska matvöru auk þess sem í henni séu ýmis efni sem bönnuð séu í Evrópu.

ghs@frettabladid.is

VERÐÞRÓUN Á CHEERIOS 567G

	Hagkaup	Nóatún
Júlí 2000	337	357*
Júlí 2001	409	460**
Júlí 2004	327	329***
Janúar 2005	336	349**

* Skv. verðkönnun DV
** Skv. upplýsingum frá fyrirtækjunum
*** Skv. verðkönnun Fréttablaðsins

GENGISÞRÓUN DOLLARA

2000 – 2005	
Júlí 2000	76,75
Júlí 2001	102,87
Júlí 2004	71,93
Janúar .2005	63,18

Menntadagur iðnaðarins:

Fleiri þurfa í iðnnám

MENNTAMÁL Það er áhyggjuefni hversu fáir sækja iðn- og tæknimenntun hér á landi og það þarf að breyta ríkjandi viðhorfum í garð iðnmenntunar þar sem aukin þörf er fyrir verk- og iðnmenntað fólk. Þetta var meðal þess sem kom fram á málþingi í tilefni Menntadags iðnaðarins á þriðjudag.

„Samtök iðnaðarins hafa minnt rækilega á þetta vandamál. Það virðist vera að bera árangur því það hefur mátt greina breytingar í þessum málum á undangengnum tveimur árum," segir Vilmundur Jósefsson, formaður Samtaka iðnaðarins, sem hélt erindi á málþinginu. „Það má til dæmis greina aukningu í Tækniháskólanum og í ákveðnum greinum í iðnskólunum."

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra ávarpaði fundargesti og fjallaði um hugmyndir að breyttri námsskipan til stúdentsprófs og áhrif hugsanlegrar styttingar á starfsmenntun samhliða breyttu bóknámi.

VILMUNDUR JÓSEFSSON
Vilmundur segir að Samtök iðnaðarins hafi lengi barist fyrir breyttu hugarfari og það sé loks farið að skila sér.

Þá lýsti hún áhyggjum sínum yfir hve fáir hefja nám á sviði iðn- og tæknimenntunar og sagði það vera á ábyrgð allra að breyta ríkjandi viðhorfum í garð iðnmenntunar. ■

Frá Kvöldskóla Kópavogs Fjölbreytt námskeið

KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS

Fræðsla
Menntun
Þekking

Tungumál

ENSKA
Enska I - II
Enska I – II frh
Enska III frh
Enska tal og lesh. I
Enska tal og lesh. II

DANSKA
Danska I - II

NORSKA
Norska I - II
Norska III

SÆNSKA
Sænska I - II
Sænska III

FRANSKA
Franska I
Franska tal og lesh.

ÍTALSKA
Ítalska I
Ítalska I frh
Ítalska II

SPÆNSKA
Spænska I
Spænska I frh
Spænska II
Spænska II frh
Spænska III
Spænska tal – og lesh.

ÞÝSKA
Þýska I
Þýska I frh

ÍSLENSKA
fyrir útlendinga

Verklegar greinar

- Frístundamálun
- Glerlist
- Gler – og postulínsmálun
- Leirmótun I
- Leirmótun II
- Pappír marmoreraður
- Stafræn myndataka á videovélar og klipping
- Klipping á stafrænum kvikmyndum
- Trésmíði
- Útskurður

Saumanámskeið

- Bútasaumur
- Bútasaumsklúbbur
- Fatasaumur / barnafatasaumur
- Crazy quilt
- Skrautsaumur – baldering og skattering
- Þjóðbúningur - saumaður

Föndurnámskeið

- Íkonagerð
- Hurðarkrans úr birki
- Smátöskur úr ullarfilti

Tölvunámskeið

- Fingrasetning og ritvinnsla
- Tölvugrunnur
- Word og Excel Ritvinnsla og töflureiknir

Matreiðslunámskeið

- Matargerð fyrir karlmenn
- Hollir grænmetisréttir
- Matarmiklar súpur og heimabakað brauð
- Suðræn sveifla í matargerð
- Veisluréttir

Garðyrkjunámskeið

- Gróður og garðrækt
- Trjárækt í sumarbústaðalandinu
- Trjáklippingar

© Fjallið eina 210105

Innritun í síma 564 1527
og á skrifstofu skólans í Snælandsskóla
opið kl. 18 - 21

Tækin sem allir eru að tala um og skila raunverulegum árangri!

Minna mál... lægra verð!

KORTER.IS

AFGERANDI ÁRANGUR

Eftir 8 vikna notkun sýnduniðurstöður óháðra aðila:
5 cm meðaltalsminnkun á mittismáli 49% styrking kviðvöðva
Allir þátttakendur sögðust hafa fengið stinnari og sléttari magavöðva

SLENDERTONE FLEXMAX
10 kerfi, styrkur 0-130, aukasett blöðkur, rafhlöður og taska

Verð nú kr. 19.900.- Verð áður kr. 26.900.-

SLENDERTONE™ FLEX
7 kerfi, styrkur 0-99

Verð nú kr. 14.900.- Verð áður kr. 19.900.-

Bjóðum nú einnig á lægra verði:

Slendertone buxur	**kr. 19.900.-**
Baxsolve bakbelti	**kr. 14.900.-**

Opið
Virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-15

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Útsöluaðilar: Sportver Akureyri - Ozon Akranesi

FBL GREINING FASTEIGNAMARKAÐURINN Í FJARÐABYGGÐ

Nú fæst gott verð

Fasteignaverð og leiguverð á húsnæði hefur snarhækkað í Fjarðabyggð síðustu misseri þökk sé framkvæmdunum við álver og hafnargerð á Reyðarfirði, sem eru komnar á ágætt skrið. Og markaðurinn hefur gjörbreyst því að nú er mikið framboð af nýjum blokkaríbúðum.

Fyrir nokkrum árum var talað um átthagafjötra á Austfjörðum eins og víðar um landsbyggðina enda var lítil sem engin eftirspurn eftir fasteignum til kaups. Eldra fólk, sem misst hafði alla fjölskylduna í aðra landshluta, átti í erfiðleikum með að selja fasteignir sínar og fylgja börnunum eftir. Fasteignir voru stundum árum saman á skrá áður en tókst að selja. Þetta fólk taldist heppið ef því tókst að leigja út einbýlishúsið sitt.

Leigumarkaðurinn var skárri en fasteignasalan. Fólk sem starfaði í Fjarðabyggð um lengri eða skemmri tíma var tilbúið að leigja húsnæði en leiguverðið var ekki hátt. Gott einbýlishús fékkst á 40 þúsund krónur á mánuði. Þetta er gjörbreytt. Undirbúningur álversbyggingar er hafinn. Undirverktaki Alcoa, Bechtel, er mættur á staðinn. Starfsmenn Bechtel þurftu húsnæði og þá helst á Reyðarfirði. Sú eftirspurn hleypti upp leigu- og húsnæðisverðinu á staðnum og það svo um munaði. Í dag er einbýlishúsið sem var leigt á 40 þúsund kall leigt á 100-200 þúsund krónur á mánuði.

Nýjar íbúðir eru í byggingu og fasteignaverð hefur hækkað. Áður fóru fasteignir kannski á 6 milljónir. Í dag er ekkert óalgengt að heyra verð á bilinu 10-14 milljónir króna en það er reyndar misjafnt eftir svæðum innan Fjarðabyggðar. Það breytir því ekki að staðan er gjörbreytt. Fasteignirnar eru seljanlegar og nú fæst gott verð fyrir þær. ■

Á REYÐARFIRÐI
Verið er að byggja stóra íbúðablokk á Reyðarfirði.

FRÁ MOSKVU
Snjó mokað af Rauða torginu. Í gegnum hríðina sést glitta í dómkirkju heilags Basils.

Moskva hvít

VEÐUR Eftir óvenjuleg hlýindi í Moskvu og nágrenni í byrjun árs tók að snjóa án afláts á dögunum og fóru borgarbúar að kannast við sig á ný. Skóflurnar voru dregnar fram og snjónum mokað án afláts svo fólk kæmist leiðar sinnar. Jafnan fer mikill mannfjöldi um Rauða torgið í Moskvu enda standa við það margar merkar byggingar, til dæmis dómkirkja heilags Basils. ■

Óvissan verður alltaf til staðar

Enda þótt veðurspár hafi orðið mun áreiðanlegri með árunum eru þær aldrei óbrigðular. Veðurfræðingar eru meðvitaðir um ábyrgð sína og eru jafnvel undir álagi í starfi af þeim sökum.

„Hundrað prósenta öruggri spá er seint hægt að ná," segir Haraldur Ólafsson veðurfræðingur. Veðurfræðingar á Norðurlöndunum hafa sætt gagnrýni eftir að þeim mistókst að spá fyrir um óveðrið á dögunum í þriggja daga spám sínum, enda þótt spárnar hafi orðið mun nákvæmari eftir því sem nær dró. Veðurspár eru hins vegar mun áreiðanlegri nú en fyrir nokkrum árum, þökk sé framförum á sviði gervihnatta- og tölvutækni. Veðurfræðingar eru meðvitaðir um þá ábyrgð sem á herðum þeirra hvílir.

Forsendurnar brugðust

Þremur dögum áður en fárviðri gekk yfir Norðurlöndin og Bretlandseyjar um daginn voru fá teikn á lofti í veðurspám um að stormur væri í aðsigi og því gafst minna ráðrúm til að bregðast við hamförunum en ella. Mannskaði varð í veðrinu og gríðarlegt eignatjón.

Haraldur Ólafsson veðurfræðingur segir að einhver villa í spálíkönum hafi valdið þessum mistökum, sem náðist þó að leiðrétta tveimur dögum fyrir óveðrið. „Í þessari vitlausu þriggja daga veðurspá var ekki nógu mikið kalt loft yfir N-Atlantshafi á réttum stöðum vegna þess að kraft vantaði í vindinn sem blés frá Kanada. Ástæða þess var sú að Íslandslægðin var ekki til staðar, hún var of grunn í vitlausu spánni." Haraldur segir margar ástæður geta verið fyrir þessari ónákvæmni, til dæmis geti verið að spálíkönin reikni áhrif frá Grænlandi kerfisbundið á rangan hátt. Úr þessu verður skorið á næstu vikum þegar hópur sérfræðinga fer yfir málið en Haraldur er í þeim hópi.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

MJÖLLINNI ÞEYTT
Haraldur segir veðurfræðinga starfa undir talsverðu álagi sem hugsanlega geti orðið þeim að aldurtila.

Spár eru orðnar öruggari

Það er af sem áður var þegar veðurspár voru byggðar á athugunum fólks og nánast reiknaðar í höndunum. Nú kemur mannshöndin hvergi nærri heldur spá öflugar tölvur fyrir um veðrið með úrvinnslu upplýsinga frá gervitunglum og athugunarstöðvum sem í flestum tilvikum eru sjálfvirkar. Haraldur segir að fyrir vikið séu veðurspár orðnar miklu áreiðanlegri. Þriggja daga loftþrýstingsspár, sem meðal annars segja til um veðurhæð, eru í dag um það bil 95 prósent öruggar og fimm daga spár voru árið 2004 jafn góðar og þriggja daga spár voru árið 1981. Framfarirnar eru þó líklega mestar í 1-2 daga spám. Máli sínu til stuðnings bendir Haraldur á veðurspá síðasta gamlárskvölds. Óvissa var þá í kortunum lengi vel þótt menn hafi frekar hallast að vondu veðri á landinu. „Um morguninn kom síðan nokkuð flott spá sem gerði ráð fyrir óveðri á höfuðborgarsvæðinu í tvo klukkutíma síðla dags en síðan yrði veðrið orðið þokkalega gott aftur um miðnætti. Þetta gekk eftir en ég held að slík spá hefði tæpast staðist fyrir fimmtán árum síðan nema þá fyrir sérstaka heppni." Það er hins vegar ekkert til sem heitir hundrað prósent örugg spá að sögn Haralds.

Veðurspár ábyrgðarhluti

Það er ábyrgðarhluti að spá fyrir um veður og segir Haraldur að veðurfræðingar séu mjög meðvitaðir um að mistök við spár geta kostað mannslíf, ekki síst flug- og sjóveðurspár. „Já, menn hugsa iðulega um þetta kvöldið áður en þeir fara á vakt." Haraldur segir veðurfræðinga hreinlega verða að lifa með röngum spám. „Rétt eins og læknar verða að lifa með þá tilhugsun að klúðri þeir uppskurði geti sjúklingurinn dáið, þá verða veðurfræðingar að venjast þessu."

Hann kveðst þó ekki viss um að starfinu fylgi mikið álag af þessum sökum. „Ég veit ekki hvort menn hugsa nokkuð um slíkt. Þeir hrökkva nú flestir upp af áður en þeir komast á eftirlaun, það hefur reynslan sýnt. Kannski er það vegna þessa álags."

sveinng@frettabladid.is

ÁREIÐANLEIKI VEÐURSPÁA



Heimild: Vísindaáætlun THORPEX, útg. WMO (Alþjóðaveðurfræðistofnunin), 2004

Stór útsala

20-80%

afslátturr

GARDÍNUBÚÐIN

Þarabakka 3 • Mjóddinni • Reykjavík • Sími 553-5677
Skipagötu 18 • Akureyri • Simi 461-7878
Opnunartími: mánud. - föstud. 10-18 • laugard. 11-14

skoðun

SJÓNARMIÐ
HAFLIÐI HELGASON

Hætta á að hópur verði útundan á húsnæðismarkaðnum.

Brunabótamatið vafasamt viðmið

Íbúðalánamarkaður hefur umturnast á innan við ári og kaupendum húsnæðis bjóðast nú margvíslegir möguleikar við kaup á húsnæði. Viðskiptabankarnir hafa rutt sér braut inn á markaðinn. Eins og við má búast þegar miklar breytingar verða á skömmum tíma þá hafa þær margs konar áhrif á umhverfið. Breytingin sem slík er afar jákvæð fyrir allan þorra fólks sem getur fjármagnað húsnæði sitt með langtímalánum og þolanlegri greiðslubyrði. Þeim auknu tækifærum sem fjölbreyttari lánamöguleikar veita fylgir þó sá böggull skammrifi að húsnæði hefur hækkað umtalsvert í verði.

Sérfræðingar búast ekki við að almennri hækkun á fasteignamarkaði sé lokið. Enn má því búast við að íbúðaverð fari hækkandi um sinn. Við slíkar kringumstæður er ástæða til þess að hafa nokkrar áhyggjur af þeim hópi fólks sem minnstar hefur tekjurnar. Hættan er sú að til verði hópur sem enga björg getur sér veitt í húsnæðismálum. Ein af hindrunum þessa hóps er ósamræmi milli brunabótamats eigna og markaðsvirðis þeirra. Jóhanna Sigurðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, bendir á þetta ósamræmi í pistli á heimasíðu sinni. Þar bendir Jóhanna á að með tilkomu 90 prósenta lánshlutfalls Íbúðalánasjóðs hafi viðbótarlán verið felld niður, en þau miðuðust við kaupverð eignar í stað brunabótamatsins.

Jóhanna telur að hverfa eigi frá viðmiðun við brunabótamatið og horfa þess í stað til kaupvirðis eigna. Þetta er umhugsunarinnar virði. Fæði, klæði og húsaskjól eru grundvallaratriði sem allir þurfa að geta veitt sér. Sú þróun sem verið hefur að undanförnu felur í sér þá hættu að stór hópur fólks sé skilinn eftir á berangri í vítahring þess að geta hvorki myndað eigið fé við kaup, né að geta fjármagnað kaup sín að mestu með langtímalánum.

Jóhanna segir að með slíkri breytingu myndi samkeppnisstaða Íbúðalánsjóðs á íbúðalánamarkaði styrkjast. Þau rök vekja upp spurningar. Viðskiptabankarnir hafa sýnt með innkomu á íbúðalánamarkaðinn að þeir eru fyllilega í stakk búnir til þess að sinna milli- og hátekjufólki við kaup á húsnæði. Íbúðalánsjóður nýtur ríkisábyrgðar og hefur fram til þessa tryggt aðgang að ódýrara lánsfé en annars hefði verið mögulegt. Það hlutverk var afar mikilvægt, en við framtíðarstefnumótun í húsnæðismálum þarf að horfa til breytts umhverfis á lánamarkaði. Hlutverk ríkisins á ekki að vera að keppa á markaði þar sem aðrir eru færir um að sinna þörfum fólks. Ef bankarnir eru fullfærir um að sinna þörfum þorra fólks við kaup á húsnæði, þá þurfa stjórnvöld að huga að hlutverki sjóðsins.

Ólíklegt er að Íbúðalánasjóðs verði ekki þörf til framtíðar. Hitt er líklegt að eðli sjóðsins muni breytast. Hlutverk hans í breyttum heimi á þá að vera að sinna þeim hópum fólks í samfélaginu sem ekki geta með öðru móti fjármagnað húsnæðiskaup. Þar sér Jóhanna Sigurðardóttir réttilega að hætta er á ferð og það er félagsmálaráðherra að vinna úr núverandi stöðu og tryggja að ekki verði hópur fólks eftir í nepjunni vegna hækkandi húsnæðisverðs og svifaseinna stjórnvalda. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS

Nýr formaður Varðar.

Einhverjir verða áreiðanlega til að staldra við stjórnarkjör í stærsta og mikilvægasta sjálfstæðisfélagi á landinu, Verði í Reykjavík, á laugardaginn, en þá var eftirlaunamaður á áttræðisaldri kosinn formaður. Er Sjálfstæðisflokkurinn þá eftir allt saman að breytast í elliheimili eins og fréttamyndirnar af Varðarfundinum á dögunum bentu

til? Eða eru þeir orðnir svona fáir sem Davíð og félagar geta treyst? Hinn nýi formaður, Magnús L. Sveinsson, er tæplega 74 ára gamall. Hann er fyrrum samstarfsmaður Davíðs í borgarstjórn og nýtur óskoraðs trausts flokksforystunnar en sagt er að slíka menn megi núorðið telja á fingrum sér. Kannski er eitthvað til í þessu hvoru tveggja en við svolitla umhugsun virðist nær að líta á þetta frá öðrum sjónarhóli og með jákvæðara hugarfari. Margt fólk sem komið er á eftirlaunaaldur hefur óskert starfsþrek. Það býr að verðmætri reynslu og þekkingu sem mikilvægt er að verði samferða kraftinum sem býr í yngra fólki. Það hefur líka meiri tíma en unga fólkið. Það er gætnara og líklegra til að sýna yfirvegun og sanngirni í starfi og málflutningi. Kannski er formannskjörið í Verði einmitt fordæmi sem aðrir flokkar ættu að líta til.

Furðuleg skrif.

Makalaust er að lesa vangaveltur í Morgunblaðinu um það hvað búi að baki fréttaflutningi Fréttablaðsins um Íraksmálið undanfarna daga. Svo fastir virðast menn þar á bæ í gömlu flokksblaðamennskunni að þeim dettur ekki í hug annað en að pólitísk hugsun og áform, jafnvel samsæri, búi að baki fréttunum. Svo er að sjálfsögðu ekki. Eingöngu er um að ræða hefðbundna og eðlilega blaðamennsku. Ef einhverjar fréttir teljast „vondar“ fyrir stjórnmálamenn eða flokka er það ekki sök fjölmiðla heldur þurfa viðkomandi að líta í eigin barm. Svo einfalt er það.

gm@frettabladid.is

Af evrópskum kattamat

Í DAG
ÍSLAND OG EVRÓPA.

GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Ég hef heyrt um kött sem borðaði ristað brauð með sultu og ýmsa dynti varðandi mat þekkja allir sem búa með þessum forvitnu dýrum. En aldrei hef ég séð kött borða gulrót.

Frá því að kettirnir mínir komust til vits og ára hafa þeir fengið sama þurrmatinn. Stundum hefur maður svo sem reynt að finna eitthvað annað og ódýrara án árangurs – þeir hnusa af því, setjast svo og horfa á mann eins furðu lostnir og kettir geta yfirleitt orðið á svipinn, lötra svo burt með sperrtri rófu sem einhvern veginn segir allt sem segja þarf um álit þeirra á þessum nýjungum, ákveða að bíða af sér þessa vitleysu. Þeir hafa alltaf sitt fram.

Þar til nú. Allt stefnir í vandræði. Framleiðendur þurrmatarins sem kettirnir hafa nært sig á með velþóknun alla sína tíð virðast af einhverjum ástæðum hafa fengið þá vitrun að það sem ketti skorti helst í fæðu sína séu gulrætur og grænar baunir. Þeir auglýsa það hróðugir og alveg sérstaklega utan á pökkunum að nú hafi grænmeti verið bætt í kattamatinn, og hann sé nú hollari en nokkru sinni. Kettirnir mínir æla þessum mat.

Frá því að ég kynntist þessum dýrum fyrst fyrir mörgum árum hef ég alltaf staðið í þeirri trú að kettir borði fisk og kjöt til skiptis, bíti gras og drekki vatn – og leggi sig svo. Ég hef heyrt um kött sem borðaði ristað brauð með sultu og ýmsa dynti varðandi mat þekkja allir sem búa með með þessum forvitnu dýrum. En aldrei hef ég séð kött borða gulrót. Sæi ég kött maula á sellerístöng myndi ég halda að ég hefði hér hitt sjálfan Stígvélaða köttinn. Fái köttur græna baun fer hann í mesta lagi að leika sér að því að láta hana rúlla.

Hvernig stendur á þessum næringarumbótum í kattamat? Mér var sagt í búðinni að gamli kattamaturinn – þessi sem var bara með kjöti og fiski – kæmi frá Bandaríkjunum en grænmetiskúrinn væri hins vegar frá Evrópu. Ég fann hvernig gaus upp í mér öll sú vandlæting í garð Evrópusambandsins sem maður sem búið hefur við málflutning Davíðs Oddssonar um árabil hlýtur að hafa grafna í sér einhvers staðar. Voru þeir ekki alveg lifandi komnir, þessir skrifstofuasnar í Brussel! Að vera með einhverja hollustustaðla í kattamat! Og smám saman hættir að fást annað í búðum en gulrætur og grænar baunir handa köttum með einhverju smákjöti í...

Svona er grunnt á fordómum manns í garð Evrópusambandsins – inni í manni fara sjálfkrafa í gang einhverjar ræður um fólk við skrifborð í fjarlægu landi að keppast við að búa til sem fráleitastar reglur um lífshætti framandi þjóða – og katta. Kannski eru þær meira og minna út í loftið þessar ræður; við Íslendingar virðumst hvað sem öðru líður ekki vera í hollu sambandi við þetta bandalag. Með EES-samningnum festust Íslendingar í hinu eilífa hlutskipti hins passíva þusara, þess sem bara þiggur lög og reglur en tekið engan þátt í að móta þær.

Þessi samningur hefur umbreytt íslensku samfélagi – fyrir markaðsaðgang með fisk þurftu íslensk stjórnvöld að greiða með því að innleiða hér frelsi í viðskiptum og virka samkeppni, með þeim frægu afleiðingum að alls konar fólk varð ríkt án nokkurs atbeina frá valdakerfi Flokksins og leyfði sér meira að segja þá fáheyrðu ósvinnu að nota þessa peninga til að standa í fjölmiðlarekstri. Það er ekki að undra að EES-samningurinn hefur um árabil staðið nokkuð í forystumönnum Sjálfstæðisflokksins; það er að vísu ekki vegna þess reglugerða- og lagaflóðs sem hingað berst frá Brussel um hvaðeina heldur er það fremur hitt sem erfitt virðist að kyngja: að valdakerfið hefur riðlast með aukinni markaðsvæðingu.

Og nú hefur einn helsti hugmyndafræðingur þeirra, Ragnar Árnason hagfræðiprófessor við HÍ, hreyft við hugmyndum sem hljóma eins og skringileg blanda af Milton Friedman og Lúðvík Jósepssyni. Hann stingur upp á því að farsælast muni að standa algjörlega utan við EES og þar með Evrópusambandið og treystir á að alþjóðareglur um viðskipti tryggi hinn nauðsynlega markaðsaðgang með fisk, auk þess sem Evrópuþjóðir þurfi á fiski að halda. Ekki kann ég skil á hagfræði Ragnars eða innsýn í alþjóðapólitík – það má alltaf hafa gaman af ferskum og óvæntum hugmyndum. Ég held hins vegar að menningarlega og hugarfarslega sé ástæða til að óttast einangrun. Og pólitískt: við höfum ríka ástæðu til að óttast það ef stjórnmálamenn fá aftur þau völd í fjármála- og viðskiptalífi sem þeir höfðu í eina tíð og trega sumir enn af miklum ákafa.

Ísland úr EFTA? Það er ekki raunhæf hugmynd – hins vegar kann að vera kominn tími til að einhver setjist að borðinu þarna í Brussel sem veit hvað kettir vilja borða. ■

Fiskbúðin VEGAMÓT

Hrogn og Lifur
Súr hvalur
Glænýj línu ýsa

FISKBÚÐIN VEGAMÓT
NESVEGUR 100 170 SELTJARNARNES
ARNARBAKKA 4-6 BREIÐHOLTI
WWW.FISKBUDIN.IS

SKOÐANIR OG UMRÆÐUR Á VISIR.IS
VÍSIR

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf sími 585 8330 Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

allt-fasteignir

ER ÞÍN FASTEIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

hús o.fl. Höfði – fegurð í bland við sögu BLS. 2
Fallegir granítvaskar BLS. 3
Hresst upp á gólfdúkinn BLS. 2

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK	10,31	13.40	16.50
AKUREYRI	10.30	13.25	16.19

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er mánudagur 24. janúar, 24. dagur ársins 2005.

FASTEIGNASÖLUR

101 Reykjavík	20
Akkúrat	13
Ás	22
Ásbyrgi	9
Bifröst	6
Búseti	24
Draumahús	18
Eignakaup	25
Eignalistinn	26
Eignamiðlun	9
Fasteignamarkaðurinn	7
Fasteignamiðlun	14
Fasteignam. Grafarv.	14
Fasteignam. Hafnarfj.	10
Fyrirtækjasala Íslands	12
Hóll	15 og 17
Hraunhamar	16
Húsalind	12
Húseign	25
Höfði	11
Lyngvík	4
Nethús	8
Remax	6
Stoðir	12
TM-fasteignir	27
Þingholt	26

SMÁAUGLÝSINGAR
byrja í dag á bls. 32

Flokkar & fjöldi

Bílar & farartæki 83 stk.
Keypt & selt 27 stk.
Þjónusta 56 stk.
Heilsa 13 stk.
Skólar & námskeið 2 stk.
Heimilið 11 stk.
Tómstundir & ferðir 4 stk.
Húsnæði 19 stk.
Atvinna 19 stk.
Tilkynningar 3 stk.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Húsið stendur neðan við götu á stórri lóð og vönduð steinlögn er á plani fyrir framan það.

Eign fyrir vandláta

Fasteignasalan Akkúrat er nú með á sölu glæsilegt parhús á tveimur hæðum í Trönuhjalla 10 í Suðurhlíðum Kópavogs. Húsið er um 180 fermetrar með frístandandi bílskúr upp á 28 fermetra auk 20 fm óskráðrar geymslu.

Húsið stendur neðan við götu á 452 fermetra lóð sem er afgirt á allar hliðar. Stór trépallur er á lóðinni, sem er mjög sólrík og skjólgóð.Útgengt er á lóðina á tveimur stöðum af jarðhæðinni auk þess sem vandaðar steintröppur liggja þangað frá aðalinngangi.

Komið er inn í flísalagða rúmgóða forstofu með stórum fataskáp og fallegri gestasnyrtingu. Hol og stofur tengjast í eitt með ljósu lökkuðu eikarparketti á gólfi. Eldhús er með flísum á gólfi og þar er stór og vönduð hvít beykiinnrétting með gaseldavél.

Stigi á neðri hæð er opinn og með kókósteppi. Hár gluggi er við stigann og nær hann upp á þak og gefur sérlega skemmtilega birtu í stigann og hol bæði uppi og niðri, en þar er rúmgott hol. Einnig er þar flísalagt og vandað baðherbergi, þrjú barnaherbergi með harðviðarskápum, hjónaherbergi með dyrum út á baklóð, fataherbergi og þvottahús sem er einnig með útidyr á baklóð.

Vönduð steinlögn er á plani fyrir framan húsið með uppbyggðum blómabeðum. Gervihnattadiskur er á húsinu og getur hann fylgt með í kaupunum. Í húsinu er einnig öryggiskerfi.

Ásett verð er 42 milljónir

LIGGUR Í LOFTINU
í fasteignum

Vísitala byggingarkostnaðar

er reiknuð eftir verðlagi um miðjan janúar og er 313,3 stig og hækkar um 2,82 prósent frá fyrri mánuði. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands, hagstofa.is, en vísitala þessi gildir fyrir febrúar. Þessi hækkun skýrist að mestum hluta af samningsbundnum launahækkunum en launaliður vísitölunnar hækkar að meðaltali um 4,4 prósent. Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitala byggingarkostnaðar hækkað um 8,6 prósent.

Bæjarráð Hafnarfjarðar

hefur samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að álagningarprósenta fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði verði lækkuð í 0,335 prósent úr 3,6 prósentum.

Þetta kemur fram á vef Víkurfrétta, vf.is. Tillaga þessa efnis var samþykkt á fundi bæjarráðs í síðustu viku.

Álagningarprósenta á atvinnuhúsnæði verður lækkuð úr 1,65 prósenti í 1,628 prósent.

fasteignir@frettabladid.is

Íbúðalán 4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 24726 12/2004

410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Veggfóður þrifið

Leitaðu upplýsinga um þrif á veggfóðrinu þegar þú kaupir það til að vera viss um að þú notir rétt efni við verkið. Prófaðu að þrífa hluta af veggfóðrinu á lítið áberandi stað til að ganga úr skugga um að það komi engir blettir eða að það losni ekki frá.

Ingólfur Steinsson var einn af meðlimum Þokkabótar sem söng um litla kassa og alla eins. Nú er Höfði uppáhaldshúsið hans.

Fegurð í bland við stórbrotna sögu og sál

„Mér hefur alltaf þótt Höfði afskaplega fallegt hús," segir Ingólfur Steinsson, tónlistarmaður og ritstjóri hjá Námsgagnastofnun.

„Þar fer fegurðin saman við stórbrotna sögu og sál. Húsið var flutt inn frá Noregi upp úr aldamótum og reist yfir franska konsúlinn í Reykjavík, en skömmu fyrir fyrra stríð keypti Einar Benediktsson skáld húsið og kallaði það Héðinshöfða eftir æskuheimili sínu á Tjörnesi. Það er meðal annars tilhugsunin um þetta mikla skáld athafna og orða sem gæðir sögu þess ljóma í mínum huga, rétt eins og Einar varpar ljóma á önnur hús sín svo sem Þrúðvang við Laufásveg."

Ingólfur bendir á að Bretar hafi notað húsið á stríðsárunum en kvartað yfir draugagangi. „Það er heitt vatn í jörðu þarna undir og eflaust hefur brakað enn meira í húsinu af þeim sökum. Seinna, eftir að Höfði varð opinber bústaður, komu svo auðvitað alls konar stórmenni þangað og gera enn. En það er eitthvað við þessi gömlu norsku kataloghús sem ég hrífst af. Þau eru út um allt í gamla bænum í Reykjavík og ekki síður í Hafnarfirði þar sem ég bý."

Ingólfur telur að gömlu húsin séu skýringin á því að hann býr í Hafnarfirði. „Ég og konan mín gengum mikið um í gamla bænum þegar við vorum að leita okkur að íbúð og hrifumst svo af gömlu húsunum, ekki síst þeim norsku. Sem ber mig náttúrlega austur á Seyðisfjörð, þar sem ég er fæddur og uppalinn í einu slíku húsi. Þegar verið var að reisa barnaskólann, sem reyndar er eitt fallegasta norska húsið á landinu, reisti yfirsmiðurinn húsið Tungu yfir sig og sína. Lítið, gott hús úr norskum kjörviði, klætt bárujárni að íslenskum sið. Aðdáun mín á þessum húsum á efalaust rætur að rekja til æskunnar og þeirra tauga sem Tunga gamla á í mér."

Ingólfi finnst mikið hafa verið byggt hin síðari ár og langt fram eftir 20. öld af ljótum húsum. „Kannski byrjaði það með funkisstílnum kringum 1930, þessum kassalaga, þaklausu húsum sem lengi virtust heilla íslenska arkitekta. Þetta voru yfirleitt stórir kassar en inn á milli voru litlir kassar, rauðir, gulir og röndóttir. Það skelfilegasta við þá var að þeir voru allir eins," segir gamli Þokkabótarmeðlimurinn Ingólfur að lokum og skellihlær.

Tilvalið er að hressa upp á gólfdúkinn með málningu ef hann er eitthvað farinn að slappast í útliti, því kostnaðarsamt getur verið að skipta um gólfefni.

Gengur í endurnýjun lífdaga

Auðvelt er að lengja líftíma gólfdúksins með því að mála hann í fallegum lit.

Tilvalið er að hressa upp á gólfdúkinn með málningu ef hann er eitthvað farinn að slappast í útliti, því kostnaðarsamt getur verið að skipta um gólfefni. Það er tiltölulega einfalt verk að mála gólfdúk en þarfnast þó sama viðhalds og önnur máluð gólf. Vatnsþynnanlegt Epoxý (EPX-V) sem fæst hjá Slippfélaginu Litalandi hentar til dæmis afar vel á dúka, en EPX-V bindur sig við flesta gerðir gólfdúka, er lyktarlaus og hægt er að fá þá í flestum litum. Með EPX-V þarf að blanda herði út í lakkið og hefur þá málarinn aðeins einn og hálfan tíma til að mála upp úr blöndunni.

Gólfdúkar eru gerðir úr mismunandi efnum eins og linoleum, vínil og plastefnum og eru ýmist gegnheilir eða vínilhúðaðir.

Gæta þarf þess að dúkurinn sé laus við fitu, olíu og önnur óhreinindi áður en hafist er handa, auk þess sem fjarlægja þarf allt bón af gólfinu til að tryggja sem besta viðloðun. Línolíumdúka er hægt að slípa með sandpappír án þess að skemma þá, vegna þess að þeir eru unnir úr náttúrulegum efnum og þá er einnig hægt að bæsa þá.

Æskilegt er að leita ráðgjafar fagmanna og/eða sölumanna áður en hafist er handa við verkið.

Granít-vaskar frá Kína

Þeir sem vilja hafa það óvenju fallegt á baðherberginu geta nú fengið handlaugar úr graníti eða marmara.

Graníthúsið heitir verslun og stendur við Lónsbraut í Hafnarfirði. Með opnun verslunarinnar rættist gamall draumur Heiðars Steinssonar, múrara og eiganda verslunarinnar. „Ég er búinn að vera að spá í að flytja inn granít frá Kína í mörg ár og þá helst flísar. Ég hef lengi haft áhuga á graníti og marmara og þegar ég sá þessar handlaugar kynntar á netinu ákvað ég að slá til og hrinda þessum draumi í framkvæmd.“ En af hverju frá Kína? „Í Kína hefur granít verið unnið í mörg þúsund ár og þeir sem vinna það eru listahandverksmenn. Aðferðirnar ganga milli kynslóða og allar vörurnar sem ég er með eru handunnar og algjör listasmíð.“ Hægt verður að velja milli margra tegunda af graníti og marmara í handlaugarnar og von er á fleiri vörum, svo sem handlaugasettum, flísum og blómavösum og svo gosbrunnum með vorinu. Heiðar hyggur ekki á vaskavinnslu úr íslenskum steintegundum. „Þó er aldrei að vita ef kínversku listamennirnir koma í heimsókn.“ Handlaugarnar kosta frá 55.000 krónum og upp í 98.000 og eru einstaklega fallegar eins og meðfylgjandi myndir bera með sér.

Heiðar hefur lengi langað til að flytja inn granít frá Kína.



LYNGVÍK FASTEIGNASALA

Síðumúla 33 - Sími 588 9490 - www.lyngvik.is - lyngvik@lyngvik.is

OPIÐ

mánudaga-fimmtudaga frá kl. 9-18,föstudaga frá kl. 9-16.
Svo er GSM-inn alltaf opinn

Sigrún Gissurardóttir, lögg. fasteignasali

Steinar S. Jónsson, sími 898 5254

Daníel Björnsson, sími 897 2593

ÞÓRÐARSVEIGUR 2JA TIL 5 HERBERGJA ÍBÚÐIR...

...Í NÝJU HÚSI. TIL AFHENDINGAR Í MAÍ N.K FULLBÚNAR MEÐ GÓLFEFNUM OG STÆÐI Í BÍLGEYMSLU. (EKKI MEÐ 2JA HERBERGJA).

Verð. 2ja herbergja í lyftuhúsi **13,9 m** 75 fm
Verð. 3ja herbergja í lyftuhúsi **18,5 m** 97 fm
verð. 4ra herb. í lyftuhúsi **21,2 m** 112 fm
Verð. 4ra herbergja án lyftu **22,1 m** 116 fm
Verð. 5 herbergja á efstu hæð í lyftuhúsi með 22 fm svölum 170 fm með tveimur stæðum í bílgeymslu **32,9 m**

Dæmi um greiðslutilhögun.
2ja herbergja íbúð í lyftuhúsi 71-75 fm án stæði í bílgeymslu Verð: 13,9 m
Greitt við kaupsamning. 800,000.-
90% lán frá íbúðalánasjóði 12,500,000.-
Við afhendingu eignar 400,000.-
Við afsal 1. mánuði eftir afh. 200,000.-
Samtals: kr. 13,900,000,

Dæmi um 3ja herbegja íbúð með stæði í bílageymslu. Verð frá kr.18.500.000.-
Greitt við kaupsamning 1.000.000.-
90% lán frá íbúðarlánasjóði 16.600.000.-
Greitt við afhendingu 500.000.-
Greitt við afsal 1. mán eftir afhendingu 400.000.-
Samtals kr. 18.500.000.-

Dæmi um verð á 4ra herbergja íbúð með stæði í bílageymslu. Verð frá 21.200.000.-
Greitt við kaupsamning 1.000.000.-
90% lán með 4,15% vöxtum 19.000.000.-
Greitt við afhendingu 800.000.-
Greitt viðvafsal 1. mán eftir afhendingu 400.000.-
samtals kr. 21.200.000.-

HRAUNBÆR 103 - ELDRI BORGARAR.

Vorum að fá í sölu góða og vel staðsetta 87,5 fm 2ja herbergja íbúð á 3.hæð í lyftuhúsi. Íbúðin er vel innréttuð, með suð-vestur svölum og útsýni. Stuttur afhendingartími. V. 19,7 m.

HÁHOLT HAFNARFIRÐI

Vorum að fá í sölu 120,9 fm 4ra herbergja íbúð í góðu og nýmáluðu húsi á góðum stað á holtinu í Hafnarfirði. Skóli við lóðarmörkinn. Stórt eldhús með borðkrók. Björt stofa með suður svölum. Herbergi stór með skápum. Gott alrými með sjónvarpshorni. Góð eign. (2468)

JÓRSALIR - EINBÝLISHÚS

Til sölu mjög fallegt og vel staðsett 192 fm einbýlishús ásamt 39 fm bílskúr, samtals 230 fm. Húsið er steinað að utan, stendur innst í botlanga og er gott útsýni frá turni. Þrjú svefnherbergi á aðalhæð og tvö í turni Stór afgirt suður verönd. V. 39,8 m. (1682)

SKIPHOLT - NÝBYGGING

Eigum eftir aðeins 4. penthouse íbúðir á þessum vinsæla stað í hjarta Reykjavíkur. Íbúðunum verður skilað fullbúnum án gólfefna. Öllum íbúðunum fylgir stórar svalir með möguleika að setja upp heitan pott á svölunum. Húsið er steinsteypt, með lyftu, sérinngagnur er í allar íbúðir af svölum. Húsið er einangrað og klætt að utan með áli.

Allar nánari upplýsingar ásamt teikningum og skilalýsingu á skrifstofu Lyngvíkur Síðumúla 33. S: 588-9490
Verð frá 25,5 m

Dæmi um greiðslur.
Við kaupsamning
kr. 2.000.000
80% lán frá lánastofnun
kr. 20.400.000
Við afh. kr. 2.000.000
1. mán eftir afhendingu
kr. 1.100.000
kr. 25.500.000

Síðumúla 33 - Sími 588 9490 - www.lyngvik.is - lyngvik@lyngvik.is

LYNGVÍK FASTEIGNASALA

4RA HERB

HÁHOLT - HAFNARFIRÐI.
Vorum að fá í sölu vel staðsetta 109 fm 4ra herb. endaíbúð á efstu hæð með suðursvölum. Afhending í febrúar n.k. Verð. 16,4 m.

3JA HERB.

KEFLAVÍK - LAUS Vorum að fá til sölumeðferðar 3ja herbergja rísíbúð í miðbæ Keflavíkur. Búið að teikna, samþykki fyrir að setja heilan mænir frá austur til vesturs og setja gafla í þakið. Íbúðin er laus og er sýnd í samráði við sölumenn Lyngvíkur S: 588-9490 (2423) Tilvalið fyrir laghenta! Verð 5,1 m.

2JA HERB.

ASPARFELL - SÉR INNGANGUR AF SVÖLUM Vorum að fá 71 fm 2ja herbergja íbúð á 5.hæð með sér inngangi af svölum. Sameiginlegt þvottahús á hæðinni með fimm íbúðum. Möguleiki á stuttum afhendingartíma. V. 10,6 m.

LANDIÐ

GILSBAKKI - EINBÝLI - HVOLSVELLI Mjög vandað einbýlishús 117,9 fm ásamt bílskúrsrétti. Húsið er á einni hæð með stofu, eldhúsi, þrem herbergjum, tveim baðherbergjum og þvottahúsi. Allar innréttingar eru vandaðar (1631)

VOGAR VATNSLEYSUSTRÖND - LAUS VIÐ KAUPSAMNING
Góð 3ja herbergja íbúð á fyrstu hæð í Vogunum. Sér geymsla og suður svalir. Mjög snyrtileg eign á góðum stað. Aðeins 40 mín. akstur til RVK.

HEIÐARVEGUR MEÐ SÉRINNGANGI Á SELFOSSI. Glæsileg 3ja herbergja 76,3 fm íbúð á 2. hæð með sérinngang. Tvö góð herbergi með parketi á gólfi og annað með skáp. Stofa með parketi og suður svölum. Eldhús með parketi, fallegri innréttingu og borðkrók. Flísalagt baðherbergi með innréttingu og baðkari. Þvottahús innan íbúðar. Húsið er viðhaldsfrítt að utan. Lóð og bílastæði fullfrágengin. (2397)

KLAPPARSTÍG - MEÐ BÍLSKÚR - REYKJANESBÆ Glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum 118 fm og sérstæðum bílskúr 30 fm alls 148 fm í hjarta bæjarins. Á neðri hæðinni er gesta wc. borðstofa, stofa, eldhús, þvottahús og geymsla. Á efri hæðinni er tvö svefnherbergi annað með suður svölum, baðherbergi móe sturutklefa og hol/alrými. Bílskúrinn er útbúin að hluta sem herbergi og geymsla. Möguleiki á skipta á íbúð í Reykjavík. (2436)

ATVINNUHÚSNÆÐI

AUÐBREKKA VERSLUNAR - SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI
Gott 152,4 fm verslunar og skrifstofuhúsnæði á jarðhæð með stórum gluggum. Hentar fyrir litla heildsölu, sérvöruverlsun, bókhalsstofu eða annan sambærilegan rekstur. Afhending getur orðið um áramót. Áhv. 8,5 m í góðu láni. (2421)

MELABRAUT - LAUS - HAFNARFIRÐI
Gott 86,4 fm iðnaðarhúsnæði á jarðhæð með stórum innkeyrsludyrum og malbikuðu plani. Lofhæð 4,5 - 5,0 metrar. Þetta er pláss sem býður uppá ýmsa mögleika. **V 6,9 m** Áhv. ca 2,8 m. í góðu láni. (2386)

BÍLDHÖFÐI LAUST VIÐ KAUPSAMNING. Höfum fengið til sölumeðferðar atvinnuhúsnæði 142,4 fm með stórum innkeyrsludyrum og góðu malbikuðu plani fyrir framan. Góð aðkoma er að þessu húsnæði. Allar nánari upplýsingar á skrifstofu Lyngvík fasteignasölu S. 588-9490

ALICANTE - SUMARHÚS Á SPÁNI

Höfum verið beðin að annast milligöngu á sölu á mjög vel staðsettu ca 110 fm einbýlishúsi á Alicante á Spáni. Húsið sem er á tveimur hæðum skiptist eftirfarandi. Á neðri hæð er stofa og borðstofa, svefnherbergi, eldhús, baðherbergi m/sturtu og þvottaherbergi. Á efri hæð eru tvö svefnherbergi og gott baðherbergi. Húsið selst með öllum búnaði og er til afhendinga eftir samkomulagi. Eigandinn er Íslendingur sem starfað hefur s.l 7 ár á Spáni fyrir íslenskt fyrirtæki og mun hún annast alla milligöngu vegna sölunnar, og einnig aðstoða við fjármögnun allt að 70 % af kaupverði, og er Íslendingur starfandi hjá viðkomandi lánastofnun á Spáni, sem auðveldar og tryggir kaupendum fagleg vinnubrögð. Húsið er í hverfi sem er ca 50 fm sunnan við Alicante og er um 45 mín akstur frá flugvelli. 15 mín gangur niður á strönd. Verð 24,0 m. Allar nánari uppl. veitir Steinar S. Jónsson á Lyngvík fasteignasölu.

EINB - RAÐ- OG PARHÚS

BRYGGJUHVERFI - RAÐHÚS
Toppeign sem er vel staðsett, 204 fm raðhús ásamt innbyggðum tvöföldum bílskúr. Á jarðhæð er stórt herb.með sér snyrtingu. Húsið stendur við sjávarkambinn við Básbryggju með fallegu útsýni út á sundin. **V. 33,9 m.**

ÁSTÚN - FOSSVOGSDALUR

Góð og mjög vel staðsett 73,7 fm 3ja herbergja íbúð á 4.hæð. Forstofa með flísum og skáp. Tvö herbergi með parketi og skápum. Stofa með parketi og vestur svölum. Rúmgott eldhús með kork á gólfi, innréttingu og borðkrók. Flísalagt baðherbergi, baðkar og innrétting.

ENDURBYGGINGAR

BERGSTAÐASTRÆTI - Vorum að fá í sölu tveggja íbúða hús á besta stað í Þingholtunum með fyrirhugðum byggingarétti í stað núverandi húss. Gott tækifæri fyrir réttan aðilla. teikningar á skrifstofu. Gott tækifæri.

ÁLFKONUHVARF - NÝBYGGING VIÐ ELLIÐAVATN

3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR. ÁLKLÆTT LYFTUHÚS. SÉR INNGANGUR AF GLERLOKUÐUM SVÖLUM. EFRI SKÁPAR Í ELDHÚSI NÁ UPPÍ LOFT.
STÆÐI Í BÍLGEYMSLU MEÐ ÖLLUM ÍBÚÐUM. SÉR ÞVOTTARHÚS Í HVERRI ÍBÚÐ. UPPHENGT WC OG HANDKLÆÐAOFN Á BAÐI.
SVALIR Í HÁ-SUÐUR.

AFHENDING Í APRÍL FULLBÚNAR ÁN GÓLFEFNA. Verð á 3ja herbegja íbúð Kr. 18.600.000.-
Dæmi um greiðslutilhögun.
Greitt við kaupsmaning: kr. 1.000.000
80% lán á 4,15 % vöxtum kr. 14.880.000
greitt við afhendingu kr. 1.720.000
greitt við afsal 1 .mán seinna kr. 1.000.000
kr. 18.600.000
Verð á 4ra herbergja íbúð kr. 24.800.000
Dæmi um greiðslutilhögun:
Við kaupsamning kr. 2.000.000.-
80 % lán á 4,15% vextir kr. 19.840.000
greitt við afhendingu kr. 1.960.000
greitt við afsal 1. mán seinna kr. 1.000.000
kr. 24.800.000

LYNGVÍK FASTEIGNASALA

4RA HERB

HÁHOLT - HAFNARFIRÐI.
Vorum að fá í sölu vel staðsetta 109 fm 4ra herb. endaíbúð á efstu hæð með suðursvölum. Afhending í febrúar n.k. Verð. 16,4 m.

3JA HERB.

KEFLAVÍK - LAUS Vorum að fá til sölumeðferðar 3ja herbergja rísíbúð í miðbæ Keflavíkur. Búið að teikna, samþykki fyrir að setja heilan mænir frá austur til vesturs og setja gafla í þakið. Íbúðin er laus og er sýnd í samráði við sölumenn Lyngvíkur S: 588-9490 (2423) Tilvalið fyrir laghenta! Verð 5,1 m.

2JA HERB.

ASPARFELL - SÉR INNGANGUR AF SVÖLUM Vorum að fá 71 fm 2ja herbergja íbúð á 5.hæð með sér inngangi af svölum. Sameiginlegt þvottahús á hæðinni með fimm íbúðum. Möguleiki á stuttum afhendingartíma. V. 10,6 m.

LANDIÐ

GILSBAKKI - EINBÝLI - HVOLSVELLI Mjög vandað einbýlishús 117,9 fm ásamt bílskúrsrétti. Húsið er á einni hæð með stofu, eldhúsi, þrem herbergjum, tveim baðherbergjum og þvottahúsi. Allar innréttingar eru vandaðar (1631)

VOGAR VATNSLEYSUSTRÖND - LAUS VIÐ KAUPSAMNING
Góð 3ja herbergja íbúð á fyrstu hæð í Vogunum. Sér geymsla og suður svalir. Mjög snyrtileg eign á góðum stað. Aðeins 40 mín. akstur til RVK.

HEIÐARVEGUR MEÐ SÉRINNGANGI Á SELFOSSI. Glæsileg 3ja herbergja 76,3 fm íbúð á 2. hæð með sérinngang. Tvö góð herbergi með parketi á gólfi og annað með skáp. Stofa með parketi og suður svölum. Eldhús með parketi, fallegri innréttingu og borðkrók. Flísalagt baðherbergi með innréttingu og baðkari. Þvottahús innan íbúðar. Húsið er viðhaldsfrítt að utan. Lóð og bílastæði fullfrágengin. (2397)

KLAPPARSTÍG - MEÐ BÍLSKÚR - REYKJANESBÆ Glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum 118 fm og sérstæðum bílskúr 30 fm alls 148 fm í hjarta bæjarins. Á neðri hæðinni er gesta wc. borðstofa, stofa, eldhús, þvottahús og geymsla. Á efri hæðinni er tvö svefnherbergi annað með suður svölum, baðherbergi móe sturutklefa og hol/alrými. Bílskúrinn er útbúin að hluta sem herbergi og geymsla. Möguleiki á skipta á íbúð í Reykjavík. (2436)

ATVINNUHÚSNÆÐI

AUÐBREKKA VERSLUNAR - SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI
Gott 152,4 fm verslunar og skrifstofuhúsnæði á jarðhæð með stórum gluggum. Hentar fyrir litla heildsölu, sérvöruverlsun, bókhalsstofu eða annan sambærilegan rekstur. Afhending getur orðið um áramót. Áhv. 8,5 m í góðu láni. (2421)

MELABRAUT - LAUS - HAFNARFIRÐI
Gott 86,4 fm iðnaðarhúsnæði á jarðhæð með stórum innkeyrsludyrum og malbikuðu plani. Lofhæð 4,5 - 5,0 metrar. Þetta er pláss sem býður uppá ýmsa mögleika. **V 6,9 m** Áhv. ca 2,8 m. í góðu láni. (2386)

BÍLDHÖFÐI LAUST VIÐ KAUPSAMNING. Höfum fengið til sölumeðferðar atvinnuhúsnæði 142,4 fm með stórum innkeyrsludyrum og góðu malbikuðu plani fyrir framan. Góð aðkoma er að þessu húsnæði. Allar nánari upplýsingar á skrifstofu Lyngvík fasteignasölu S. 588-9490

ALICANTE - SUMARHÚS Á SPÁNI

Höfum verið beðin að annast milligöngu á sölu á mjög vel staðsettu ca 110 fm einbýlishúsi á Alicante á Spáni. Húsið sem er á tveimur hæðum skiptist eftirfarandi. Á neðri hæð er stofa og borðstofa, svefnherbergi, eldhús, baðherbergi m/sturtu og þvottaherbergi. Á efri hæð eru tvö svefnherbergi og gott baðherbergi. Húsið selst með öllum búnaði og er til afhendinga eftir samkomulagi. Eigandinn er Íslendingur sem starfað hefur s.l 7 ár á Spáni fyrir íslenskt fyrirtæki og mun hún annast alla milligöngu vegna sölunnar, og einnig aðstoða við fjármögnun allt að 70 % af kaupverði, og er Íslendingur starfandi hjá viðkomandi lánastofnun á Spáni, sem auðveldar og tryggir kaupendum fagleg vinnubrögð. Húsið er í hverfi sem er ca 50 fm sunnan við Alicante og er um 45 mín akstur frá flugvelli. 15 mín gangur niður á strönd. Verð 24,0 m. Allar nánari uppl. veitir Steinar S. Jónsson á Lyngvík fasteignasölu.

EINB - RAÐ- OG PARHÚS

BRYGGJUHVERFI - RAÐHÚS
Toppeign sem er vel staðsett, 204 fm raðhús ásamt innbyggðum tvöföldum bílskúr. Á jarðhæð er stórt herb.með sér snyrtingu. Húsið stendur við sjávarkambinn við Básbryggju með fallegu útsýni út á sundin. **V. 33,9 m.**

ÁSTÚN - FOSSVOGSDALUR

Góð og mjög vel staðsett 73,7 fm 3ja herbergja íbúð á 4.hæð. Forstofa með flísum og skáp. Tvö herbergi með parketi og skápum. Stofa með parketi og vestur svölum. Rúmgott eldhús með kork á gólfi, innréttingu og borðkrók. Flísalagt baðherbergi, baðkar og innrétting.

ENDURBYGGINGAR

BERGSTAÐASTRÆTI - Vorum að fá í sölu tveggja íbúða hús á besta stað í Þingholtunum með fyrirhugðum byggingarétti í stað núverandi húss. Gott tækifæri fyrir réttan aðilla. teikningar á skrifstofu. Gott tækifæri.

ÁLFKONUHVARF - NÝBYGGING VIÐ ELLIÐAVATN

3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR. ÁLKLÆTT LYFTUHÚS. SÉR INNGANGUR AF GLERLOKUÐUM SVÖLUM. EFRI SKÁPAR Í ELDHÚSI NÁ UPPÍ LOFT.
STÆÐI Í BÍLGEYMSLU MEÐ ÖLLUM ÍBÚÐUM. SÉR ÞVOTTARHÚS Í HVERRI ÍBÚÐ. UPPHENGT WC OG HANDKLÆÐAOFN Á BAÐI.
SVALIR Í HÁ-SUÐUR.

AFHENDING Í APRÍL FULLBÚNAR ÁN GÓLFEFNA. Verð á 3ja herbegja íbúð Kr. 18.600.000.-
Dæmi um greiðslutilhögun.
Greitt við kaupsmaning: kr. 1.000.000
80% lán á 4,15 % vöxtum kr. 14.880.000
greitt við afhendingu kr. 1.720.000
greitt við afsal 1 .mán seinna kr. 1.000.000
kr. 18.600.000

Verð á 4ra herbergja íbúð kr. 24.800.000
Dæmi um greiðslutilhögun:
Við kaupsamning kr. 2.000.000.-
80 % lán á 4,15% vextir kr. 19.840.000
greitt við afhendingu kr. 1.960.000
greitt við afsal 1. mán seinna kr. 1.000.000
kr. 24.800.000

BIFRÖST fasteignasala
Brú milli kaupenda og seljenda
Vegmúla 2 • Sími 533-3344 • Fax 533-3345

hus.is - aðili að www.hus.is

Pálmi B. Almarsson
Löggiltur fasteignasali

Lárus Ingi Magnússon
Sölumaður

Katrín Magnúsdóttir
Ritari

Sverrir B. Pálmason
Sölumaður

Laufrimi - Sér inngangur

Vorum að fá í sölu glæsilega innréttaða 88 m≤, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð með sér inngangi. Parket, granít og marmari á gólfum. Þetta er íbúð í sérflokki. Verð 17,2 millj.

Garðabær - Strandvegur

Glæsilegar 3ja og 4ra herb. íbúðir í glæsilegu fjöleignahúsi í nýja strandhverfinu í Garðabæ. Afh. fullbúin án gólfefna í mars n.k. Stæði í bílgeymslu. Verð 20,8 millj.

Sjáland-Norðurbrú

Glæsilegar 3ja og 4ra herbergja íbúðir í þessu glæsilega hverfi í Garðabæ. Íbúðirnar eru til afh. mars n.k. fullbúnar án gólfefna. Stæði í bílgeymslu. Verð frá 20,4 millj.

Furugrund

Vorum að fá í sölu 2ja herb. íbúð á 1. hæð í fjöleignahúsi. Suður svalir. Parket. Verð 11,5 millj.

Vesturberg

Vorum að fá í sölu 64 m≤ 2ja herbergja íbúð á 5 hæð í fjöleignarhúsi. Góðar vestur svalir með útsýni yfir borgina. Verð 10,6 millj.

VANTAR EIGNIR Á SKRÁ • SKRÁÐ EIGN ER SELD EIGN

Skoðið nýja og glæsilega heimasíðu okkar, fasteignasala.is

SAMTENGD SÖLUSKRÁ FIMM FASTEIGNASALA • EIN SKRÁNING • MARGFALDUR ÁRANGUR • HUS.IS

BIFRÖST Vegmúla 2 • Sími 533-3344 • Fax 533-3345 www.fasteignasala.is netfang: bifrost@fasteignasala.is

F2

Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir

Dvergabakki - 3JA HERB

Stærð eignar: 93,3 fm
Fjöldi herb.: 4
Byggingarár: 1971
Brunab.mat: 10,9 millj.
Verð: **13,7 millj.**

Þorkell Ragnarsson
520-9557 898-4596
thorkell@remax.is

GÓÐ 3JA HERB. ÍBÚÐ Á EFSTU HÆÐ, ÁSAMT GÓÐU AUKA HERB. Í KJALLARA. SUÐUR SVALIR. Vel skipulögð og rúmgóð íbúð í mjög góðu fjölbýli, sem er vel við haldið og í góðu ástandi. Sameiginlegt þvottahús með tækjum. Falleg lóð. Mjög barnvænt umhverfi. Stutt er í alla þjónustu, Mjóddina, Grunnskóla, Leikskóla. LAUS STRAX.

RE/MAX Mjódd
Guðmundur Þórðarson lögg. fasteignasali

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

Óðinsgötu 4 • Sími 570 4500 • Fax 570 4505 • Kt. 440973-0359
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Óðinsgötu 4, sími 570-4500, fax 570-4505. Opið virka daga frá kl. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - http://www.fastmark.is/
Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fasteignasali.
Unnar Smári Ingimundarson, viðskiptafr. og lögg. fasteignasali

EIGNIR ÓSKAST

- SÉRBÝLI ÓSKAST Í STAÐAHVERFI
- HÖFUM KAUPANDA AÐ EINBÝLISHÚSI, RAÐHÚSI EÐA PARHÚSI
- Í NEÐSTU RÖÐINNI Í STAÐAHVERFI, GRAFARVOGI SEM ÞEGAR ER BÚINN AÐ SELJA. STAÐGREIÐSLA Í BOÐI FYRIR RÉTTA EIGN.
- EINBÝLISHÚS ÓSKAST Á SELTJARNARNESI
- ÓSKUM EFTIR EINBÝLISHÚSI, UM 200 FM EÐA STÆRRA, Á SELTJARNARNESI FYRIR TRAUSTA KAUPENDUR.

Brúarás

Mjög fallegt um 250 fm raðhús, kjallari og tvær hæðir, auk 40 fm bílskúrs. Um 30 fm vinnuaðstaða undir bílskúr. Tvær íbúðir eru í húsinu í dag. Eignin skiptist m.a. í rúmgóða og bjarta stofu, eldhús, sjónvarpshol, 4 rúmgóð herbergi, baðherbergi og gesta w.c. auk sér 3ja herb. íbúðar í kjallara. Ræktuð lóð með hellulagðri verönd. Nánari uppl. veittar á skrifstofu.

Sólheimar – efri hæð m. bílskúr

Glæsileg 166 fm 6 herbergja efri hæð í nýlegu fjórbýlishúsi á þessum eftirsótta stað auk sér geymslu á jarðhæð og 31 fm bílskúrs. Hæðin skiptist í forstofu, þvottaherbergi, rúmgott hol, 4 góð herbergi, stórar og bjartar stofur með síðum gluggum, eldhús með sérsmíðuðum innréttingum og góðri borðaðstöðu og stórt flísalagt baðherbergi. Suðvestursvalir, glæsilegt útsýni yfir borgina. Hiti í innkeyrslu og tröppum upp að húsi. Verð 35,5 millj.

Skúlagata- eldri borgarar.



Glæsileg 102 fm 3ja ñ 4ra íbúð á 4. hæð í þessu eftirsótta lyftúhúsi fyrir eldri borgara ásamt sér bílskúr. Íbúðin skiptist í forstofu, stóra stofu m. fallegu útsýni út á sundin, sjónvarpshol, þvottaherb., 2 herbergi, bæði með skápum, rúmgott eldhús með góðri borðaðst. og baðherb. Parket og dúkar á gólfum. Sameign til fyrirmyndar. Verð 25,9 millj.

Veghúsastígur.

272 fm neðri hæð í góðu steinhúsi. Hæðin hefur verið innréttuð sem gistiheimili og skiptist í 5 herbergi, 3 baðherbergi og svefnskála sem getur hýst allt að 25 manns í kojum. Eignin er mikið endurnýjuð. Allt innbú til rekstrar gistiheimilis fylgir með í kaupunum. Bílastæði á lóð. Verð 49,0 millj.

Laugavegur.

Höfum fengið til sölu 11 glæsilegar og algjörlega endurnýjaðar samþykktar íbúðir í miðbæ Reykjavíkur. Íbúðirnar eru frá 34 fm og upp í 70 fm að stærð og eru allar með nýjum innréttingum og tækjum. Nýtt parket á gólfum. Til afhendingar strax. Verð 115,0 millj.

Hverfisgata.

Glæsileg 436 fm heil húseign, tvær hæðir og kjallari auk rislofts, í miðborginni. Í húsinu er rekið gistiheimili. Á aðalhæð eru m.a. móttaka, 5 herbergi og baðherbergi, á 2. hæð eru 4 íbúðarherbergi auk stúdíóíbúðar á tveimur hæðum og í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, matsalur og baðherbergi. Eignin er mikið endurnýjuð jafnt að innan sem utan. Verð 99,0 millj.

Nýbyggingar

Strandvegur-Gbæ Nýjar og vandaðar 3ja - 4ra herb. íbúðir í 3ja hæða fjölbýlishúsi. Stærðir frá 96 fm upp í 126 fm, flestar með vestursvölum. Ath. fullbúnar án gólfefna nema baðherb. og þvottaherb. verður flísalagt. Vand. innréttingar. Stæði í bílgeymslu fylgir öllum íbúðunum. Lyfta í húsi nr. 12. Afh. snemma árs 2005. Byggingaraðili: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars. Teikn. og allar nánari uppl. veittar á skrifstofu.

Norðurbrú-Gbæ Nýjar og vandaðar 3ja - 4ra herb. íbúðir í 3ja hæða fjölbýlishúsi. Stærðir frá 96 fm upp í 125 fm, flestar með vestursvölum. Ath. fullbúnar án gólfefna nema baðherb. og þvottaherb. verður flísalagt. Vand. innréttingar. Stæði í bílgeymslu fylgir öllum íbúðunum. Lyfta í húsinu. Afhending í febrúar 2005. Byggingaraðili: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars. Teikn. og allar nánari uppl. veittar á skrifstofu.

Sérbýli

Óðinsgata - Heimagisting Heil húseign við Óðinsgötu auk bakhúss, samtals 316 fm. auk kjallara. Húsið er í góðu ásigkomulagi jafnt að innan sem utan og þó nokkuð mikið endurnýjað. Á 1. hæð er 3ja herb. íbúð. Á 2. hæð er 2ja herb. íbúð auk stórrar stofu og þvottaherb. Stórar svalir til suðurs á hæðinni. Á 3. hæðinni er stór 5 herb. íbúð með svölum til suðausturs. Bakhúsið skiptist í 4 rúmgóð herb., stórt eldhús / stofu og tvö baðherb. Nánari uppl. á skrifstofu og sjá heimasíðu www://vortex.is/odinn. Verð 62,0 millj.

Brúnastekkur. Fallegt 334 fm einbýlishús á tveimur hæðum ásamt 50 fm tvöf. bílskúr. Eignin skiptist m.a. í gesta w.c., eldhús með góðum borðkrók, stofu, borðstofu, fjölda herbergja, tvö baðherb. auk 67 fm séríbúðar. Mikið útsýni úr stofu. Falleg ræktuð lóð með hellulögðum veröndum og vegghleðslum. Hiti í stéttum fyrir framan hús. Verð 48,5 millj.

Skipasund. Glæsileg 225 fm húseign, tvær hæðir og kj. ásamt 36 fm bílskúr. Eignin skiptist annars vegar í glæsilega 123 fm íbúð á hæðinni og í risi og hins vegar í 66 fm íbúð í kj. Eign sem er mikið endurnýjuð og í góðu ásigkomulagi. Verð 50,0 millj.

Hæðir

Ægisíða. Mjög falleg 106 fm 4ra herb. efri hæð í þríbýli við Ægisíðu. Nýleg innrétting frá HTH í eldhúsi og vönduð tæki, rúmgóð og björt stofa með góðri lofthæð, 3 herb. og nýlega endurn. baðherb. að hluta. Parket og flísar á gólfum. Flísalagðar svalir. Sér geymsla í kj. og geymsluris. Verð 19,5 millj.

4ra-6 herb.

Veghús. Stórglæsileg 175 fm 6 herb.íbúð tveimur hæðum (3.og 4. hæð) ásamt 24 fm innb. bílskúr. Eignin skiptist m.a. í samliggj. stofur með góðri lofthæð, eldhús m. vönd. innrétt., 4 svefnherb.,2 flísalögð baðherb., þvottaherb. og alrými (sjónvarpsaðst.) á efri hæð. Parket og flísar á gólfum. Stórar suðursvalir út af stofu. Stutt í skóla, sundlaug og þjónustu. Verð 28,9 millj.

Háaleitisbraut. Nýkomin í sölu 111 fm 4ra herb. íbúð á 3. hæð í þessum eftirsóttu fjölbýlum. Tvær samliggjandi stofur og 2 herb. Hús í góðu ásigkomulagi að utan. Útsýni. Nánari uppl. á skrifstofu.

Óðinsgata. Falleg 94 fm 4ra herb. íbúð, hæð og ris, með sérinng. í Þingholtunum. Íbúðin skiptist í tvær stofur, tvö herb., eldhús með eldri innrétt., baðherb. og snyrtingu. Sér geymsla og sameiginlegt þvottahús í kjallara. Svalir út af annari stofunni með útsýni yfir Tjörnina. Verð 18,5 millj.

Skipholt m. bílskúr Björt og mikið endurnýjuð 105 fm endaíbúð á 3. hæð. Íbúðinni fylgir 8,3 fm sér íbúðarherb. og sér geymsla í kj. og 22 fm bílskúr. Íbúðin skiptist í stórt hol, eldhús m. nýjum vönd. tækjum, uppgerðum innrétt. og góðri borðaðstöðu, bjarta stofu, 3 rúmgóð herb. og nýlega endurnýjað flísalagt baðherb. Vesturs valir. Gler og gluggar nýjir að hluta. Parket og mósaikflísar á gólfum. Verð 18,7 millj.

3ja herb.

Hverfisgata. Talsvert endurnýjuð 67 fm íbúð á jarðhæð í góðu steinhúsi ásamt 6,4 fm. útigeymslu. Endurnýjað baðherb., eldhús m. borðaðst., björt stofa og 2 rúmgóð herb. Ræktuð sameiginl. lóð. Verð 11,9 millj.

Írabakki. Falleg og vel skipulögð 78 fm íbúð á 2. hæð auk 4,9 fm sér geymslu í kj. Björt stofa m. stórum svölum til suðurs og austurs, eldhús m. góðri borðaðst., flísalagt baðherb. og tvö parketl. herb. Þvottaherb. innan íbúðar. Verð 14,1 millj

Stigahlíð. Falleg og björt 75 fm 3ja - 4ra herb. íbúð á 3. hæð í góðu fjölbýli í Hlíðunum auk sér geymslu í kj. Eldhús m. góðri borðaðst. og uppgerðum innrétt., rúmgóð parketlögð stofa, stórt hol þar sem væri möguleiki að útb. herb., 2 rúmgóð herb. og baðherb. Suðursvalir. Verð 14,9 millj.

Bláhamrar- útsýni. Vel skipulögð 108 fm 4ra herb. íbúð með sérinng. á efri hæð í tveggja hæða húsi. Íbúðin skiptist í eldhús m. nýjum tækjum og góðri borðaðst., björt stofa, baðherb. m. miklum innrétt. og 3 herb. Sólskáli út af stofu. Sér geymsla í kj. Verð 17,9 millj.

Svarthamrar- sérinng. Falleg 92 fm endaíbúð á 3. hæð m. sérinng. auk sér geymslu. Rúmgóð stofa m. útg. á suðaust.svalir, flísal. sólskáli, eldhús m. góðri borðaðst., 2 stór herb. með góðum skápum og baðherb.m. þvottaaðst. Húsið nýtekið í gegn að utan. Stutt í alla þjón., skóla og leikskóla. Verð 16,5 millj.

Grensásvegur. Nýkomin í sölu góð 78 fm íbúð á 3. hæð ásamt 7,9 fm geymslu í kj. Rúmgóð og björt stofa/borðst. m. svölum í s/v., 2 herb., bæði með skápum, eldhús með fallegri innrétt. og borðaðst. og flísal. baðherb. Parket og flísar á gólfum. Verð 14,1 millj

Seljavegur. Góð 67 fm íbúð á 1. hæð auk sér geymslu í kj. Íb. skiptist í hol, rúmgott eldhús m. borðaðst., flísalagt baðherb., 2 herb. og parketl. stofu m. útg. á stórar suðursvalir. Nánari uppl. á skrifst.

2ja herb.

Vitastígur -20 fm þaksvalir. Glæsileg og mikið endurnýjuð 61 fm íbúð á 2. hæð í þríbýli ásamt um 20 fm þaksvölum. Baðherb. allt endurnýjað og ný innrétt. í eldhúsi. Eikarfjalir á gólfum. V.14,9 millj.

Melhagi. Algjörlega endurnýjuð 70 fm 2ja herb. íbúð á jarðhæð í endurbyggðu húsi við Melhaga auk sér stæðis í bílageymslu. Íbúðin sem er með um 3 metra lofthæð er öll endurnýjuð m.a. gólfefni, innréttingar, lagnir o.fl. Afh. fljótlega. Verð 18,9 millj.

Vesturgata. Glæsileg 48 fm íbúð á 3. hæð í nýlega uppgerðu steinhúsi í miðborginni auk sér geymslu í kj. Innréttingar, gólfefni, gler og gluggar og raflagnir var allt endurnýjað fyrir nokkrum árum. Sér bílastæði á lóð. Verð 13,5 millj.

Atvinnuhúsnæði

Bakkabraut-Kóp. Atvinnuhúsnæði samtals að gólffleti 302 fm sem skiptist í tvö bil, 151 fm hvort. Annað bilið er vel innréttað og með litlu millilofti, en hitt er minna innréttað, en með stóru og góðu millilofti. Getur elst sitt í hvoru lagi. Nánari uppl. veittar á skrifstofu.

Hólshraun-Hf. 217 fm vel skipulögð, björt og mikið endurnýjuð skrifstofuhæð með góðri aðkomu og nægum bílastæðum. Hæðin skiptist í stórt opið rými, 4 afstúkaðar skrifstofur, möguleiki á fleirum, 2 snyrtingar, tölvurými og eldhúsaðstöðu. Mikil lofthæð á allri hæðinni. Verð 20,9 millj.

Suðurlandsbraut. Vel staðsett og glæsilegt um 400 fm verslunarhúsnæði með miklum gluggum auk kjallara sem er nýttur sem lager og verslun. Getur nýst hvort sem er sem ein heild eða í tvennu lagi. Fjöldi malbikaðra bílastæða. Hús nýlega viðgert og málað að utan. Verð 89,0 millj.

SAMTENGD SÖLUSKRÁ FJÖGURRA FASTEIGNASALA - EIN SKRÁNING - MINNI KOSTNAÐUR - MARGFALDUR ÁRANGUR

NETHÚS
FASTEIGNASALA

Opnunartími: mán-fim 9-17 / föst 9-16

AÐEINS 1% SÖLUÞÓKNUN

Alfreð Þorsteinsson hefur starfað lengi og lagt mikið af mörkum fyrir Reykvíkinga. Hann á þakkir og heiður skilið fyrir vel unnin störf. Engu að síður tel ég að best sé fyrir hann – og flokkinn í Reykjavík – að hann dragi sig út úr forystunni og hleypi óþreyttum hlaupurum á brautina. Það sannast einu sinni enn í kringumstæðum Alfreðs að það krefur hann meiri djörfungar að hætta en halda áfram. En af hverju segi ég þetta. Jú það er einfalt. Alfreð selur ekki lengur! Fylgið minnkar ár frá ári og þá er ekki annað að gera en að stokka upp og sýna kjósendum að við höfum aðra valkosti en þá sem í boði hafa verið. Við þurfum eins og nafn flokksins ber með sér að þora að sækja fram – tefla fram nýjum mönnum – að koma fram með nýjar hugmyndir og áherslur í barátttuna. Annars höldum við áfram að tapa.

Theodór Birgisson á hrifla.is

Neysluhyggjan.

Neysla á vörum og þjónustu sem er okkur ekki nauðsynleg er áberandi einkenni á vestrænu samfélagi. Markaðssetning og auglýsingar innræta fólki „þarfir“ og hinn almenni borgari missir sig í taumlausri neyslu. Neysluhyggja hinna vestrænu samfélaga á sér margar skuggahliðar sem ég vil ræða um í þessum pistli. Fyrst vil ég nefna það sem mest sker í augun. Á sama tíma og við búum við ofneyslu af öllu tagi berst stór hluti íbúa heimsins við skort á lífsnauðsynjum og menntun og heilsugæsla er ekki í boði fyrir alla.

Guðný Hildur Magnúsdóttir á vg.is/postur

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

EDITH WHARTON (1862-1937)
er fædd þennan dag.

„Ef við bara gætum hætt að eltast við hamingjuna þá myndum við skemmta okkur nokkuð vel.“

Langur rithöfundarferill Edith Wharton spannaði yfir fjörutíu ár og skilaði sér í útgáfu meira ein fjörutíu bóka.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST

Skólinn lokaður í þrjár vikur

Þennan dag árið 1969 var hinum virta skóla London School of Economics í miðborg London lokað vegna deilna skólayfirvalda og nemenda og var lokaður í þrjár vikur samfleytt.

Skólanum var lokað í kjölfar óeirða sem urðu þegar nemendur mótmæltu harðlega uppsetningu öryggisgirðingar úr stáli. Vildu sumir meina að skólinn hefði með uppsetningu girðingarinnar fengið ásýnd fanga-, eða jafnvel útrýmingarbúða. Margir nemendur og sumir úr starfsliði skólans litu á girðinguna sem mikla ögrun.

Lögregla var kölluð til þegar mótmælendur höfðu, með hjálp kúbeina, haka og sleggja, brotist í gegnum girðinguna á sjö stöðum. Hafði girðingin verið sett upp aðeins viku fyrr. 25 nemendur voru handteknir og fluttir á lögreglustöðina í Bow Street. Á eftir mynduðu mótmælendur breiðfylkingu og kröfðust þess að félagar þeirra yrðu látnir lausir.

Skólinn kærði 13 manns, þar á meðal þrjá úr kennaraliði skólans, sem sagðir voru höfuðpaurar mótmælanna. „Vandræðagemsarnir“ voru reknir úr skólanum í mánuð og ekki leyft að snúa aftur nema gegn loforði um að skipta sér ekki af stjórnsýslu skólans, eða valda frekari skemmdum á eignum hans.

LUNDÚNALÖGREGLAN AÐ STÖRFUM
Tveir kennaranna þriggja voru svo reknir í kjölfarið og nokkur hópur nemenda hlaut refsingu í einhverri mynd fyrir að trufla fyrirlestra.

Á síðari hluta sjöunda áratugarins voru nemendaóeirðir nokkuð algengar víða í löndum Evrópu og í Bandaríkjunum. ■

MERKISATBURÐIR

1798 Uppreisn hefst á Írlandi gegn ofríki Breta, fyrst í sýslum nærri Dyflinni.

1855 Kirkjan á Hvanneyri á Siglufirði fauk af grunni sínum og lenti á hliðinni í kirkjugarðinum.

1908 Robert Baden-Powell stofnar fyrsta skátahópinn í Englandi.

1935 Dósabjór er seldur í fyrsta sinn í Bandaríkjunum.

1965 Winston Churchill fyrrum forsætisráðherra Breta deyr, nírræður að aldri.

1966 117 farþegar Air India láta lífið þegar Boeing-707 þota félagsins flýgur á Mont Blanc.

1985 Jón Páll Sigmarsson, 25 ára, sigraði í keppni um titilinn „sterkasti maður heims“ fyrstur Íslendinga.

AFMÆLI

Gísli Jakob Alfreðsson leikari er 72 ára í dag.

Árni Bergur Sigurbjörnsson sóknarprestur er 64 ára í dag.

Vigfús Geirdal sagnfræðingur er 57 ára í dag.

Valdimar Leifsson kvikmyndagerðarmaður er 52 ára í dag.

Hrólfur Jónsson sviðsstjóri og fv. slökkviliðsstjóri er fimmtugur í dag.



Hilmir Snær Guðnason leikari er 36 ára í dag.

Inger Anna Aikman blaðamaður er 41 árs í dag.

Róbert Melax stofnandi Lyfju og viðskiptajöfur er 45 ára í dag.

ANDLÁT

Sigurlaug Kristín Jóhannsdóttir, Sóltúni 2, Reykjavík, lést þriðjudaginn 11. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Jóna Svanhvít Hannesdóttir, Norðurbrún 1, Reykjavík, lést föstudaginn 14. janúar.

Elín Katrín Guðnadóttir, frá Rifi, lést mánudaginn 17. janúar.

Kristín J. Þorsteinsdóttir, frá Eskifirði, síðast búsett í Reykjavík, lést fimmtudaginn 20. janúar.

Trausti Bergsson, lést á Köbenhavns Amts Sygehus, fimmtudaginn 20. janúar.

Jóhann Þórarinsson, Arnarhrauni 15, Hafnarfirði, lést föstudaginn 21. janúar.

JARÐARFARIR

13.00 **Gylfi Árnason** Árskógum 2, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni.

13.00 **Indriði Ísfeld** verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju.

15.00 **Gunnar Friðriksson** frá Látrum í Aðalvík, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni.

15.00 **Kristín María Magnúsdóttir** Háaleitisbraut 14, Reykjavík, verður jarðsungin frá Háteigskirkju.

BRÍET BJARNHÉÐINSDÓTTIR, ÞÓRUNN JÓNASSEN, KATRÍN MAGNÚSSON OG GUÐRÚN BJÖRNSDÓTTIR FRÁ PRESTHÓLUM

KVENNALISTI Í REYKJAVÍK ÁRIÐ 1908:

Hefðu getað komið fimmtu konunni að

Níutíu og sjö ár eru í dag frá því að þeim merka áfanga var náð í réttindabaráttu kvenna að kvennalisti sigraði glæsilega í bæjarstjórnarkosningum í Reykjavík, með 21,8 prósent greiddra atkvæða. Næsti listi á eftir fékk 14,9 prósent og þrjá kjörna.

Á kvennalistanum voru einungis fjórar konur, en kjörfylgi listans var slíkt, að þær hefðu getað komið þeirri fimmtu að. Í nýrri bæjarstjórn eftir kosningarnar sátu 15 fulltrúar. Í framboði voru einir átján listar, sumir myndaðir í kringum einstaklinga, en aðrir um sérstök málefni.

Ný lög um bæjarstjórnarkosningar voru sett árið áður, en í þeim var bæjarfulltrúum Reykjavíkur fjölgað um tvo og ákveðið að kjósa skyldi um alla í næstu kosningum. Eftirleiðis átti svo að kjósa um fimm sæti í einu á tveggja ára fresti. Þá var ákveðið að giftar konur fengju kosningarétt og kjörgengi. Við þá breytingu fjölgaði til muna á kjörskrá. Bríet Bjarnhéðinsdóttir sem árið áður stóð að stofnun Kvenréttindafélags Ísland og var formaður þess rak í Kvennablaði sínu harðan áróður fyrir því að konur tækju þátt í bæjarstjórnarkosningunum. Ekki gekk hins vegar mjög vel að fá frambjóðendur á kvennalistann sem bauð fram með það að markmiði að koma konum að, en án skýrra áherslna annarra. Á endandum fór þó svo að fjórar virðulegar konur á sextugsaldri gáfu kost á sér, Bríet Bjarnhéðinsdóttir, formaður Kvenréttindafélags Íslands, Guðrún Björnsdóttir, mjólkursali, Katrín Magnússon, formaður Hins íslenska kvenfélags og Þórunn Jónassen, formaður Thorvaldsensfélagsins.

VEFUR KVENRÉTTINDAFÉLAGS ÍSLANDS Árið 1907 bjó Bríet Bjarnhéðinsdóttir í Þingholtsstræti 18, en þar var Kvennréttingafélag Íslands var stofnað í upphafi árs. Í dag má nálgast upplýsingar um félagið á slóðinni krfi.is.

Framhaldið í bæjarstjórn var þó ekki jafn glæsilegt fyrir konur og kosningin gaf til kynna að gæti orðið. Iðulega var haft á orði að þær væru framtakslitlar. Undantekning þar á var þó Bríet Bjarnhéðinsdóttir sem ekki lét sér nægja að sitja þegjandi á fundum og láta karla um ákvarðanatöku um framkvæmdir. Hún beitti sér í gatnagerðarmálum og fleiri málaflokkum sem ekki þóttu sérlega kvenlegir. Fyrsti valtarinn sem fenginn var til landisins var til dæmis nefndur í höfuðið á Bríeti. Undirtektirnar voru hins vegar ekki glæsilegar þegar hún, fyrst kvenna, tók til máls í bæjarráði. Þar bað hún um 150 króna styrk til að kenna stúlkum sund, en áður hafði verði samþykkt að veita 450 krónum í að kenna drengjum að synda. Þá er einn karlanna í röðum bæjarfulltrúa sagður hafa staðið upp og sagt: „Vel byrjar það. Var svo sem við öðru að búast. Ég tel hyggilegast að stemma á að ósi strax. Hér á ekki að líðast heimtufrekja.“ Stúlkurnar fengu þó sundstyrkinn engu að síður. ■

Tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík:

Dr. Bjarki A. Brynjarsson ráðinn forseti

Dr. Bjarki A. Brynjarsson hefur verið ráðinn forseti tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík frá og með 18. janúar 2005 og mun þar með taka sæti í framkvæmdastjórn skólans. Hann mun samhliða sinna starfi sínu sem forseti tæknideildar Tækniháskólans eins og verið hefur. Bjarki tekur síðan við starfi forseta nýrrar tækni- og verkfræðideildar sameinaðs háskóla, Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands, sem tekur til starfa fljótlega.

Fráfarandi forseti tölvunarfræðideildar HR, dr. Gísli Hjálmtýsson, mun halda áfram starfi við HR og stýra starfsemi Netsetursins, rannsóknarstofu í netkerfum og netþjónustu. Hann hefur auk þess tekið við starfi framkvæmdastjóra Brúar Venture.

Bjarki lauk Cand. Scient. prófi í rafmagnsverkfræði frá HÍ 1990 og PhD prófi í hagnýtri stærðfræði (rafsegulfræði) frá NTNU í Noregi 1995. Bjarki hefur verið deildarforseti tæknideildar Tækniháskóla Íslands (THÍ) frá 2003 en var áður framkvæmdastjóri nýsköpunarsviðs Nýherja hf. og Klaks ehf. frá 1999. Bjarki hefur kennt og stundað rannsóknir í eðlisfræði, rafsegulfræði, stærðfræði og rafeindatækni hjá HÍ, HR, NTNU, SINTEF og THÍ

og verið prófdómari í verkefnum á BSc, MSc og PhD stigi hjá HÍ, NTNU, Háskólanum í Björgvin og THÍ. Rannsóknarverkefni hafa snúið að gerð stærðfræðilegra líkana, rafeindatækni, þróun upplýsingatækni fyrir rekstur og stjórnun, kortlagningu framtíðartækni og nýsköpun. Bjarki hefur stýrt og tekið þátt í fjölda EU-verkefna, unnið í samstarfi við fjölda háskóla, fyrirtækja og stofnana hér á landi og erlendis og gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum svo sem stjórnar- og nefndarsetu. ■

FÆDDUST ÞENNAN DAG

1705 **Farinelli (Carlo Broschi)** geldingur og söngvari

1746 Gústaf III, Svíakonungur

1776 E.T.A. Hoffman, rithöfundur

1891 Max Ernst, listmálari

1928 Desmond Morris, dýrafræðingur

1941 **Neil Diamond,** tónlistarmaður

1941 Aaron Neville, söngvari

1946 Michael Ontkean, leikari

1949 **John Belushi,** leikari

1960 **Nastassja Kinski,** leikkona

1979 **Tatyana Ali,** söng- og leikkona

VEFUR BREIÐABLIKS Á breidablik.is er að finna upplýsingar um starfsemi íþróttafélagsins og um væntanlega afmælishátíð.

Afmælishátíð í Smáranum:

Breiðablik 55 ára

Breiðablik heldur upp á fimmtíu og fimm ára afmæli sitt og fimmtíu ára afmæli Kópavogsbæjar með afmælishátíð og dansleik í Íþróttahúsinu Smáranum í byrjun næsta mánaðar.

Afmælisdagurinn er laugardagurinn 12. febrúar, eða tæpar þrjár vikur og að sögn Kristjáns Jónatanssonar, framkvæmdastjóra Breiðabliks, stendur til að vera með fjölbreytt skemmtiatriði og úrvals veislumat. Veislustjórar verða landsþekktir menn úr sjónvarpi, Sveppi og Auddi úr 70 mínútum. Þá verður í kjölfar afmælishátíðarinnar blásið til dansleiks í Smáranum þar sem hljómsveitin Stuðmenn leikur fyrir dansi fram á rauða nótt. Miðasala á herlegheitin fer fram í Smáranum til 9. febrúar, en frekari upplýsingar um afmælishátíðina er að finna á vef félagsins, breidablik.is. ■

15% afsláttur
af legsteinum
gegn staðgreiðslu
í janúar og febrúar

Sendum myndalista

MOSAIK
Hamarshöfði 4, 110 Reykjavík, s: 587 1960, www.mosaik.is



RÚNA

NÁÐU FRAM ÞVÍ BESTA!

Við hjálþum þér að:

- *Efla sjálfstraustið*
- *Ná framúrskarandi árangri í mannlegum samskiþtum*
- *Bæta tjáningarhæfnina*
- *Efla leiðtogahæfileikana*
- *Draga úr áhyggjum, streitu og kvíða*
- *Setja þér raunhæf og krefjandi markmið*
- *Bæta þig í tímastjórnun*

KYNNINGARFUNDIR:

24. janúar Grand hótel kl. 20:00-21:15*
27. janúar Grand hótel kl. 20:00-21:15

**Eingöngu fyrir konur*

Einnig bjóðum við sérnámskeið fyrir unglinga á aldrinum 14 til 17 ára og 18 til 22 ára.

NÆSTU NÁMSKEIÐ:

*Fimmtudagur 27. janúar***
Mánudagur 7. febrúar

***Leiðtoga- og samskiþtaþjálfun fyrir konur.*

Námskeiðin standa frá kl. 18:00 til 22:00, eitt kvöld í viku í 12 vikur.

www.dalecarnegie.is

Ásdís Bjarnadóttir flugfreyja hjá Icelandair

Ég hef eflt sjálfstraust mitt, á auðveldara með að taka á flóknari verkefnum í starfinu og ég tek hluti ekki eins nærri mér og ég gerði. Einnig hef ég bætt samskiptahæfileika mína, t.d. ég er betri hlustandi, ég er skilningsríkari og á auðveldara með að setja mig í spor annarra. Ég næ betur til fólks og á auðveldara með að taka fólki eins og það er. Ég er þolinmóðari og samband mitt við mína nánustu hefur styrkst.

DALE CARNEGIE©
ÞJÁLFUN
Sími 555 7080

sport
sport@frettabladid.is

Við hrósum ...

Markúsi Mána Michaelssyni fyrir að sýna það og sanna að það er líf í vinstri skyttustöðu íslenska landsliðsins - stöðunni sem enginn bjóst við að gæfi af sér sex glæsileg mörk í fyrsta leik. Markús Máni nýtti skotin sín vel og skoraði góð mörk á mikilvægum tímapunktum.

Vissir þú að ...

Ólafur Stefánsson varð í gær aðeins annar landsliðsmaðurinn í sögunni sem nær að skora 1000 mörk fyrir Ísland. Kristján Arason skoraði 1089 mörk á sínum tíma en sjöunda mark Ólafs í gær varð það þúsundasta sem hann skorar fyrir landsliðið. Markið kom úr hraðaupphlaupi á 34. mínútu og minnkaði muninn í 16–21.

HM Í HANDBOLTA 2005 TÚNIS

SKRIFAR UM HM Í HANDBOLTA FRÁ TÚNIS

HENRY BIRGIR GUNNARSSON

LEIKIR GÆRDAGSINS

Bikarkeppni karla í körfu

UNDANÚRSLIT

BREIÐABLIK–NJARÐVÍK	76–113

Stig Breiðabliks: Þórarinn Örn Andrésson 24, Jónas Ólason 14, Einar Hannesson 9, Þórólfur Þorsteinsson 9, Jóhannes Hauksson 5, Valdimar Helgason 5, Ágúst Angantýsson 4, Hafþór Björnsson 4, Ólafur Hrafn Guðnason 2.
Stig Njarðvíkur: Brenton Birmingham 20, Jóhann Árni Ólafsson 18, Páll Kristinsson 17, Egill Jónasson 13, Friðrik Stefánsson 11, Ólafur Aron Ingvason 11, Kristján Sigurðsson 8, Halldór Rúnar Karlsson 4, Guðmundur Jónsson 4, Sveinbjörn Skúlason 3, Matt Sayman 3, Anthony Lacky 1.

Njarðvík mætir Fjölni í úrslitaleik í Laugardalshöll 13. febrúar næstkomandi.

Velkomnir aftur!

Ein mesta endurkoma íslenska handboltalandsliðsins var í Túnis í gær þegar „strákarnir okkar“ unnu upp gjörtapaðan leik á fimmtán mínútum og nældu í jafntefli.

HANDBOLTI Lokakaflinn í leik Íslands og Tékklands á HM í Túnis í gær minnti um margt á gömlu góðu tímana. Þá sást barátta og kjarkur sem hefur verið sárt saknað hjá landsliðinu í nokkurn tíma. Mest af öllu þá höfðu strákarnir trú á sjálfum sér og því sem þeir eru að gera en slíkt sjálfstraust var ekki til staðar á síðasta stórmóti. Með viljann að vopni snéri íslenska liðið töpuðum leik sér í hag og nældi í jafntefli, 34-34.

Með örlítilli heppni hefði liðið hreinlega getað unnið leikinn. Það hefði aftur á móti verið rán því íslenska liðið var skelfilega lélegt í 45 mínútur. Aðeins er eitt hægt að segja um varnarleikinn á þessum kafla – glæpsamlegur. Það lak allt inn og 20 mörk Tékka í fyrri hálfleik segja sína sögu. Viggó prufaði fjórar varnaraðferðir í fyrri hálfleik en það skilaði engu. Þennan hluta verður að laga ætli liðið sér eitthvað á þessu móti. Sóknarleikurinn var ansi stirðbusalegur lengi vel. Leikmenn voru mjög stífir og óöryggir í sínum aðgerðum.

Leikkerfi gengu engan veginn upp og talsvert var um klaufamistök. Þegar síðari hálfleikur var hálfnaður hefðu mörg lið pakkað saman. Staðan var þá 28-19 fyrir Tékka og leikurinn svo gott sem tapaður. Þá gerðist eitthvað í kolli leikmanna því þeir byrjuðu að berjast fyrir lífi sínu og voru augljóslega til í að leggja líf og limi undir til þess að fá eitthvað úr leiknum.



ÓSTÖÐVANDI Í SEINNI HÁLFLEIK Guðjón Valur skoraði 6 mörk úr aðeins sjö skotum í seinni hálfleik, þar af komu fimm þeirra úr hraðaupphlaupi.

Á sama tíma fór allur vindur úr Tékkum. Þeir voru gjörsamlega keyrðir í kaf og voru heppnir að tapa ekki leiknum undir lokin því íslenska liðið fékk klárlega færi til þess að klára leikinn. Ólafur Stefánsson bar af eins og oft áður í íslenska liðinu. Hann skoraði glæsileg mörk og lagði upp fjölda annarra. Hann gerði sér síðan lítið fyrir og vippaði yfir tékkneska markvörðinn, Martin Galia, í vítinu undir lokin. Þvílíkur kuldi. Ekki hefði ég viljað vera í sporum Ólafs ef Galia hefði gripið boltann. Blessunarlega gerði hann það ekki því vítið var mjög öruggt.

Markús Máni átti stórleik í sínum fyrsta leik á stórmóti, skoraði sex fín mörk og klúðraði aðeins einu skoti. Slík tölfræði sást sjaldan hjá forvera hans í þessari stöðu. Guðjón Valur var frábær í síðari hálfleik og innkoma Arnórs Atlasonar og Birkis Ívars Guðmundssonar var eftirminnileg. Þeir eiga stóran hluta í þessu stigi. Aðrir leikmenn eiga mikið inni.

Það er í raun ótrúlegt að vera með stig eftir að hafa verið grátlega slakir í 45 mínútur í leik á HM. Það hefði ekki verið gæfulegt að standa eftir með núll stig eftir þennan leik en lokakaflinn hlýtur að gefa leikmönnum liðsins gríðarlega mikið sjálfstraust og verður áhugavert að sjá hvernig þeir mæta til leiks gegn Slóvenum á þriðjudag. Þeir vita eftir leikinn hvernig þeir þurfa að spila til að vinna – af baráttu, kjarki og einstökum dugnaði. Þannig spila „strákarnir okkar“ og þeir eru komnir aftur. Verið velkomnir.“

henry@frettabladid.is

34-34

ÍSLAND TÉKKLAND

STÖÐUR ÚR LEIKNUM

Fyrri: 0–2, 1–2, 1–4 (7 mín), 4–5, 7–8 (15 mín), 7–10, 8–11, 9–11 (19 mín), 9–16 (23 mín), 10–17, 13–17, 14–18 (29 mín), **14–20**.
Seinni: 15–20, 16–22, 17–22 (35 mín), 17–25, 18–27, 20–29 (42 mín), 22–29, 25–30 (47 mín), 25–31, 28–31 (53 mín), 28–32, 31–32 (56 mín), 31–33, 33–33, 33–34, **34–34**.

TÖLFRÆÐIN

Skotnýting	59%–58%
Tapaðir boltar	11–11
Hraðaupphlaupsmörk	11–9
Brottvísanir (mínútur)	8–16
Varin skot	17/2–16/1
Varin skot í vörn	7–1
Víti fengin (nýting)	9 (89%)–3 (33%)

MÖRK–SKOT ÍSLANDS

Ólafur Stefánsson	11/7–17/8 (65%)
Guðjón Valur Sigurðsson	8–12 (67%)
Markús Máni Michaelsson	6–7 (86%)
Róbert Gunnarsson	4/1–4/1 (100%)
Alexander Peterson	2–4 (40%)
Vignir Svavarsson	1–1 (100%)
Arnór Atlason	1–3 (33%)
Einar Hólmgeirsson	1–5 (20%)
Dagur Sigurðsson	0–3 (0%)

VARIN SKOT ÍSLANDS

Roland Valur Eradze	12/1 af 41/2 (29%)
Birkir Ívar Guðmunds.	5/1 af 10/1 (50%)

STOÐSENDINGAR ÍSLANDS

Ólafur Stefánsson	7 (1 inn á línu)
Dagur Sigurðsson	4 (1)
Guðjón Valur Sigurðsson	2 (2)
Arnór Atlason	2 (1)
Einar Hólmgeirsson	1 (1)
Róbert Gunnarsson	1
Markús Máni Michaelsson	1
Vignir Svavarsson	1

FISKUÐ VÍTI ÍSLANDS

Guðjón Valur Sigurðsson	5
Arnór Atlason	1
Markús Máni Michalesson	1
Ólafur Stefánsson	1
Róbert Gunnarsson	1

HRAÐAUPPHLAUPSMÖRKIN

Guðjón Valur Sigurðsson	5
Ólafur Stefánsson	3
Markús Máni Michalesson	2
Vignir Svavarsson	1

Í fimm af þeim átta vítum sem íslensku strákarnir tóku á móti Martin Galic vippuðu þeir boltanum yfir hann (Ólafur 4 og Róbert 1) og í sjötta vítinu snéri Ólafur boltanum laglega framhjá einum snjallasta markverði heims.

Til leigu

280 fm2 verslunarhúsnæði á frábærum stað við Smiðjuveginn í Kópavogi, mjög gott auglýsingargildi og næg bílastæði, laust strax

Upplýsingar gefur Pétur í síma 860-1123.

Hvað viltu verða þegar þú ert orðin(n) “stór”?

Námskeið sem fjallar um hvernig við nálgumst óskir okkar og væntingar og njótum lífsins með því að hlusta á innri rödd.

Námskeiðið verður haldið í safnaðarheimili Neskirkju föstudaginn 28. janúar kl: 20-22 og laugardaginn 29. janúar kl: 10-12 og 13-17 alls 8 stundir og er byggt á fyrirlestrum og verklegum æfingum. Verð 16.000.- krónur.

Kennarar eru Dr. Árelía Eydís Guðmundsdóttir og sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir.

Upplýsingar og skráning í síma 660-0741 (Árelía) og 690-0775 (Petrína) milli kl. 10:00 og 14:00.

Of fáir að skora mörkin

SPÁÐ Í SPILIN ÍSLAND MÆTTI TÉKKUM Á HM Í HANDBOLTA Í TÚNIS Í GÆR

GEIR SVEINSSON
SÉRFRÆÐINGUR FRÉTTABLAÐSINS

Það sem kom mér mest á óvart í byrjun þessa leiks var það hversu mikil deyfð var yfir mannskapnum. Liðið er ungt og frekar reynslulaust en það var eins og það hefði gleymst að segja þeim að þeir hefðu engu að tapa. Viggó hefur sett markið hátt fyrir keppnina en ég held að almenningur geri það ekki. Það verður ekkert allt brjálað þótt við náum ekki sjötta sæti á mótinu og mér fannst leikmenn íslenska liðsins alltof stressaðir í byrjun. Síðan þegar menn litu upp á markatöfluna í stöðunni, 29-20, fyrir Tékkum þá breyttist allt. Leikmenn gerðu sér grein fyrir því að þeir voru að skíta í buxurnar, skildu að þeir höfðu engu að tapa og þá var eins og pressan færi af mönnum. Vissulega breytti Viggó varnarlega og leikmannalega á þessum kafla en strákarnir komu sterkir inn og spiluðu þennan lokakafla frábærlega.

Það sem veldur mér töluverðum áhyggjum er að fjórir menn, Ólafur, Guðjón Valur, Markús Máni og Róbert, eru að skora 29 af 34 mörkum liðsins. Það verður að breytast því að það fer enginn í gegnum stórmót á fjórum mönnum í sókninni. Ég hef líka áhyggjur af varnarleiknum og verð að segja að ég hef ekkert álit á þessari 3:3 framliggjandi vörn sem Viggó er að beita. Hún mun ekki koma liðinu neitt áleiðis á stórmóti. Ég vil sjá hann spila annnað hvort 3:2:1 eða 5:1.

Markús stóð upp úr

Markús Máni stóp upp úr í íslenska liðinu. Það bjóst enginn við neinu frá vinstri vængnum en hann skilaði sex mörkum, flestum eftir einstaklingsframtak og það er mjög jákvætt fyrir liðið. Ólafur, Guðjón Valur og Róbert stóðu einnig fyrir sínu en þeir eru þannig leikmenn að ég geri þær kröfur til þeirra að þeir spili líkt og þeir gerðu í dag í hverjum leik.

Ég hefði viljað fá meira út úr miðjunni. Dagur fann sig ekki og ég var nokkuð sáttur við innkomu Arnórs. Hann var ákveðinn og fylginn sér og lofar góðu. Ég hefði viljað fá fleiri mörk úr hægra horninu og Einar Hólmgeirsson og Alexander Petersson hefðu mátt nýta færin betur. Markvarslan var þokkaleg en markverðirnir voru ekki öfundsverðir að hafa þessa vörn fyrir framan sig.

SEX MÖRK Markús Máni Michaelsson skoraði 6 mörk úr aðeins sjö skotum í gær.

Megum ekki gleyma okkur

Við megum ekki gleyma okkur þrátt fyrir frábæran lokakafla. Tékkar hættu að spila sinn leik og við gengum á lagið en það er ýmislegt sem má betur fara. Ég stend enn við þá spá mína að liðið komist í milliriðil en verði ekki meðal þriggja efstu þegar þangað er komið.

Arnór Atlason spilaði sinn fyrsta leik á stórmóti:

Leið illa undir lokin

HANDBOLTI Arnór Atlason var bæði hetja og skúrkur í þessum leik. Hann klúðraði tveim góðum færum á lokakaflanum en fiskaði síðan vítið mikilvæga undir lokin. Honum var augljóslega létt í leikslok.

„Ég hef spilað stóra leiki áður en þetta er það stærsta hingað til. Ég hefði náttúrlega átt að skora þarna í tvígang en vítið vegur vonandi upp mistökin. Mér leið ekkert sérstaklega vel þegar þeir komust yfir en ég náði að fiska víti undir lokin og það var mikill léttir," sagði Arnór brosandi en innkoma hans var alveg frábær.

Þetta var bomba

„Þetta var bomba en við vissum vel að gætum þetta," sagði línumaðurinn Róbert Gunnarsson sem hafði óvenju hljótt um sig að þessu sinni.

„Við byrjuðum illa og svona eru bara íþróttirnar. Hlutirnir ganga ekki alltaf upp en sem betur fer náðum við að rétta úr kútnum. Þessi úrslit sýna karakterinn sem býr í þessu liði og úr hverju við erum gerðir. Það gefur verulega góð fyrirheit að koma svona til baka og við getum ekki verið annað en bjartsýnir fyrir næsta leik." **henry@frettabladid.is**

VIGGÓ SIGURÐSSON Ánægður með karakter sinna manna í lokin.

Viggó sagði sína menn heppna gegn Tékkum:

Karakter að mínu skapi

HANDBOLTI Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari var einbeittur eftir leik og greinilega enn að jafna sig eftir átökin en hann var ansi líflegur á lokakaflanum.

„Við vorum alltaf á hælunum. Byrjuðum grimmir og svolítið kaldir með 3/3 vörnina en hún gekk ekki upp. Gerðum of mikið af mistökum maður á mann en Roland varði samt ágætlega á þessum kafla. Við vorum svolítið staðir í sókninni og fengum of mikið af hraðaupphlaupsmörkum á okkur. Við gáfumst samt aldrei upp og það var æðislegt að ná að jafna leikinn en það sýnir að við erum í miklu betra formi en Tékkarnir," sagði Viggó ákveðinn en hann telur að íslenska liðið geti leikið af slíkum hraða allt mótið.

„Það er alveg pottþétt að við höldum þetta út. Við erum búnir að æfa rosalega vel og liðið var andlega ekki í lagi í 45 mínútur. Strákarnir vita aftur á móti núna hvað þeir geta og ég held að þetta gefi okkur blóð á tennurnar. Frammistaðan í dag ber vott um karakter sem ég vil að mín lið hafi."

Eins og íslenska liðið var að spila illa lengi vel þá ganga margir leikmenn frá þessum leik með höfuðið hátt.

„Markús Máni var að spila stórkostlega og Ólafur var náttúrlega frábær. Arnór átti frábæra innkomu. Ég hefði viljað sjá hann skora tvisvar en hann var óheppinn. Samt í heildina er ég mjög sáttur við sóknarleikinn en við þurfum að laga margt í varnarleiknum. Ég var líka ánægður með hraðaupphlaupin í síðari hálfleik," sagði Viggó sem gat ekki neitað því að íslenska liðið hefði líka verið heppið.

„Við vorum heppnir að fá annað stigið en á móti kemur að þeir fengu vafasama dóma með sér undir lokin þannig að þeir geta líka þakkað fyrir að hafa hreinlega ekki tapað leiknum."

henry@frettabladid.is

Birkir Ívar Guðmundsson átti mjög góða innkomu:

Sættum okkur við stigið

HANDBOLTI Birkir Ívar Guðmundsson kom í íslenska markið um miðjan síðari hálfleik og frábær frammistaða hans átti stóran þátt í því að íslenska liðið jafnaði leikinn.

BIRKIR ÍVAR Sáttur við stigið.

„Síðasta korterið smullu hlutirnir og það var fyrst þá sem við sýndum raunverulega hvað við getum. Við hefðum í raun getað náð öllum stigunum en við sættum okkur við þetta eina," sagði Birkir Ívar sem er á því að menn hafi verið stressaðir framan af í leiknum. „Það hlýtur bara að vera enda erum við með reynslulítið lið. Ég fann samt ekkert fyrir því inni í klefa. Menn verða meira tilbúnir í næsta leik. Það er alveg klárt." **henry@frettabladid.is**

ÚTSALA
á hreinlætistækjum

Vaskar

Verð: 11.900,-
7.900,-

Handlaugar
Verð frá: 29.900,-

19.900,-

Blöndunartæki
Frábært úrval blöndunartækja

Verð: 9.900,-
4.900,-

Verð: 7.990,-
4.900,-

Verð: 14.900,-
9.999,-

Verð: 15.900,-
9.999,-

Sturtuhausasett

Verð frá: 7.990,-
3.990,-

Salerni

Verð: 58.000,-
39.900,-

Handklæðaofnar
Hvítur:
Verð: 29.900,-
19.900,-
Króm:
Verð: 39.900,-
29.900,-

60 x 60 sm
60 x 120 sm

HARÐVIÐARVAL
Krókhálsi 4 • 110 Reykjavík
Sími 567 1010
www.parket.is

Blatt hafði mikil áhrif á ákvörðun mína

Staða bandaríska þjálfarans Davids Platt hjá Dynamo St. Pétursborg er ekki sterk og líklegt að hann verði látinn fara. Jón Arnór Stefánsson hefur mikið álit á þessum snjalla þjálfara og var Blatt ástæða þess að hann fór til Rússlands.

KÖRFUBOLTI Dynamo St. Petersburg, lið Jóns Arnórs Stefánssonar í rússnesku úrvalsdeildinni í körfuknattleik, tryggði sér efsta sætið í Evrópudeildinni á dögunum og er taplaust það sem af er. Það hefur hins vegar valdið áhangendum liðsins áhyggjum að Dynamo hefur tapað tveimur leikjum í röð í rússnesku deildinni og er í 6. sæti deildarinnar um þessar mundir með 8 sigra og 6 tapleiki. Menn hafa velt þeirri spurningu upp hvort David Blatt sé starfi sínu vaxinn sem þjálfari liðsins en sá er hokinn af reynslu og hafði mikil áhrif á að Jón gekk til liðs við Dynamo í haust.

„Við getum ekki kennt leikmönnum okkar um þetta slaka gengi heldur ber Blatt alla ábyrgð á frammistöðu liðsins. Varðandi þann möguleika að láta hann fara þá er það eitthvað sem hefur ekki ratað upp á borð til okkar að svo stöddu," sagði Vladimir Rodionov, framkvæmdastjóri Dynamo-liðsins.

David Blatt, sem var áður hjá Maccabi Tel-Aviv, var ráðinn landsliðsþjálfari Ísraels um helgina og verður fyrsta verkefni hans að reyna að koma liðinu í úrslit í Evrópukeppni Landsliða. Blatt vann á sínum tíma tvo Evróputitla sem aðstoðarþjálfari Tel-Aviv. Hann hefur nú þegar stýrt Dynamo St. Petersburg til 11 sigra í Evrópukeppninni og segja körfuboltaspekingar að allar vangaveltur um að hann verði látinn taka poka sinn úr lausu lofti gripnar.

Blatt vildi sjálfur meina að niðursveifla sem þessi væri viðbúin á þessum tíma árs. „Á árum mínum með Maccabi Tel-Aviv þá vissum við alltaf að janúar yrði slæmur fyrir okkur. Dynamo-liðinu til varnar má nefna að við ferðuðumst mjög mikið í nóvember og desember. Við náðum að vinna leiki þá en þetta kom niður á okkur núna," sagði Blatt. „Ég er þeirrar skoðunar að við erum á góðri leið með takmark okkar en til þess þarf mikla vinnu. Við viljum gera Dynamo að stórveldi," sagði Blatt ákveðinn.


JÓN ARNÓR STEFÁNSSON, LEIKMAÐUR DYNAMO ST. PETERSBURG Hefur leikið vel með liði sínu, bæði í rússnesku úrvalsdeildinni og í Evrópudeildinni.

Jón Arnór, sem var hjá Dallas Mavericks í NBA-körfuboltanum á síðasta tímabili en söðlaði um og hélt til Rússlands í haust, hefur miklar mætur á Blatt og hefur lengi fylgst með kappanum. „Árangur hans með Maccabi Tel-Aviv er aðdáunarverður og ráðning hans til Dynamo St. Petersburg vóg þungt í ákvörðun minni í að ganga til liðs við Dynamo," sagði Jón Arnór í samtali við Fréttablaðið. Jón hefur leikið vel með Dynamo og þá sérstaklega í Evrópukeppninni. Þar hefur hann skilað liði sínu 14 stigum, 3,1 frákasti og 3,1 stoðsendingu að meðaltali í leik.

Næsti leikur Dynamo St. Petersburg er á heimavelli í Evrópukeppninni gegn AEL Lemesos frá Kýpur.

smari@frettabladid.is

Stefán Þórðarson í atvinnumennskuna á nýjan leik:

Farinn til Norrköping

STEFÁN ÞÓRÐARSON Spilar með sænska liðinu Nörrköping næstu þrjú árin.

FÓTBOLTI Skagamaðurinn Stefán Þórðarson skrifaði í dag undir samning við sænska 1. deildarliðið Norrköping. Stefán hefur leikið með Skagamönnum undanfarin tvö tímabil en var samningslaus nú um áramótin.

Stefán hefur mikla reynslu úr atvinnumennskunni, hefur áður leikið með sænska liðinu Öster, norsku liðunum Brann og Kongsvinger, þýska liðinu Uerdingen og enska liðinu Stoke. Stefán skrifaði undir þriggja ára samning við sænska liðið og fer út fljótlega.

Hann sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann hefði ekki verið með hugann við að fara út á nýjan leik.

„Ég ákvða hins vegar að skoða möguleikann á því eftir að konan mín ákvað að fara út í nám og þetta smellpassar fyrir okkur," sagði Stefán.

Hann hittir varnarmanninn Guðmund Mete fyrir hjá Norrköping en Fylkismaðurinn Helgi Valur Daníelsson gæti einnig verið á leið til liðsins. ■

Forföll í góðgerðarleik FIFA og UEFA á Nou Camp:

Lyon hleypir ekki sínum mönnum

FÓTBOLTI Franska meistaraliðið Olympique Lyon ætlar ekki að leyfa Brasilíumönnunum Juninho og Chris og Ghana-búanum Michael Essien að taka þátt í góðgerðarleiknum sem fram fer á vegum alþjóða knattspyrnusambandsins og Knattspyrnusambands Evrópu á Nou Camp-leikvanginum í Barcelona 15. febrúar næstkomandi.

Þetta kom fram í tilkynningu sem forráðamenn Lyon sendu frá sér um helgina.

„Þetta kemur á afar slæmum tíma þar sem að við þurfum að leika fimm leiki á tveimur vikum og því tókum við þá ákvörðun að vernda leikmennina okkar," segir m.a. í tilkynningunni frá forráðamönnum franska liðsins.

Þess má geta að liðið mun heldur ekki leyfa Juninho að leika með Brasilíumönnum er þeir mæta Kínverjum í vináttuleik 9. febrúar í Hong Kong. ■

JUNINHO Fær ekki frí hjá franska félaginu Lyon til að taka þátt í góðgerðarleik í Barcelona í næsta mánuði.

LEIKIR GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin

ARSENAL–NEWCASTLE 1–0
1–0 Dennis Bergkamp (19.).

STAÐAN

CHELSEA	24	19	4	1	48–8	61
ARSENAL	**24**	**15**	**6**	**3**	**53–25**	**51**
MAN. UTD	24	14	8	2	37–14	50
EVERTON	**24**	**13**	**5**	**6**	**28–25**	**44**
LIVERPOOL	24	11	4	9	36–25	37
MIDDLESB.	**24**	**10**	**7**	**7**	**39–33**	**37**
CHARLTON	24	11	4	9	28–33	37
TOTTENH.	**24**	**9**	**6**	**9**	**29–26**	**33**
MAN. CITY	24	8	7	9	30–26	31
A. VILLA	**24**	**8**	**7**	**9**	**27–29**	**31**
BOLTON	23	8	6	9	30–31	30
NEWCASTLE	**24**	**7**	**8**	**9**	**35–41**	**29**
FULHAM	24	8	4	12	31–40	28
PORTSM.	**24**	**7**	**6**	**12**	**26–34**	**27**
BIRMINGH.	24	6	8	10	27–30	26
BLACKBURN	**23**	**5**	**10**	**8**	**21–33**	**25**
C. PALACE	24	5	6	13	27–37	21
SOUTH.	**24**	**3**	**9**	**12**	**25–39**	**18**
NORWICH	24	2	11	11	23–46	17
WBA	**24**	**2**	**10**	**12**	**19–44**	**16**

DHL-deild kvenna

HAUKAR–GRÓTTA/KR 28–20
Mörk Hauka: Ramune Pekarskyte 9, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 8, Ragnhildur Guðmundsdóttir 5, Martha Hermannsdótrtir 2, Erna Þráinsdóttir 2, Anna Halldórsdóttir 1, Inga Fríða Tryggvadóttir 1.
Mörk Gróttu/KR: Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 7, Íris Ásta Pétursdóttir 4, Arna Gunnarsdóttir 4, Ragna Karen Sigurðardóttir 3, Gerður Einarsdóttir 2.

STAÐAN

HAUKAR	12	12	0	0	370–276	24
ÍBV	**13**	**10**	**0**	**3**	**389–339**	**20**
STJARNAN	13	8	1	4	344–313	17
VALUR	**13**	**7**	**0**	**6**	**320–316**	**14**
FH	14	5	2	7	374–406	12
VÍKINGUR	**14**	**4**	**0**	**10**	**339–370**	**8**
FRAM	13	2	1	10	286–352	5
GRÓTTA/KR	**12**	**2**	**0**	**10**	**264–314**	**4**

HM Í HANDBOLTA 2005 TÚNIS

HM í Túnis

A-RIÐILL
TÚNIS-ANGÓLA 39–23
FRAKKLAND–KANADA 44–16
DANMÖRK–GRIKKLAND 27–23

B-RIÐILL
TÉKKLAND–ÍSLAND 34–34
RÚSSLAND–ALSÍR 28–22
SLÓVENÍA–KÚVEIT 34–17

C-RIÐILL
KRÓATÍA–ARGENTÍNA 36–23
SPÁNN–JAPAN 41–22
SVÍÞJÓÐ–ÁSTRALÍA 49–16
xxxxx
D-RIÐILL
ÞÝSKALAND–EGYPTALAND 28–25
SERBÍA/SVARTFJ.–KATAR 34–26
NOREGUR–BRASILÍA 34–12

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR
21 22 23 **24** 25 26 27

Mánudagur

SJÓNVARP

- 14.15 **HM í handbolta** á RÚV.
- 15.45 **Helgarsportið** á RÚV.
- 16.10 **Ensku mörkin** á RÚV.
- 17.30 **Þrumuskot – ensku mörkin** á Skjá einum.
- 18.30 **US PGA Buick Invitational** á Sýn.
- 20.30 **Boltinn með Guðna Bergs** á Sýn.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- 22.40 **Blackburn – Bolton** á Skjá einum.
- 23.15 **Boltinn með Guðna Bergs** á Sýn.
- 23.30 **Ensku mörkin** á RÚV.
- 01.25 **Þrumuskot – ensku mörkin** á Skjá einum.

ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM

LeBron James náði sér í þrefalda tvennu þegar lið hans, Cleveland Cavaliers, lagði Golden State Warriors á útivelli, 105-87, í NBA-körfuboltanum í fyrrinótt. Þetta var í annað sinn á ferlinum sem **James** nær þessu afreki. **Jason** Richardson var stigahæstur í liði Warriors með 22 stig. Warriors hefur átt í miklu basli upp á síðkastið og hefur tapað 11 af síðustu 12 leikjum.

Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, segir að ekkert fái sig stöðvað í að segja hvað sér í brjósti búi. „Ef mig langar að segja eitthvað þá mun ég láta það flakka. Ekkert hefur breytt því að mér finnst ég enn hafa þetta frelsi," sagði **Wenger**. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum upp á síðkastið hefur **Wenger** verið að munnhöggvast við starfsbróður sinn, **Alex Ferguson** hjá Manchester United.

Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea er lítt gefinn fyrir stórstirni í sínu liði:

Vil engar Hollywood-stjörnur í mitt lið!

FÓTBOLTI Það er skammt stórra högga á milli þegar Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, er annars vegar. Kappinn tjáði sig um David Beckham og nokkra félaga hans hjá spænska liðinu Real Madrid á dögunum og er seint hægt að segja að hann hafi vandað þeim kveðjurnar.

Mourinho sagðist aldrei myndu kaupa Beckham né neinn frá Real Madrid því að engin þörf væri á Hollywood-stjörnum hjá Chelsea. „Það eina sem maður þarf er sterkur hópur – ekki einhverja Hollywood-stjörnu," sagði Mourinho. „Mínar efasemdir hafa ekkert með hæfileika þeirra að gera heldur allri umgjörðinni í kringum þá sem gerir frammistöðuna mjög ótrausta. Ég vil frekar að ungviðið sem þyrstir í árangur, heldur en einhver stór nöfn."

Knattspyrnustjórinn knái tjáði sig einnig um viðurnefni leikmannanna, sem eru kallaðir „Ofurboltarnir" og var ekki par hrifinn. „Þessi ímynd kemur frá skemmtanalífi þessara manna og þaðan er frægðin komin. Það eru þessi Ofurboltar sem að ég treysti engan veginn," sagði Jose Mourinho við enska fjölmiðla í gær. ■

JOSE MOURINHO, KNATTSPYRNUSTJÓRI CHELSEA Situr sjaldan á skoðunum sínum þegar svo ber undir.

DEKA Festi-frauð
Gæðavara fyrir verktaka og iðnaðarmenn.
750ml
495 kr.
MÚRBÚÐIN
Smiðjuvegur 72 · 200 Kópavogur
Sími 544 5470 · www.murbudin.is

F2
Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga
FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir

www.lyfja.is
Ráðgjöf og kynning í Lyfju
Lyfja Lágmúla mán. 24. jan. kl. 13:30-16:30
Lyfja Laugarvegi þri. 25. jan. kl. 13:30-16:30
Lyfja Smáratorgi mið. 26. jan. kl. 13:30-16:30
Lyfja Keflavík fim. 27. jan. kl. 13:30-16:30
Fæst án lyfseðils
Voltaren Emulgel®
Díklófenak tvíetýlamín 11,6 mg/g
Við vöðva- og liðverkjum
LYFJA
Voltaren Emulgel® er notað sem staðbundin útvortis meðferð við vöðva- og liðverkjum. Lyfið má ekki bera á skrámur, opin sár eða á exem, varist snertingu við augu og slímhúðir, notist einungis útvortis og má aldrei taka inn. Á meðgöngu skal ávalt leita ráða læknis eða lyfjafræðings áður en lyfið er notað, þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðgöngu. Litil hætta er á ofskömmtun vegna útvortis notkunar lyfsins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

TÖLVUNÁM FYRIR BYRJENDUR
Ğbqq^ kē j phbf÷ ebkq^o sbi çbf j pb j e^c^ bkd^ b÷^ j gØd ifqi^ qØis r çbhhfkdr+
3- pqrka^ e^dkéqq ld phb j j qfibdq qØis r* kē j phbf÷ pb j bo pkf÷f÷ ^÷ çØocr j _vogbka^+ C^of÷ ^c j fhfiif ç lifk j Í ÷f vcfo kē j pbckf÷) pb j bo ^iiq ē âpibkphr+ Hbkkq bo ē ç^r cloofq pb j j bpq bor klqr÷ ç+b+ T fkal t p) T loa) Bu`bi) Fkqbokbqf÷ ld QØis rmÖpq+
Cibpq pqčqq^occiĘd pqvohg^ cči^dp j bkk qfi kć j p egć KQS+ Boqr _Ĝfkk ^ß h^kk^ âfkk očqq<
HsØiakē j phbf÷ J ēk+ ld j f÷+ .5*// ?vog^o .1+ cb_+ * .3+ j ^o+
J lodrkkē j phbf÷ J ēk * j f÷ * cØp 570-*. /70- ?vog^o .1+ cb_+ * 4+ j ^o+
ntv.is
RMMI ćPFKD>O LD PHOö KFKD ė Pė J > 211 12-- LD ö KQS+FP

STUÐ MILLI STRÍÐA : Þú ert meistari

SMÁRI JÓSEPSSON SKRIFAR UM FJALLGÖNGU FEÐGA AUSTUR Á FJÖRÐUM


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Félagi nokkur, oft kenndur við Reyðarfjörð, sagði undirrituðum sögu af sér með fallegum boðskap þegar hann fór í sína fyrstu fjallgöngu með föður sínum. Var pilturinn þá ungur að árum og fýsti í vitneskju um allt milli himins og jarðar.

Þegar vel var liðið á gönguna góðu datt guttinn á stein og meiddi sig. Okkar maður öskraði af sársauka: „Aaaaaarrrrggggghhh!!!!“. Hann vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið þegar einhver virtist svara í sömu mynt: „“Aaaaaarrrrgggghhh!!!!“. Ungi maðurinn rak upp stór augu. Hann ákvað að kanna málið, enda fullur af forvitni. „Hver ertu?“ spurði hann. „Hver ertu?“ heyrðist þá um hæl. Kappinn varð æfur yfir viðbrögðunum. „Auli!“ öskraði hann. „Auli!“ heyrðist fáeinum andartökum síðar.

Söguhetjan gafst upp á að reyna að finna svarið við gátunni. Hann spurði föður sinn hvað væri um að vera. Faðirinn, sem var ávallt tilbúinn að veita syninum vitneskju: „Sonur sæll. Fylgstu nú vel með,“ sagði hann og kallaði í átt að fjöllunum: „Ég dái þig!“ og viti menn, stuttu seinna heyrðist: „Ég dái þig!“. Gamli maðurinn hélt áfram. „Þú ert meistari!“ og svarið lét ekki á sér standa: „Þú ert meistari!“.

Sonurinn skildi hvorki upp né niður fyrr en að pápi gamli útskýrði nánar fyrir honum hvaða fyrirbæri þetta væri. „Fólk kallar þetta bergmál en þetta er í rauninni lífið sjálft. Allt sem þú gefur því, segir við það eða gerir í því, færðu til baka. Lífið er einfaldlega viðbrögð við því sem við gerum,“ úrskýrði faðirinn og batt svo endahnútinn á spekina: „Lífið er ekki tilviljun – það er endurspeglun af sjálfum þér.“■

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

PÚ OG PA

Eftir SÖB

KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell

BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott

MARTEINN ÞÓRSSON Ein gráða er vísindaskáldskapur með hryllingsívafi en hann vill þó ekki lýsa sér sem vísindaskáldskaparnörd þó hann hafi gaman af bókum eftir Philip K. Dick og hans líka. „Vísindaskáldskapur er miklu meira en Star Wars, sprengingar og tæknibrellur. Þar er mikið rúm fyrir pælingar."

Auglýsingabransinn er dauðhreinsaður

Kvikmyndin One Point O, eða Ein gráða, eftir þá félaga Martein Þórsson og Jeff Renfroe var frumsýnd á Sundance-kvikmyndahátíðinni á síðasta ári. Hún hefur farið víða í kjölfarið og yfirleitt fengið fína dóma. „Er maður ekki alltaf taugaveiklaðastur heima hjá sér?" spyr Marteinn, sem frumsýndi myndina á Íslandi á fimmtudag og lagði myndina í dóm landa sinna.

Ofsóknaræði og taugaveiklun eru meginstef Einnar gráðu en Marteinn þvertekur þó fyrir að hann og Jeff séu tæpir á taugum. „Við erum alls ekki nojaðir. Það eru frekar allir í kringum okkur í Ameríku sem eru ofsóknarbrjálaðir og við vildum hafa svona paranoid Polanski-fílíng í þessu."

Það má skoða Eina gráðu sem gagnrýni á auglýsingaskrum og Marteinn segir að sagan sé að einhverju leyti sprottin upp úr kynnum sínum og Jeffs af auglýsingabransanum. „Við höfum unnið við auglýsingagerð en þar er allt dauðhreinsað og lítill sköpunarkraftur. Það er alltaf verið að reyna að skilyrða fólk. Við vildum skrifa eitthvað um þetta og útkoman varð svona."

Þeir félagar eru um þessar mundir að vinna að handriti myndar sem byggir á myndasögunni Stray Toasters. Marteinn segir að það verkefni sé tímafrekt og hann vilji því hrinda einu til tveimur öðrum verkefnum af stað á Íslandi í millitíðinni. „Mig langar að gera hryllingsmynd hérna," segir Marteinn og bætir því við að Ísland sé kjörinn tökustaður fyrir hrylling. „Svo er ég að undirbúa verkefni með Snorra Þórissyni. Það er rómantísk kómedía sem stendur til að gera hérna."

Marteinn hefur búið í Toronto í Kanada frá árinu 1997 og hefur sínar höfuðstöðvar þar. „Ég er líka öðru hvoru í Los Angeles en Jeff býr þar."

Þeir félagar tefla fram virkilega sterkum leikurum í Einni gráðu og líklega hefur jafn glæsilegur hópur alþjóðlegra stjarna ekki unnið áður undir stjórn Íslendings. Jeremy Sisto fer með aðalhlutverkið en einnig ber mikið á gamla jaxlinum Udo Kier, Lance Henriksen úr Aliens, Deborah Unger úr The Game og Bruce Payne.

„Nokkrir höfðu áhuga á aðalhlutverkinu, þar á meðal Adrien Brody (The Pianist), sem datt út þegar fjármagnið datt út."

Marteinn segir að fjármögnun myndarinnar hafi komist í uppnám í tvígang en þeir félagar hafi aldrei gefist upp. „Þetta hafðist í lokin með smá tilslökunum sem fólu meðal annars í sér að við urðum að taka myndina í Búkarest í Rúmeníu. Við hefðum helst viljað gera það í Bandaríkjunum en þetta var ódýrast í Rúmeníu."

thorarinn@frettabladid.is

Bréfabindi
A4 8cm kjölur
A4 5cm kjölur
148.- m.vsk

Mopak ljósritunarpappír
500 blöð í búnti
278.- m.vsk

Töflutúss 2mm
4 lita sett
298.- m.vsk

Skrifstofuvörur á tilboði í janúar
Ljósritunarpappír, bréfabindi, töflutúss og gatapokar

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Hvað á barnið að heita?

Vertu með í nafnasamkeppni fyrir nýju talmálsstöðina á vísir.is

365

Sumarfrí á ítölsku rívíerunni í verðlaun fyrir besta nafnið

Þann 11. febrúar hefjast útsendingar á nýrri talmálsstöð á fm 90,9.

Þar verður fjallað um allt milli himins og jarðar: íslenskt samfélag, umheiminn, menningu, listir, stjórnmál. Gagnrýnin og markviss umræða, fróðleikur, skemmtun - það eru okkar markmið.

Okkur vantar nafn á stöðina og leitum til ykkar. Farðu á visir.is og skilaðu þínum tillögum fyrir fimmtudagur 27. janúar.

www.urvalutsyn.is

visir

Háskólabíó

Epísk stórmynd sem fólk verður að sjá. Frá leikstjóranum Oliver Stone.
Sýnd kl. 5.45 & 9

Magnaður tryllir frá Marteini Þórssyni sem sló í gegn á Sundance hátíðinni.
Sýnd kl. 8.10 og 10

OCEAN'S TWELVE kl. 8 og 10.15

THE INCREDIBLES kl. 6 ísl. tal

BRIDGET JONES - THE EDGE OF REAS... kl. 5.50

Sýnd kl. 5.30 & 8

Bróðirinn (Son Frére) Sýnd kl. 6

Grjóthaltu kjafti (Tais Toi) Sýnd kl. 10

Frá degi til dags (A la petite semaine) Sýnd kl. 8

Peningabíllinn (Le convoyer) Sýnd kl. 10.30

SMÁRA BÍÓ

Sýnd kl. 5.20, 8 og 10.40
Sýnd í LÚXUS kl. 5.20, 8 og 10.40



Stórstjarnan Nicole Kidman var tilnefnd til Golden Globe verðlaunanna fyrir leik sinn í myndinni
Sýnd kl. 8 og 10.15

Sýnd kl. 3.35 og 5.45

Sýnd kl. 3.45, 5.50, 8 og 10.15 b.i. 10

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10

SÍMI 564 0000 - www.smarabio.is

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN ÁLFABAKKI



Epísk stórmynd sem fólk verður að sjá. Frá leikstjóranum Oliver Stone.
Sýnd kl. 6, 8.30 og 10.10 b.i. 14
Sýnd í LÚXUS VIP kl. 8.30

Sýnd kl. 3.45, 6, 8.15 og 10.30

Kl. 3.45 og 6 m/ísl. tali
kl. 3.45, 6, 8.15 & 10.30 m/ens. tali

Sýnd kl. 4, 6.15 & 8.30

Sýnd kl. 10.30
Sýnd í LÚXUS VIP kl. 6

ÁLFABAKKI ☎ 587 8900 www.sambioin.is

Frumsýning 11. febrúar kl. 20 – UPPSELT

TOSCA

Landsbankinn Banki allra landsmanna

2. sýning 13.feb. kl. 19.00 – 3. sýning 18.feb. kl 20.00
4. sýning 20. feb. kl. 19.00 – 5. sýning 25. febrúar kl. 20.00
6. sýning 27. febrúar kl. 19.00 – 7. sýning 4. mars kl. 20.00
8. sýning 6. mars kl. 19.00 – 9. sýning 12. mars kl. 19.00

Miðasala á netinu: www. opera.is

www.opera.is | midasala@opera.is | Sími miðasölu: 511 4200 | ÍSLENSKA ÓPERAN

Miðasalan er opin kl. 14-18 virka daga, kl. 13-18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 virka daga.

TENÓRINN
fös. 4. feb. kl. 20.00
sun. 13. feb. kl. 20.00
sun. 20. feb. kl. 20.00
Sýningum fer fækkandi

FAÐIR VOR
lau. 29. jan. kl. 20.00
Síðustu sýningar

IÐNÓ
Miðasala í síma 562 9700
www.idno.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

BÖNDIN Á MILLI OKKAR
SÝNING FIMMTUDAGSKVÖLD!

■ Stóra sviðið kl. 20.00
ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA - Hallgrímur Helgason Leikgerð: Baltasar Kormákur
Aukasýning fim. 27/1 uppselt, lau. 29/1 uppselt. Allra síðustu sýningar.
ÖXIN OG JÖRÐIN - Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.
7. sýn. fös. 28/1 örfá sæti laus, 8. sýn. lau. 5/2 nokkur sæti laus, 9. sýn. lau. 12/2 nokkur sæti laus, 10. sýn. fim. 17/2, 11. sýn. fös. 25/2.
DÝRIN Í HÁLSASKÓGI - Thorbjörn Egner
Sun. 30/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 6/2 örfá sæti laus, sun. 13/2 nokkur sæti laus. Síðustu sýningar.
EDITH PIAF - Sigurður Pálsson
Fös. 4/2 uppselt, sun. 13/2 örfá sæti laus, lau. 19/2 örfá sæti laus, lau. 26/2 örfá sæti laus, fös. 4/3 nokkur sæti laus, fös. 11/3.
■ Smíðaverkstæðið kl. 20.00
NÍTJÁNHUNDRUÐ - Kaffileikhús - Alessandro Barrico
Lau. 29/1 örfá sæti laus, fös. 4/2, fös. 11/2.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
■ Litla sviðið kl. 20.00
BÖNDIN Á MILLI OKKAR - Kristján Þórður Hrafnsson
Fim. 27/1 nokkur sæti laus, lau. 29/1 nokkur sæti laus.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Veffang: www.leikhusid.is
Opið kl. 13:00-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 13:00-20:00. Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga.
Þjóðleikhúsið sími 551-1200

Vínrauður þráður í góðri sögu

[KVIKMYNDIR]

UMFJÖLLUN

Það er eitt elsta trix í bókmenntum og frásagnartækni að láta persónur leggja land undir fót og verða einhvers vísari um sjálfar sig og lífið áður en þær ná leiðarenda og fá umbun erfiðis síns í einhverju formi, til dæmis dýpri sjálfsskilningi, ást eða auðæfum.

Þeim félögum Alexander Payne og Jim Taylor hefur nú í tvígang tekist að nota þetta sígilda ferðalag sem grunn að þrælskemmtilegum bíómyndum. Fyrst sendu þeir Jack Nicholson af stað út á þjóðveginn í About Schmidt og nú eru það þeir Thomas Haden Church og Paul Giamatti sem leika miðaldra karlmenn í krísu sem þræða vínsmökkunarhéröð Kaliforníu í leit að lífsfyllingu og gleði.

Báðar þessar myndir eru skemmtilegur viðsnúningur á vegamyndaformið þar sem það er ekki keyrt hratt í þeim og bíltúrarnir eru í raun eins óspennandi og hugsast getur. Það eru kostulegar persónur og vel skrifuð samtöl sem halda myndunum gangandi og áhorfendum við efnið. Það sem gerir þetta svo enn betra í tilfelli Sideways er að þetta ferðalag er í raun hundleiðinlegt og ferðalangarnir báðir ömurlegar persónur.

Það er einhver óræð snilld fólgin í því að geta gert bráðskemmtilega gamanmynd um tvo einstaklega óaðlaðandi menn sem eiga varla inni fyrir snefil af samúð áhorfenda. Annar (Haden Church) er sjálfumglaður, egósentrískur vitleysingur en hinn (Giamatti) þunglyndur, þrasgjarn og leiðinlegur aumingi. Þessir eðalleikarar fara hins vegar létt með að gæða þessa leppalúða lífi og Giamatti fer á sínum alkunnu kostum enda er maðurinn sérfræðingur í að túlka vonlausa menn.

Rauði þráðurinn í gegnum þetta allt saman er vínsmökkunarferðin en Giamatti reynir að sækja huggun og sálarró í daður sitt við eðalvín á meðan Haden Church hugsar um það eitt að detta íða og er þá slétt sama úr hvers konar þrúgum vínið er kreist. Andstæður þessara ólíklegu vina kristallast í viðhorfum þeirra til vínsins þar sem annar á enn möguleika á að þroskast eins og gott vín á meðan hinn mun alltaf standa í stað.

Bíómyndin um þessa tvo vitleysinga er eins og eðalvín, bragðgóð, þægileg og skilur eftir sig notalega trú á það að öllu illu fylgi eitthvað gott. Þetta er gamanmynd fyrir fullorðna með góðri fyllingu og fínu eftirbragði.

Þórarinn Þórarinsson

SIDEWAYS

LEIKSTJÓRI: ALEXANDER PAYNE
LEIKARAR: PAUL GIAMATTI, THOMAS HADEN CHURCH, VIRGINIA MADSEN, SANDRA OH

NIÐURSTAÐA: Bíómyndin um þessa tvo vitleysinga er eins og eðalvín, bragðgóð, þægileg og skilur eftir sig notalega trú á það að öllu illu fylgi eitthvað gott. Þetta er gamanmynd fyrir fullorðna með góðri fyllingu og fínu eftirbragði.

Ávaxtakarfan
AUSTURBÆR
Forsýning : Fös 04.feb kl. 15:00 sæti laus
Lau 05.feb kl. 15:00 sæti laus
Frumsýning : Sun 06.feb kl. 14:00 sæti laus
Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 virka daga
www.midi.is

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ
HÍBÝLI VINDANNA
leikgerð Bjarna Jónssonar á vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar
Fim 27/1 kl 20, Lau 29/1 kl 20 - UPPSELT
Su 30/1 kl 20 - UPPSELT
Lau 5/2 kl. 20 - UPPSELT, Sun 6/2 kl 20,
Fi 10/2 kl 20 - UPPSELT,
Fö 11/2 kl 20 - UPPSELT,
Lau 12/2 kl 20 - UPPSELT, Fi 17/2 kl 20,
Fö 18/2 kl 20
HÉRI HÉRASON
e. Coline Serreau
Fö 28/1 kl 20, Fö 4/2 kl 20
LÍNA LANGSOKKUR
e. Astrid Lindgren
Su 30/1 kl 14,
Su 6/2 kl 14, Su 13/2 kl 14 Síðustu sýningar
ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN
Fjölskyldusýning
THE MATCH, ÆFING Í PARADÍS, BOLTI
Í dag kl 14 - UPPSELT Síðasta sýning

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ
BELGÍSKA KONGÓ
e. Braga Ólafsson, Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki
Su 30/1 kl 20, Lau 5/2 kl 20 - UPPSELT,
Lau 12/2 kl 20, Su 13/2 kl 20
Sýningum lýkur í febrúar
AUSA eftir Lee Hall
Í samstarfi við LA. Lau 29/1 kl 20, Su 6/2 kl 20,
Fö 11/2 kl 20 Ath: Miðaverð kr. 1.500
SVIK
eftir Harold Pinter
Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA
Fö 4/2 kl 20, Su 13/2 kl 20
SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR
eftir Agnar Jón Egilsson. Í samstarfi við TÓBÍAS.
Fi 27/1 kl 20, Su 30/1 kl 20.
BOUGEZ PAS BOUGER
Frönsk - japönsk nýsirkussýning
Lau 29/1 kl 20 - kr. 2.100
Aðeins þessi eina sýning

Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna
- gildir ekki á barnasýningar

LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA
- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI -
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið
- kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga,
10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudaga
Miðasölusími 568 8000
midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

21 22 23 **24** 25 26 27

Mánudagur

LISTOPNANIR

☐ 20.00 Ungur listamaður frá Finnlandi, **Kenneth Bamberg**, opnar ljósmyndasýningu í Gallerí Tukt, Pósthússtræti 3-5. Sýningin ber heitið Farfuglar og fjallar um stöðu innflytjenda á Íslandi og Finnlandi.

FYRIRLESTRAR

☐ 12.30 Myndlistarmaðurinn **Páll Thayer** fjallar um vinnustofuna „Iceland inside out" í fyrirlestri sínum í Listaháskóla Íslands í Laugarnesi, stofu 24.

FRÁBÆR SKEMMTUN
SAMBÍÓIN
KRINGLAN



Epísk stórmynd sem fólk verður að sjá. Frá leikstjóranum Oliver Stone.
Sýnd kl. 6, 8 og 10 b.i. 14

★★★ SV - MBL
Ein vinsælasta myndin í USA í 4 vikur samfleytt.
Sýnd kl. 6, 8.15 og 10.30

Sýnd kl. 5.45 m/ísl. tali
Yfir 32.000 gestir
KRINGLAN 588 0800 www.sambioin.is

REGNBOGINN

Frá leikstjóra About Schmidt kemur ein athyglisverðasta mynd ársins.
★★★½ T.V Kvikmyndir.is
Hlaut tvenn Golden Globe verðlaun
Besta myndin
Besta handritið
Skyldu-áhorf fyrir bíófólk, ekki spurning!"
Sýnd kl. 5.20, 8 og 10.40

Tilnefnd til 5 Golden Globe verðlauna þ.á.m. besta mynd, leikstjóri og leikari í aðalhlutverki.
Einstök mynd um höfund hinnar sígildu sögu um Pétur Pan.
★★★ NMJ Kvikmyndir.com
★★★★ SV Mbl
„Ein snjallasta mynd ársins... Ógleymanleg... Ljúf kvikmyndaperla."
Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20

Sýnd kl. 6, 8 og 10

Sýnd kl. 6 og 8 b.i. 10

Sýnd kl. 10 b.i. 16

Dolby SDDS
SÍMI: 551 9000 www.regnboginn.is

LAUGARÁS BÍÓ 553 2075

Stórstjarnan Nicole Kidman var tilnefnd til Golden Globe verðlaunanna fyrir leik sinn í myndinni
Sýnd kl. 6, 8 og 10

Dómnefndarverðlaunin í Cannes
Valin besta erlenda myndin í Bretlandi
Myndin sem Quentin Tarantino elskar!
★★★★ HJ - MBL
★★★★ ÓÖH - DV
★★★★ Kvikmyndir.com
Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20 b.i. 16

Sýnd kl. 8 og 10.10 b.i. 16

Sýnd kl. 6 Ísl. tal

www.laugarasbio.is

■ KVIKMYNDIR

Portman í hefndarhug

Ofurframleiðandinn Joel Silver og Wachowski bræðurnir hafa ráðið Natalie Portman til að fara með aðalhlutverkið í myndinni V For Vendetta sem er byggð á samnefndri myndasögu Alans Moore.

Natalie Portman verður því heldur betur áberandi á þessu ári en hún verður í forgrunni lokamyndar Stjörnustríðsbálksins í vor auk þess sem hún sýnir stórleik í nýjustu mynd Mike Nichols, Closer, sem er væntanleg í kvikmyndahús á Íslandi.

Silver og Wachowski bræður gerðu Matrix-þríleikinn saman síðast og sá fyrrnefndi hefur tröllatrú á því hvernig bræðurnir nálgast þessa vinsælu myndasögu sem gerist í Bretlandi framtíðarinnar þar sem Portman verður óvæntur bandamaður dularfullra uppreisnarafla.

Tökur hefjast í Berlín í byrjun mars en ráðgert er að myndin komi fyrir sjónir almennings síðar á þessu ári. ■

V FOR VENDETTA Gengið sem færði okkur Matrix-þríleikinn ætlar að koma þessari myndasögu snillingsins Alan Moore á hvíta tjaldið.

Barneignir eru lausnin

Gwen Stefani, söngkona hljómsveitarinnar No Doubt, heldur að barneignir geti haldið henni niðri á jörðinni í poppbransanum. „Ég held að börn gætu haldið mér niðri á jörðinni, þau munu verða ástríða mín og koma í veg fyrir hvers konar hræðslu sem ég finn af og til fyrir. Ég vil hins vegar ekki draga mig í hlé og missa af útvarpsviðtölum og einnig missa þann hæfileika að geta talað um sjálfa mig tímunum saman. En ég bjóst heldur aldrei við því að ná svona langt. Stefani gaf út sína fyrstu sólóplötu, Love, Angel, Music, Baby í lok síðasta árs. ■

GWEN STEFANI Heldur að barneignir gætu haldið henni niðri á jörðinni í bilunninni sem poppbransinn er.

Viðurstyggileg plata

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

„Blúsinn eignaðist barn og nefndi það Rokk og ról," er fræg setning úr rokkbransanum sem lýsir þessari tónlistartegund hvað best. Blúskennt rokk sveita á borð við Guns N´ Roses hefur átt miklum vinsældum að fagna upp á síðkastið og fjölmargar nýjar hljómsveitir hafa sprottið upp og reynt fyrir sér í þessari tónlist. Árangurinn hefur verið mjög vafasamur á köflum þó að inni á milli séu sveitir sem kunna ágætlega til verka.

Hljómsveitin Saliva gefur sig út fyrir að vera í hópi þessara hljómsveita (reyndar lék Saliva rapprokk hér áður en skipti um stefnu í takt við tískustrauma) og söngvarinn, Josey Scott, syngur til dæmis um rokkstjörnulífernið og að rokkið muni aldrei deyja.

aliva á að vera einhvers konar Mötley Crüe nútímans en útkoman er vægast sagt skelfileg. Þessi diskur er búinn að fá að malla fram og aftur í spilaranum og er mér skapi næst að mölva hann í frumeindir, slík eru leiðindin.

Lagasmíðarnar eru óspennandi, textarnir hreint út sagt hlægilegir ("I dedicate my life to become a big rock star/ so I could buy a big rock 'n' roll car"), hljómurinn allt of mikið í takt við nu-metal og hentar þessari tónlist engan veginn svo að ekki sé nú minnst á blessaðan söngvarann, sem gæti hæglega drepið heilan her úr leiðindum, bæði með söng sínum og textagerð.

SALIVA

– Survival of the Sickest

NIÐURSTAÐA: Þessi diskur er búinn að fá að malla fram og aftur í spilaranum og er mér skapi næst að mölva hann í frumeindir. Söngvarinn færi létt með að drepa heilan her úr leiðindum. Ætti maður kannski að búast við einhverju öðru frá hljómsveit sem kallar sig Munnvatn?

Saliva hefði sennilega getað gert fína hluti í byrjun 10. áratugarins og tekið við hinum vafasama glamrokkkyndli af Mötley Crüe og farið alla leið.

En óþefurinn af þessu verki Saliva finnst langar leiðir og þessi plata er alveg viðurstyggilega leiðinleg. Ætti maður kannski að búast við einhverju öðru frá hljómsveit sem kallar sig Munnvatn?

Smári Jósepsson

FRÉTTIR AF FÓLKI

U2 munu taka þátt í að skemmta gestum Grammy-hátíðarinnar í febrúar. Aðrir tónlistarmenn sem hafa staðfest þátttöku eru **Alicia Keys, Tim McGraw og Green Day**. Hljómsveitin U2 fékk tvær tilnefningar til Grammy-verðlauna. Tilnefningarnar eru fyrir nýja lagið þeirra Vertigo og er önnur tilnefningin fyrir besta rokklagið. **Kanye West** fékk flestar tilnefningar eða alls tíu. Kynnir á hátíðinni verður leik- og söngkonan **Queen Latifah**.

Renee Zellweger hefur bæst í hóp þeirra sem munu kynna á næstu Óskarsverðlaunaafhendingu. Leikkonan vann Óskarsverðlaun í fyrra fyrir bestu leikkonu í aukahlutverki fyrir myndina Cold Mountain. Óskarsverðlaunahátíðin verður haldin þann 27. febrúar næstkomandi í Kodak Theatre í Hollywood.

Jennifer Lopez er alveg sama þó fólk kalli hana gælunöfnum. Hún segir að henni sé alveg sama hvort hún sé kölluð Jennifer, J-Lo eða Jenny. Hún segir það hafa verið blásið upp úr öllu valdi þegar hún var að grínast með að hún væri þreytt á J-Lo viðurnefninu. „Þið megið kalla mig J-Lo eða Jennifer eða Jenny, mér er alveg sama!" sagði hún.

LAGERÚTSALA
LUMEX SÍÐASTI DAGURINN
LAGERÚTSALAN FER FRAM Á LAGER OKKAR AFTAN VIÐ LUMEX BÚÐINA SKIPHOLTI 37, GENGIÐ INN FRÁ BOLHOLTI
OPIÐ Í DAG FRÁ 12 TIL 20
LUMEX

Keramik fyrir alla

Barnanámskeið

6 vikna námskeið fyrir 6-9 ára hefst laugardaginn 29. jan. kl. 11-13

Teikniæfingar og eigin mynstur máluð á keramik. Námskeiðsgjald kr. 8.500

Allt innifalið.

Keramik fyrir alla, sími 552 2882, Laugavegi 48b. Sjá lýsingu: www.keramik.is

Viðhaldsfrítt skiltakerfi fyrir fjölbýlishús

Breytingar prentaðar á venjulegan prentara!

www.merkismenn.is

BJÓÐUM EINNIG:
- Sandblástursfilmu
- Bílamerkingar
- Varúðar- og bannmiða

MERKISMENN Skiltagerð

Ármúla 36 • Sími: 544 2030

ENSKA ER OKKAR MÁL

Enskuskólinn

Enska fyrir börn 5-15 ára

Innritun hafin

Hringdu í síma 588 0303 • FAXAFENI 8 • www.enskuskolinn.is

Nú fara síðustu dagar útsölunnar hjá Föndru í hönd.

Föndur og vefnaðarvörurverslunin Föndra flutti fyrir ári síðan í nýtt og glæsilegt húsnæði að Dalvegi 18, Kópavogi og varð þá um leið stærsta föndurvöruverslun landsins. Þar kennir ýmisa grasa og óhætt að segja að flestir finni þar eitthvað við sitt hæfi t.d. vefnaðarvöru, ull til þæfingar, trévörur,kortavörur, myndaalbúm(scrapbooking), mósaík, málningarvörur ofl. Á útsölunni eru öll bútasaumsefni á 498.-kr./mtr., **25% afsláttur** af öllum korta og „scrapbooking"-vörum, **40% afsl.** af pappamassavörum, **25-50% afsláttur** af trévörum, veggfóðursborðar á 1490 kr. og margt fleira. Nú eru að hefjast námskeið í t.d. mósaík, scrapbooking, kortagerð, ullarþæfingu, rósamálun ofl. Nýjung hjá Föndru í námskeiðum, er ullarþæfingin, sem mörgum finnst afar spennandi handverk. Allar nánari upplýsingar um námskeið, sýnikennslur og netverslun má finna á heimasíðu Föndru, sem er www.fondra.is
Útsalan hófst í síðustu viku og hún stendur til laugardagsins 29.janúar.

Föndra

Dalvegi 18, er opin virka daga frá 10-18 og á laugardögum kl. 10-16.



VIÐ TÆKIÐ

Sjarmerandi karlrembusvíns saknað

ÞÓRDÍS LILJA GUNNARSDÓTTIR NÆR EKKI AÐ FYLLA Í TÓMARÚM ÚTHVERFAKÓNGSINS DOUGS HEFFERNAN

Þótt ég sé úthverfadrottning og Breiðhyltingur númer eitt, þá var það ekki fyrr en ástin bankaði á dyrnar að Queensdurgurinn Doug Heffernan fylgdi með amorsörvunum, næstum rakleiðis í hjartastað. Þetta vinalega karlrembusvín, mathákur og ofvaxni smástrákur var allt í einu kominn á hraðval fjarstýringarinnar, án þess að ég fengi rönd við reist. Hvers vegna hann höfðaði til mín má sennilega skrifast á úthverfastrákinn sem ruglaði reitum sínum við dísina sem ekkert átti uppáhalds í sjónvarpskassanum. Ekki að þeir séu vitund líkir í útliti né anda, en það var eitthvað fallegt við að sjá hvað fékk minn mann til að hlæja sig máttlausan, meðan ég smám saman komst að töfrum þáttarins; tilgerðarleysinu og þessu sammannlega streði sem fylgir lífsbaráttunni.

Það þurfti því ekki langa viðkynningu til að draga mig að Queens-kónginum þar sem hann lá ropandi uppi í rúmi eða klórandi sér í rassinum yfir morgunverðarborðinu. Náunginn var einfaldlega sjarmerandi í breyskleika sínum og kærkomin hvíld frá tilgerðarlegum sápuóperum og steríótýpískum persónum sjónvarpsþáttanna. Þarna var komin ólánleg feitabolla sem kunni ekki mannasiði upp á tíu og var klaufalegur þegar kom að rómantík, en átti samt svaða skutlu og mannvitsbrekku fyrir konu. Býst við að margar konur mundu af yfirborðsmennsku

hrista höfuðið í glóruleysi yfir mannvalinu, en þá erum við komin að merg málsins. Konur segjast nefnilega alltaf vilja sterka karaktera, harðduglega, gamaldags heimilisfeður og alvöru manneskjur í stað lýtalausra og óaðfinnanlegra stælgæja með sixpack og þykkt seðlaveski í armani-jakkanum.
En nú er Doug hættur og tómarúm, sem ég á erfitt með að fylla, hefur ruðst eins og gínandi svarthol inn í hjarta míns heittelskaða. Nú eru fimmtudagskvöldin hjóm eitt og lítil huggun í þættinum sem leysir Doug kallinn af hólmi.

20.20 *Fræðsla*

Taka tvö. Ásgrímur Sverrisson spjallar við Hilmar Oddsson um kvikmyndir sínar og hugmyndir sem liggja þar að baki.

22.30 *Bíó*

L.A. Without a Map. Rómantísk gamanmynd um Barböru sem er komin aftur heim eftir að hafa kynnst manni á ferðalagi sínu.

20.00 *Gaman*

Dead Like Me. George er eiginlega búin að venjast starfinu sínu en í kvöld er komið að því að meta störf hennar.

SJÓNVARPIÐ

14.15 HM í handbolta. Endursýndur verður leikur Íslendinga og Tékka. **15.45** Helgarsportið **16.10** Ensku mörkin **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Myndasafnið **18.01** Brandur lögga **18.09** Kóalabræður **18.19** Bú!

18.30 Vinkonur (2:26) (The Sleepover Club)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.00 Frasier Bandarísk gamanþáttaröð.
▶ **20.20 Taka tvö – Hilmar Oddsson (2:10)** Gestur að þessu sinni er Hilmar Oddsson. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
21.10 Lögreglustjórinn (The District III) Sakamálasyrpa um Jack Mannion, hinn skelegga lögreglustjóra í Washington, sem stendur í ströngu í baráttu við glæpalýð og við umbætur innan lögreglunnar.
22.00 Tíufréttir
22.20 Eldlínan (4:13) (Line of Fire) Bandarískur myndaflokkur um unga alríkislögreglukonu og baráttu hennar við glæpaforingja. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

23.05 Spaugstofan **23.30** Ensku mörkin **0.25** Kastljósið **0.45** Dagskrárlok

STÖÐ 2

6.58 Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey (e) **10.20** Ísland í bítið

12.00 Í fínu formi **12.15** Neighbours **12.40** Perfect Strangers **13.05** Auglýsingahlé Simma og Jóa (7:9) (e) **13.35** A Dog of Flanders **15.15** Last Comic Standing (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ísland í dag
19.35 Simpsons (Simpson-fjölskyldan)
20.00 The Block 2 (10:26)
20.45 Six Feet Under 4 (12:12) (Undir grænni torfu) Bönnuð börnum.
21.45 60 Minutes II
▶ **22.30 L.A. Without a Map** (Leitin að draumastúlkunni) Rómantísk gamanmynd. Barbara er komin aftur til Los Angeles eftir minnisstæða heimsókn til Englands. Þar kynntist hún Richard og heitar tilfinningar vöknuðu. Hann eltir hana til Los Angeles en gengur illa að finna dvalarstað Barböru, sem er skiljanlegt í ljósi þess að hann hefur ekki heimilsfang draumastúlkunnar. En með ástina að vopni eru honum allir vegir færir. Eða hvað? Aðalhlutverk: David Tennant, Vinessa Shaw, Steve Huison, Margo Stanley. 1998.

0.10 Las Vegas 2 (2:22) (e) **0.55** Navy NCIS (22:23) (e) **1.40** Shield (12:15) (e) (Stranglega bönnuð börnum) **2.25** Beat (Bönnuð börnum) **3.55** Fréttir og Ísland í dag **5.15** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SKJÁREINN

17.00 Þrumuskot – ensku mörkin **18.00** Sunnudagsþátturinn (e)

19.30 Yes, Dear (e) Systurnar Kim og Christine eru eins ólíkar og systur geta verið! Kim er haldin ógurlegri fullkomunarárátu en Christine hefur afslappaða viðhorf til lífsins.
▶ **20.00 Dead Like Me** Komið er að því að meta störf sálnahirðanna. Það er gert að næturlagi. Rube nær í sál mjólkurpóstsins hennar George.
21.00 Dragnet Dragnet fjallar um störf úrvalssveitar lögreglunnar í Los Angeles, rán- og morðdeildarinnar undir stjórn Joe Friday rannsóknarlögreglumanns.
21.50 The Handler Spennuþættir um aðgerðarsveit innan FBI sem þjálfar menn í að fara huldu höfði til þess að hafa uppi á harðsvíruðum glæpamönnum og uppræta hættuleg glæpagengi.
22.40 Blackburn – Bolton

0.40 Law & Order: SVU (e) **1.25** Þrumuskot – ensku mörkin (e) **2.15** Óstöðvandi tónlist

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 A Rumor of Angels **8.00** Thing You Can Tell Just by Looking at Her **10.00** Reversal of Fortune **12.00** MVP: Most Valuable Primate **14.00** A Rumor of Angels **16.00** Thing You Can Tell Just by Looking at Her **18.00** Reversal of Fortune **20.00** The North Hollywood Shoot-Out (Strangl. b. börnum) **22.00** The Commissioner (B. börnum) **0.00** Pendulum **2.00** Primary Suspect (Strangl. b. börnum) **4.00** The Commissioner (B. börnum)

OMEGA

14.30 T.D. Jakes **15.00** Kvöldljós **16.00** Blandað efni **18.00** Joyce Meyer **19.30** Í leit að vegi Drottins **20.00** Acts Full Gospel **20.30** Maríusystur **21.00** Um trúna og tilveruna **21.30** Joyce Meyer **22.00** Í leit að vegi Drottins **22.30** Joyce Meyer **23.00** Fréttir frá CBN **0.00** Kvöldljós **1.00** Næturjónvarp

AKSJÓN

7.15 Korter **18.15** Korter **19.15** Korter **20.15** Korter **20.30** Bravó **21.00** Níubíó **23.15** Korter

ERLENDAR STÖÐVAR

SKY NEWS

10.00 SKY News Today **13.00** News on the Hour **17.00** Live at Five **19.00** News on the Hour **19.30** SKY News **20.00** News on the Hour **21.00** Nine O'clock News **21.30** SKY News **22.00** SKY News at Ten **22.30** SKY News **23.00** News on the Hour **0.30** CBS News **1.00** News on the Hour **5.30** CBS News

CNN

8.00 Business International **9.00** Larry King **10.00** World News **10.30** World Sport **11.00** Business International **12.00** World News Asia **13.00** World News **13.30** World Report **14.00** World News Asia **15.00** World News **15.30** World Sport **16.00** Your World Today **19.30** World Business Today **20.00** World News Europe **20.30** World Business Today **21.00** World News Europe **21.30** Living Golf **22.00** Business International **23.00** Insight **23.30** World Sport **0.00** CNN Today **2.00** Larry King Live **3.00** Newsnight with Aaron Brown **4.00** Insight **4.30** World Report

EUROSPORT

2.00 Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open **12.00** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open **14.00** Rally: World Championship Monte Carlo Monaco **14.30** Snooker: Welsh Open Newport Wales **16.30** Football: Eurogoals **17.30** All sports: WATTS **18.00** Sumo: Kyushu Basho Japan **19.00** Fight Sport: Fight Club **21.30** Football: Eurogoals **22.30** News: Eurosportnews Report **22.45** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open **0.00** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open

BBC PRIME

7.15 The Story Makers **7.35** S Club 7: Viva S Club **8.00** Changing Rooms **8.30** Ready Steady Cook **9.15** Big Strong Boys **9.45** Trading Up **10.15** Cash in the Attic **10.45** The Weakest Link Special **11.30** Classic EastEnders **12.00** Classic EastEnders **12.30** Antiques Roadshow **13.00** English Express: Texts **13.20** Muzzy in Gondoland **13.25** Muzzy in Gondoland **13.30** Teletubbies **13.55** Tweenies **14.15** Bits & Bobs **14.30** Captain Abercromby **14.45** The Story Makers **15.05** S Club 7: Viva S Club **15.30** The Weakest Link Special **16.15** Big Strong Boys **16.45** Cash in the Attic **17.15** Ready Steady Cook **18.00** Diet Trials **18.30** EastEnders **19.00** New Tricks **20.30** Birthday Programme **21.00** Popcorn **22.00** Lenny Henry in Pieces **22.30** I'm Alan Partridge **23.00** Born and Bred **0.00** Supernatural Science **1.00** Century of Flight **2.00** Stephen Hawkings Universe **3.00** Make Or Break **3.30** Make Or Break **4.00** Follow Me **4.15** Follow Me **4.30** Kids English Zone

NATIONAL GEOGRAPHIC

16.00 Dragons of Namib **17.00** Battlefront: Gilbert Islands **17.30** Battlefront: Dunkirk **18.00** Egypt Detectives: Mystery of Tutankhamen's Treasure **18.30** Tales of the Living Dead: Thai Superburials **19.00** Totally Wild **19.30** Monkey Business **20.00** A Life With Bears **21.00** The Volcano That Blew the World Away **22.00** The Volcano That Blew the World Away **23.00** Battlefront: Fall of Poland **23.30** Battlefront: Bombing of Germany **0.00** Genius of the Vikings: Victims of Success **1.00** Explorations: Brain & Body – Commanding Nature

ANIMAL PLANET

16.00 The Planet's Funniest Animals **16.30** Amazing Animal Videos **17.00** Australia Uncovered **18.00** Monkey Business **18.30** Big Cat Diary **19.00** O'Shea's Big Adventure **20.00** Mad Mike and Mark **21.00** Emergency Vets **21.30** Hi-Tech Vets **22.00** Natural Comparisons **23.00** Pet Rescue **23.30** Breed All About It **0.00** Vets in Practice **0.30** Emergency Vets **1.00** O'Shea's Big Adventure **2.00** Mad Mike and Mark **3.00** Emergency Vets **3.30** Hi-Tech Vets **4.00** The Planet's Funniest Animals **4.30** Amazing Animal Videos

DISCOVERY

16.00 Hooked on Fishing **16.30** Rex Hunt Fishing Adventures **17.00** Unsolved History **18.00** Wheeler Dealers **18.30** A Bike is Born **19.00** Mythbusters **20.00** Changing Sexes **21.00** Trauma – Life in the ER **22.00** Body Rebuilders **23.00** Forensic Detectives **0.00** Weapons of War **1.00** Gladiators of World War II **2.00** Hooked on Fishing **2.30** Rex Hunt Fishing Adventures **3.00** Globe Trekker **4.00** Battle of the Beasts

MTV

9.00 Top 10 at Ten **10.00** Just See MTV **12.00** Newlyweds **12.30** Just See MTV **14.00** SpongeBob SquarePants **14.30** Wishlist **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** Exit Documentary **20.30** Jackass **21.00** Top 10 at Ten **22.00** MTV Mash **22.30** Pimp My Ride **23.00** The Rock Chart **0.00** Just See MTV

VH1

9.00 Then & Now **9.30** VH1 Classic **10.00** Tight Trousers Top 10 **11.00** Smells Like the 90s **11.30** So 80's **12.00** VH1 Hits **16.00** So 80's **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** Celine Dion Rise & Rise Of **21.00** Shania Twain Rise & Rise Of **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside

CARTOON NETWORK

7.00 Johnny Bravo **7.30** The Grim Adventures of Billy & Mandy **7.55** Courage the Cowardly Dog **8.20** Scooby-Doo **8.45** Spaced Out **9.10** Dexter's Laboratory **9.35** Johnny Bravo **10.00** The Addams Family **10.25** The Jetsons **10.50** The Flintstones **11.15** Looney Tunes **11.40** Tom and Jerry **12.05** Scooby-Doo **12.30** Spaced Out **12.55** Courage the Cowardly Dog

VIÐ MÆLUM MEÐ...

TAKA TVÖ

Sjónvarpið **kl. 20.20.**

Í síðasta þætti af Töku tvö var talað við Þráin Bertelsson.

Eins og skepnan deyr

Ásgrímur Sverrisson, kvikmyndagerðarmaður og ritstjóri Lands & sona, málgagns kvikmyndagerðarmanna, ræðir við íslenska kvikmyndaleikstjóra um myndir þeirra í þessum þætti.

Í þætti kvöldsins er rætt við Hilmar Oddsson, sem útskrifaðist í kvikmyndaleikstjórn frá Kvikmyndaháskólanum í München árið 1986. Sama ár frumsýndi hann fyrstu bíómynd sína, Eins og skepnan deyr. 1995 birtist önnur bíómynd hans, Tár úr steini, sem byggð er á ævi tónskáldsins Jóns Leifs. Þriðja mynd Hilmars er Sporlaust frá árinu 1998 og 2004 sendi hann frá sér kvikmyndina Kaldaljós, sem byggð er á skáldsögu Vigdísar Grímsdóttur. Meðal helstu annarra verka Hilmars eru sjónvarpsmyndirnar Öskubuska og maðurinn sem átti engar buxur, Sjóarinn, spákonan, blómasalinn, skóarinn, málarinn og Sveinn og Dagurinn í gær.

Hilmar sló í gegn á síðasta ári með kvikmyndinni Kaldaljósi, sem sópaði að sér verðlaunum.

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„Yeas! Whoo! All right! I, ROCK!! I ROCK.. so hard...“

Svar: Mojo Jojo úr kvikmyndinni The Powerpuff Girls frá árinu 2002.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

7.05 Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Af minnisstæðu fólki **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Stefnumót **11.03** Samfélagið í nærmynd

12.20 Hádegisfréttir **13.05** Í hosíló **14.03** Útvarpssagan, Tristan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

18.00 Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Nú, þá, þegar **21.00** Víðsjá **21.55** Orð kvöldsins

22.15 Úr tónlistarlífinu

RÁS 2 FM 90,1/99,9

7.05 Einn og hálfur með Magnúsi R. Einarssyni heldur áfram **7.30** Morgunvaktin **10.03** Brot úr degi **11.30** Íþróttaspjall

12.20 Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **18.00** Kvöldfréttir

18.26 Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **20.00** Útvarp Samfés **21.00** Konsert með Basement Jaxx **22.10** Hringir

0.10 Glefsur **1.03** Ljúfir næturtónar

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

ÚTVARP SAGA FM 99,4

6.00 Arnþrúður Karlsdóttir. **7.00** Gústaf Níelsson. **9.00** Ólafur Hannibalsson. **10.00** Arnþrúður Karlsdóttir - símatími. **11.00** Arnþrúður Karlsdóttir.

12.00 Smáauglýsingar. **13.00** Jóladagskrá - Jörundur Guðmundsson. **14.00** Gústaf Níelsson. **15.00** Þorgrímur Gestsson. **16.00** Viðskiptaþátturinn.

17.00 Arnþrúður Karlsdóttir **18.30** Fréttir **20.00** Ólafur Hannibalsson - endurflutningur **21.00** Arnþrúður Karlsdóttir - endurflutningur.

20.30

Íþróttir

Boltinn með Guðna Bergs. Guðni og Heimir Karlsson fjalla um Evrópuboltann og sýna mörk úr nýafstöðnum leikjum.

fÄ {¡¡2w¥2vă¥ æ§¨¥>2w}}{2x~æ}|s2 ¹~{¡@2XÉ~}¦tÄ~s¥2E@KBB2}¥É¡¨¥²¹2vsy2x¥¹2f¢¬¢§s2ks¥{¦2¨££2Å2]{s2_syw¡§{¦@
\w££s¥2H@KBB2}¥É¡¨¥²¹2vsy2x¥¹2f¢¬¢§s2ds©F2¨££2Å2f¢¬¢§s2^s¡v2U¥¨{¦w¥@2
[¡¡{xs~{Ā2Å2©w¥Ā{2w¥2É§s} s¥}sĀ¨¥2s}¦§¨¥2¢y2}s¦}É§¥¬yy{¡y@

SÝN

16.30 Íslenski popplistinn **17.00** Jing Jang **17.45** David Letterman

18.30 **US PGA Buick Invitational** Útsending frá síðasta keppnisdegi Buick Invitational sem er liður í bandarísku mótaröðinni í golfi.

20.30 **Boltinn með Guðna Bergs** Evróputboltinn frá ýmsum hliðum. Sýnd verða mörk úr fjölmörgum leikjum og umdeild atvik skoðuð í þaula.

22.00 **Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina en kapparnir eru Arnar Björnsson, Hörður Magnússon, Guðjón Guðmundsson og Þorsteinn Gunnarsson.

22.30 **David Letterman** Það er bara einn David Letterman og hann er konungur spjallþáttanna.

23.15 Boltinn með Guðna Bergs

POPP TÍVÍ

7.00 Jing Jang **7.40** Meiri músík **17.00** Jing Jang **18.00** 17 7 **19.00** Game TV (e) **19.30** Headliners (e) **20.00** Crank Yankers **20.30** Kenny vs. Spenny **21.00** Kenny vs. Spenny **21.30** Idol Extra **22.00** Fréttir **22.03** Jing Jang **22.40** The Man Show **23.10** Popworld 2004 **0.10** Meiri músík

13.20 Samurai Jack **13.45** Johnny Bravo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** Codename: Kids Next Door **15.00** Dexter's Laboratory **15.25** The Cramp Twins **15.50** The Powerpuff Girls **16.15** Megas XLR **16.40** Samurai Jack **17.05** Tom and Jerry **17.30** Scooby-Doo **17.55** The Flintstones **18.20** Looney Tunes **18.45** Wacky Races

FOX KIDS

7.15 Magic School Bus **7.40** Tiny Planets **7.50** Little Wizards **8.15** Three Little Ghosts **8.45** Sylvanian Families **9.10** Happy Ness **9.35** Bad Dog **9.50** Three Friends and Jerry I **10.05** Dennis **10.30** Life With Louie **10.55** Inspector Gadget **11.20** Gadget and Gadgetinis **11.45** Black Hole High **12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

MGM

7.15 Say Yes **8.45** Willy Milly **10.10** Bandido **11.40** Kings of the Sun **13.25** Caveman **14.55** The Man from Button Willow **16.15** Return from the Ashes **18.00** Square Dance **19.50** Some Kind of a Nut **21.20** Article 99 **23.00** Killer Klowns from Outer Space **0.25** Wisdom **2.15** Palais Royale **3.45** Run Silent, Run Deep

TCM

20.00 The Ice Pirates **21.35** Cool Breeze **23.15** Alfred the Great **1.15** Ringo and His Golden Pistol **2.45** The Good Earth

HALLMARK

8.00 Long Shot **9.45** Jim Henson's Jack And The Beanstalk **11.15** Early Edition **12.00** A Carol Christmas **13.45** The Hollywood Mom's Mystery **15.15** Long Shot **17.00** Jim Henson's Jack And The Beanstalk **18.30** Early Edition **19.30** Law & Order III **20.30** State of Mind **22.15** She's too Young

Ċ}©s¥Ās¡{¥2w¥¨2w¥x{Ās¥@2ā æ¥2w¥¨2s¨Ā©w~vs¥{2
Ăwys¥2 Ìy¨~w{}s¥¡{¥2w¥¨2ts¥s2D@

T¨vyw§2tÄ~s~w{ys L2D2©w¥Ā
w{¡xs~§2©s~@

Budget
Car Rental

T¨yw§2tÄ~s~w{ys>22eÄ {2GHD2HBHB>22V¨yy¨©¢y{2CB>22CBF2dw¬}|s©Å}>22ªªª@t¨vyw§@{¦
T¨vyw§2tÄ~s~w{ys2w¥²2wx§{¥xs¥s¡v{2¦§ÌĀ¨ 2¹2~s¡v{¡¨L22dw¬}|s©Å}>22]wx~s©Å}>22S}¨¥w¬¥{>22Wy{~¦¦§ÌĀ¨ >22dw¬Ās¥x{¥Ā{>22hw¦§ s¡¡sw¬|¨ >2
āÉ¥¦zÌx¡>2ā¢¥~¹}¦zÌx¡2¢y2Ts}}s@

HRÓSIÐ

Hrósið fær íslenska landsliðið í handbolta fyrir að vinna upp níu marka forskot Tékka og ná jafntefli gegn þeim í fyrsta leik sínum á heimsmeistaramótinu í handbolta í gær.

SÉRFRÆÐINGURINN

Íslenska handknattleiksliðið var í þrusugóðu formi árið 1986 og lék þar einn besta leik sinn á móti Dönum.

Valtað yfir Dani

„Ég held að sigurinn á Dönum 1986 á HM í Sviss sé eitthvað sem standi upp úr," segir íþróttafréttamaðurinn og handboltasérfræðingurinn Guðjón Guðmundsson þegar hann er spurður hvað standi upp úr í handboltasögu Íslendinga. „Ég man að það var jafntefli í hálfleik og það var tvísýnt um úrslit, en síðan valtaði liðið yfir Dani í síðari hálfleik. Ég held reyndar að þeir hafi sjálfir verið mest hissa á því hvernig leikurinn hafi þróast. Það var mjög undarleg tilfinning að vera á staðnum og fylgjast með þessu gerast."

Íslenska handboltaliðið þetta sumar er sögufrægt og var skipað miklum kempum.

„Þetta var stundum kallað draumaliðið. Þeir voru þarna allir, Alfreð, Stjáni Ara, Atli, Þorbergur og Einar Þorvarðarson í markinu. Og þarna var Þorbjörn Jensson sem var kallaður slátrarinn frá Reykjavík eftir þennan leik. Það festist á hann þetta nafn. Ég man líka að margir Íslendingar voru með okkur þarna og skemmtu sér konunglega. Það var fagnað langt fram á nótt og ég held að fæstir sem voru með okkur hafi sofið neitt."

Víst er að þessi leikur líður fáum úr minni, sem fylgdust með honum á sínum tíma.

„Þetta var líka mjög merkilegur leikur því Danir höfðu verið með sterkasta lið heims á þessum tíma og ætluðu sér stóra hluti á þessu móti. Það má líka segja að þessi keppni hafi markað tímamót fyrir okkur upp á framtíðina og fyrir liðið. Að sama skapi voru það vonbrigði á þessu móti að tapa með einu marki gegn Ungverjum sem spiluðu síðan í úrslitaleiknum á móti Júgóslavíu. Þannig að það má segja að við höfum verið hársbreidd frá því að fara alla leið þarna."

Reyndar eru fleiri leikir íslenska handboltaliðsins Guðjóni minnisstæðir. Hann nefnir til dæmis Ólympíuleikana í Barcelóna 1994 og HM í Svíþjóð 1993.

„Annars man ég alltaf best eftir landsleik Íslendinga og Dana '68 vegna þess að Íslendingar unnu þá í fyrsta sinn Dani, og líka vegna þess að ég var fermdur þennan dag og fór beint úr fermingunni til að horfa á leikinn."

GUÐJÓN GUÐMUNDSSON Sigur íslenska handboltaliðsins á Dönum 1986 líður honum seint úr minni.

VÉSTEINN VALGARÐSSON OG DAVÍÐ ARNAR RUNÓLFSSON Tveir af forsprökkum Hins íslenska tröllavinafélags, sem nú hefur verið stofnað.

HIÐ ÍSLENSKA TRÖLLAVINAFÉLAG: VAR STOFNAÐ MEÐ VIÐHÖFN Á FÖSTUDAGINN.

Tröllin eru fórnarlömb fordóma

Hið íslenska tröllavinafélag var stofnað með svolítilli viðhöfn á föstudagskvöldið. Stofnfundur var haldinn í Snarrót, sem er splunkuný félags- og þjónustumiðstöð grasrótarhreyfinga í Garðarstræti 2.

„Okkur þykja tröll ekki hafa notið sannmælis í orðræðu á Íslandi," segir Vésteinn Valgarðsson, einn af stofnendum félagsins. „Sjálfur er ég með þá kenningu að þau séu fórnarlömb fordóma. Þau hafi hreinlega lotið í lægra haldi í árekstri milli menningarheima."

Hann bendir á að í öllum þekktum heimildum um tröll eru þau sögð bæði vond og svikul, ljót í útliti og illa innrætt.

„En svo þegar maður stígur aðeins til baka og horfir á þetta úr fjarlægð þá sér maður að allar okkar heimildir um tröll eru komnar frá óvinum þeirra, þannig að þetta er mjög hlutdræg mynd sem við höfum fengið af þeim."

Fámennur undirbúningshópur hefur unnið að stofnun félagsins um nokkurt skeið, og Vésteinn átti svo sem ekki von á því að stofnfundurinn yrði mjög fjölmennur. En væntanlega fjölgar hratt í félaginu þegar fólk fer að átta sig á því misrétti sem tröll hafa mátt þola í frásögnum mannanna af þeim.

„Þetta verður félag tröllavina og annarra áhugamanna um tröll. Við stefnum að því að hafa nokkurs konar þorrablót núna á næstunni og byrjum í framhaldi af því að leggja drög að starfsemi starfsársins."

Starfsemin gæti orðið býsna fjölbreytt. Menning og þjóðfræði verður til umfjöllunar, skipulagðar verða ferðir til útlanda og svo verða einhverjar skemmtanir haldnar.

Hér á landi hefur reyndar um nokkurt skeið verið starfandi Drauga- og tröllaskoðunarfélag Evrópu, þar sem Bjarni Harðarson blaðamaður hefur verið í forystu. Vésteinn segist ekkert geta sagt um það, hvort Hið íslenska tröllavinafélag geti hugsað sér samvinnu af einhverju tagi við Drauga- og tröllaskoðunarfélagið.

„Ég trúi reyndar ekki á drauga," segir Vésteinn, en á hinn bóginn segist hann láta tröllin njóta vafans „þangað til annað kemur í ljós." ■

Sá frægasti í Hollandi til Íslands

Food & Fun-hátíð Icelandair verður haldin í febrúar og munu margir matreiðslumenn leika þar listir sínar. Eins og segir á heimasíðu hátíðarinnar er einn þeirra Ramon Beuk, frægasti sjónvarpskokkur í Hollandi. Daglega er hann með matreiðsluþætti í heimalandi sínu sem nefnast „Born 2 Cook" og þar matreiðir hann svokallaða fimm mínútna rétti.

Siggi Hall, einn skipuleggjenda hátíðarinnar, er mjög ánægður með Ramon. Hann segir hann færan kokk og ekki síst skemmtilegan karakter. Einnig segir hann að á hátíðinni verði Ramon í mjög góðum félagsskap heimsfrægra meistarakokka.

Hátíðin sem haldin er árlega fer fram dagana 16. – 20. febrúar og mun hún verða haldin með hefðbundnu sniði. Sex erlendir gestakokkar munu koma til landsins frá Norður-Ameríku og sex frá Evrópu. Þeir eru allir sérfræðingar á sínu sviði. Á milli þess sem þeir munu keppa sín á milli í kokkakeppni og matreiða úr íslenskum hráefnum, munu þeir útbúa matseðla á íslenskum veitingastöðum í Reykjavík.

Á vefsíðu hátíðarinnar segir einnig að aðalmarkmið hátíðarinnar sé að kynna færa íslenska sem og erlenda kokka fyrir heiminum. Einnig kemur þarna fram að markmið aðstandenda hátíðarinnar sé líka að kynna íslensk hráefni sem séu það sem geri íslenskan mat jafn ferskan og bragðmikinn og raunin er. ■



RAMON BEUK Er frægasti sjónvarpskokkurinn í Hollandi. Hann kemur hingað til lands og tekur þátt í Food and Fun-hátíðinni í febrúar.

1	2	3		4	5
6			■	7	
8		■	9		
	■	10			■
■	11	■	12		13
14			■	15	
16		■	17		
18				■	

Lárétt: **1** skaprauna, **6** garg, **7** í röð, **8** óreiða, **9** ábreiður, **10** blundur, **12** mjöll, **14** tvístig, **15** rykkorn, **16** hæð, **17** úruxi, **18** kjána.
Lóðrétt: **1** hryggð, **2** traust, **3** samtenging, **4** valdar, **5** hagnað, **9** skordýr, **11** efast ekki, **13** kindin, **14** stóra, **17** útgerðarfélag.
Lausn.

Lárétt: **1** storka, **6** org, **7** jk, **8** rú, **9** lök, **10** lúr, **12** snæ, **14** hik, **15** ar, **16** ás, **17** úri, **18** asna.
Lóðrétt: **1** sorg, **2** trú, **3** og, **4** kjörnar, **5** akk, **9** lús, **11** viss, **13** æðrin, **14** háa, **17** úa.

F2
Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga
FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir

Viva
Hotels & Resorts

Nú fá Íslendingar langþráðan aðgang að hinni margverðlaunuðu Viva-keðju sem býður að okkar mati langbestu gistimöguleikana á Mallorca. Gæðavottuð og umhverfisvæn – og loksins á rétta verðinu!

¡Viva Mallorca!

Á réttu verði í allt sumar

Viva BLUE - íbúðahótel ♀♀♀♀

2 vikur: 48.430,-*

Eitt af bestu Viva hótelunum á Mallorca. Falleg staðsetning í Alcudia nærri Albufeira þjóðgarðinum. Frábær sundlaugagarður og pottþéttar íbúðir.

Ef þú skráir þig í ferðaklúbb Mastercard gætirðu unnið fjölskylduferð til Mallorca!

- Móttaka og þjónusta 24klst
- Veitingastaður
- Stór sundlaugargarður
- Glæsileg íþróttaaðstaða
- Frábær aðstaða og dagskrá fyrir alla
- 200m frá strönd
- Gervihnattasjónvarp
- Eldhús, sími, svalir, öryggishólf
- Loftkæling
- Líkamsrækt

Viva SUNRISE - íbúðahótel ♀♀♀

2 vikur: 43.500,-*

Hagkvæmur kostur fyrir alla fjölskylduna: Góðar íbúðir, svalir og stór sundlaugargarður með barna- og íþróttaaðstöðu. Vel staðsett í Alcudia.

Þetta er bara sýnishorn af glæsilegu úrvali Viva-gistinga á Mallorca. Skoðaðu þig um á www.sumarferdir.is!

- Móttaka og þjónusta 24klst
- Veitingastaður
- Stór sundlaugargarður
- Íþróttaaðstaða með tennisvelli
- Frábær aðstaða og dagskrá fyrir alla
- 400m frá Playa Alcudia ströndinni
- Gervihnattasjónvarp fáanlegt
- Eldhús, sími, svalir, öryggishólf
- Loftkæling

* Verð á mann í tvær vikur m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2–11 ára), brottför 25. maí og bókun á sumarferdir.is. Verð m.v. 2 fullorðna á Viva Sunrise (stúdíóíbúð) í 2 vikur kr. 49.555,-
Innifalið: Flug, flugvallaskattar og íslensk fararstjórn. Símabókunargjald er 1.500,- pr. farþega.

Fíton/SIA

www.sumarferdir.is
575 1515 ▸ BÓKAÐU ALLAN SÓLARHRINGINN

SUMAR FERÐIR

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
Dreifing: 515 7520 **Auglýsinga- og markaðsdeild:** 550 5010 – fax 550 2727, auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Frumsýning 11. febrúar kl. 20 – UPPSELT
2. sýning 13. febrúar kl. 19 – FÁAR SÝNINGAR

Landsbankinn

Miðasala á netinu; www.opera.is
Netfang miðasölu; midasala@opera.is • Sími miðasölu: 511 4200

ÍSLENSKA ÓPERAN

BAKÞANKAR

ÞRÁINS BERTELSSONAR

Klónaðir ungliðar

Hugguleg eftirlaun eru hugsuð sem lausnargjald sem við, almennir skattgreiðendur, bjóðum útbrunnum stjórnmálamönnum fyrir að stíga til hliðar og hleypa nýjum mönnum með nýjar hugmyndir að stýrishjóli þjóðarskútunnar. Afdankaðir pólitíkusar eiga í fá hús að venda hér á landi, því að við höfum ekki lávarðadeild handa þeim að eyða ævikvöldinu, Seðlabankinn ber í hæsta lagi 3 eða 4 bankastjóra og utanríkisþjónustan rís ekki undir því að skaffa nema 15 notaleg sendiherrastörf í Reykjavík og önnur 15 í mismunandi notalegum útlöndum.

SKORTUR á hálaunaembættum með lítilli eða helst engri vinnuskyldu gerir það að verkum að stjórnmálamenn hanga á pólitískum völdum eins og hundar á beini. Æðstu menn landsins sem með æskuþrótti og harðfylgi brutust til valda fyrir áratugum síðan eru enn þá langt frá eftirlaunaaldri og krónprinsar stjórnmálanna eru orðnir gráir í vöngum og þykkir undir belti og krónprinessur hafa glatað æskuljóma og pólitískum meydómi.

NÝLIÐUN í stjórnmálum er mikið vandamál á Íslandi. Þær valdamaskínur sem framleiða stjórnmálamenn handa okkur og við köllum stjórnmálaflokka eru íhaldssömustu stofnanir norðan Alpafjalla. Helsti tilgangur þeirra er að þefa uppi nýstárlegar hugmyndir um þjóðfélagsmál og kæfa þær í vöggu, svo og að þjálfa ungt fólk í að telja sér elliæra framkomu og kenna ungliðum að apa málfar, klæðaburð og hugsunarhátt eftir eldri flokksmönnum.

ÞAÐ hefur ekkert upp á sig að kjósa á þing einhvern ungan afglapa sem í fasi og skoðunum reynir að líkjast og þóknast þeim sem þar eru fyrir, rétt eins og hann/hún hefði verið klónaður/uð af flokksmaskínunni. Góð eftirlaunakjör duga ekki til að laða ungt hæfileikafólk að vinnumarkaði stjórnmálanna. Hugmyndaauðgi sem ungt fólk sýnir í viðskiptalífi, menningu og skapandi störfum skilar sér ekki inn á Alþingi Íslendinga. Varla er það vegna þess að verðarvoð eftirlauna sé ekki nógu þykkt ofin.

SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN

Verð áður 2.615.000
Verð nú 2.340.000
Subaru Legacy Sedan beinskiptur

=275.000

króna gengishagnaður

Hagstætt gengi og góðar aðstæður gera okkur kleift að bjóða Subaru á stórlækkuðu verði. Nýttu þér einstakt tækifæri áður en gengið hækkar á ný. Öflug 2,0 lítra vélin og fullkomið fjórhjóladrif tryggja að þú kemst örugglega á leiðarenda og ekki spillir ríkulegur staðalbúnaður. Komdu og kynntu þér Subaru – og njóttu betra gengis!

LEGACY

Verð á mán:
27.108*

IMPREZA
Verð frá: 2.100.000 kr.
Verð á mán: 24.303 kr.*

OUTBACK
Verð frá: 3.540.000 kr.
Verð á mán: 40.974 kr.*

FORESTER
Verð frá: 2.430.000 kr.
Verð á mán: 28.123 kr.*

Ingvar Helgason, Hrísmýri 2a, 800 Selfossi, 482-3100
Bíla og búvélasalan, Eyrarlandi 1, 530 Hvammstanga, 451-2230
Bifreiðaverkstæðið Áki, Sæmundargötu 3, 550 Sauðárkróki, 453-5141
Bílar GS Sport, Holtsgötu 52, 260 Njarðvík, 421-8808
Bílaverkstæði Hjalta ehf, Dalbraut 2b, 300 Akranesi, 431-1376
Bílverk, Víkurbraut 4, 780 Höfn í Hornafirði, 478-1990
Bíley, Búðareyri 33, 730 Reyðarfjörður, 474-1453
Bílasala F.M.G., Sindragötu 3, 400 Ísafjörður, 456-4540
Bílasala BSV, Óseyri 5, 603 Akureyri, 461-2960

Í samstarfi við SP-FJÁRMÖGNUN hf

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 13:00–17:00

*Bílasamningur SP-FJÁRMÖGNUN með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

Fíton / SÍA

SPARI DAGAR
Gerðu góð kaup!

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

100 AEG ÞVOTTAVÉLAR
Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI!

Erum að rýma fyrir nýjum þvottavélum.
Íslenskt stjórnborð og vönduð íslensk notendahandbók.
Taumagn: 5,5 kg. Vinduhraði: 1400 snúningar á mínútu.
Nýttu þér þetta einstaka tækifæri að eignast AEG þvottavél.
Verð áður: 89.900,- kr. **Nú: 74.900,- kr.**

FYRSTIR KOMA – FYRSTIR FÁ!

RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

BRÆÐURNIR ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

GAMAN AÐ SJÁ YKKUR!
ORMSSON SMÁRALIND
www.ormsson.is